FRÉTTABLAÐIÐ

frettabladid.is

105. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR LAUGARDAGUR 29. MAÍ 2021

Ertu komin til að þrífa?

Fida Abu Libdeh flutti til Íslands frá Palestínu 16 ára gömul. Það var árið 1995 og ekki gert ráð fyrir mállausum unglingi í skólakerfinu. Eftir að hafa lært íslensku, lokið háskólanámi hér á landi og stofnað fyrirtæki, sem nú er metið á 700 milljónir króna, segist hún enn ekki vera álitin jöfn þeim sem fæddust hér hvítir á hörund. ➤ 22



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Líkamsárás, rán og yfirheyrslur

Karolis Kosys, vagnstjóri hjá Strætó, ók á mótorhjóli frá Litáen til Suður-Afríku og lenti í ýmsum hremmingum. ➤ 26



Frönsk klassík með íslensku ívafi

Aurore Pelier á sér draum um hágæða kökuverslun í Parísarstíl í miðbæ Reykjavíkur. ➤ 28



Möguleg álfabölvun

Jón Bjarki Magnússon og Hlín Ólafsdóttir þurftu ítrekað að fresta frumsýningu heimildarmyndar sinnar, Hálfur álfur. ➤ 20

GRÆJAÐU ÞIG FYRIR SUMARIÐ

Sumarvörurnar eru komnar í verslanir.



ELKO



Mikil rigning var í borginni í gær, hún er sögð minnka líkur á gróðureldum.

Vætusöm helgi í höfuðborginni

kristinnpall@frettabladid.is

VEÐUR „Það ætti að hafa lægt talsvert eftir miðnætti um leið og gula viðvörunin fellur úr gildi. Auðvitað fylgjumst við alltaf með stöðunni og þetta getur breyst því það bætir í úrkomu þegar líða tekur á daginn," segir Óli Þór Árnason, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, spurður hvort von sé á að gula viðvörunin sem var í gildi á Íslandi í gær teygi sig inn í helgina.

„Það er ekki hægt að útiloka að það verði gul viðvörun um helgina en það er ekki líklegt. Það þarf að bæta í vind til þess."

Óli segir að með úrkomunni minnki hættan á gróðureldum á ákveðnum svæðum. „Hættan er óðum að minnka en aðeins þar sem úrkoman er um helgina, á Suður- og Vesturlandinu, en hún er enn til staðar annars staðar." ■

Ljósleiðari í flýti



Menn og vélar í óðaönn að leggja nýjan ljósleiðara við Suðurstrandarveg. Framkvæmdum var flýtt til að koma ljósleiðaranum fyrir áður en hraun úr eldgosinu í Geldingadölum rennur yfir svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Festa verkferla fyrir minningarbekki

kristinnpall@frettabladid.is

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg hefur ákveðið að hefja vinnu að stöðluðu umsóknarformi fyrir einstaklinga sem óska eftir því að gefa borginni bekki til minningar um látna ástvini.

Með því ætti ferlið við að sækja um að fá að gefa slíka bekki verða einfaldara. Miðað er við að minningarbekkirnir fái sama viðhald og aðrir bekkir á vegum borgarinnar og er áætlaður líftími þeirra um tíu ár.

„Það hafa ekki margar umsóknir komið inn undanfarin ár," segir Þórólfur Jónsson, deildarstjóri náttúru og garða hjá Reykjavíkurborg. „Það hefur aldrei verið auglýst að þetta sé hægt heldur hvert mál fyrir sig tekið og leyst með viðkomandi aðila og það eru nokkrir bekkir til staðar í Reykjavík," segir hann.

„Maður sér oft svona bekki í borgum erlendis og veit að það eru einhverjir slíkir bekkir í öðrum sveitarfélögum á Íslandi þó að þetta sé ekki orðið að neinni hefð á Íslandi."



Einn minningarbekkur stendur við Sæbrautina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þórólfur segir það auðvelda ferlið að hafa skýrari verkferla. „Við reyndum að skoða verkferla í þessum málum frá öðrum borgum og þetta ætti að einfalda ferlið. Kannski fer umsóknunum að fjölga núna." ■



Listin tekur yfir bensínstöð

Aftur er að færast líf í verslunina við bensínstöð Olís undir Hamraborg sem lokað var um áramótin. Listagalleríið Y verður opnað þar um næstu helgi. Myndlistarmaðurinn Sigurður Atli Sigurðsson kveðst hafa heillast af arkitektúr Hamraborgar.

gar@frettabladid.is

MENNING „Þetta er ótrúlega áhugaverður arkitektúr og staður," segir myndlistarmaðurinn Sigurður Atli Sigurðsson, sem ásamt Olgu Lilju Ólafsdóttur stendur að listagalleríinu Y sem reka á næstu mánuði í gömlu bensínstöð Olís í bílakjallaranum í Hamraborg í Kópavogi.

Olga stóð meðal annars að stofnun Ásmundarsalar sem einkarekins sýningarsalar í gamla Listasafni ASÍ. Sigurður Atli segir það ekki síst hafa verið arkitektúr Benjamíns Magnússonar, sem teiknaði Hamraborgina, sem dró þau Olgu að staðnum.

Sjálfur kveðst Sigurður alltaf hafa haft áhuga á rýminu. Hamraborgin minni hann á Marseille þar sem hann dvaldi í fimm ár í mastersnámi. Arkitektúrinn sé í anda hins franska „cite" þar sem allt líf nútíma borgarmannsins er samþætt í eina byggingu. „Við lítum dálítið þannig á að við séum að taka upp þessa útópísku hugmyndafræði sem býr í arkitektúrnum, að geta boðið upp á myndlist í nærsamfélaginu," segir hann.

Þarna segir Sigurður einnig koma til sögunnar arkitektúr bensínstöðvarinnar sjálfrar sem hafi þrjár gluggahliðar, sem sé öfugt við hefðbundna listsýningarsali. Þetta þýði meðal annars að þótt aðeins verði opið inn í húsnæði tvo eftirmiðdaga í viku geti áhorfendur haldið áfram að njóta listaverkanna í galleríinu utan frá. „Þetta er mjög flott sýningarrými fyrir þrívíð verk og á þau verður fókusinn," segir hann.

Bensínstöð Olís undir Hamraborg var opnuð árið 1980. Verslunin var lokað um síðustu áramót en sölu á eldsneyti haldið áfram í sjálfsafgreiðslu undir merkjum ÓB. Húsnæðið hefur því staðið autt um skeið.



Sigðurður Atli Sigurðsson þar sem senn verður galleríið Y. Nafnið vísar bæði í gamla einkennisstafinn á bílum í Kópavogi og í gula litinn í CMYK-litakerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Það getur vel verið að við útfærum þessa hugmynd nánar með einhverjum hætti.




Jón Árni Ólafsson, sviðsstjóri smásölusviðs Olís.

Sigurður segist þakklátur Olís fyrir að hafa verið til í samstarfið. „Það er mjög skemmtilegt tvist að þarna verður áfram fólk að dæla bensíni og þetta verður samlífi samtíma myndlistargallerís og bensínstöðvar," segir hann.

Jón Árni Ólafsson, sviðsstjóri smásölusviðs Olís, segir um að ræða mjög ánægjulegt samstarfsverkefni.

„Við kolféllum fyrir hugmyndinni og viljum endilega prófa og sjá hvort þetta mælist ekki vel fyrir. Við erum mjög dugleg í ýmsum samfélagslegum verkefnum og fannst þetta vera mjög skemmtilegur vinkill á það. Það getur vel verið að við útfærum þessa hugmynd nánar með einhverjum hætti," segir Jón Árni.

Galleríið verður opnað eftir viku með sýningu á verkum Unu Bjargar Magnúsdóttur, sem fékk hvatningarverðlaun Íslensku myndlistarverðlaunanna. ■



ÍSLENSK JARÐARBER GLEÐILEGT SUMAR!

Þótt sumarið sé ekki alltaf mjög sumarlegt er hægt að bragða á sumrinu hvenær sem maður vill með glænýjum íslenskum jarðarberjum.

Það er fátt huggulegra en að koma inn eftir góða útiveru, hella upp á og reiða fram dýrindis vöfflur með rjóma og ferskum jarðarberjum.
Eigðu alltaf smá bragð af sumrinu í ísskápnum.

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

islenskt.is

Tölur vikunnar

900
manns hafa nýtt sér átakið Hefjum störf.

6
mánaða töf varð á dómsmáli vegna dómaraskorts.

70
prósent svarenda í könnun sjá fram á að fjölga starfsfólki á næstu þremur mánuðum.

5
þúsund krónur er andvirði nýrrar ferðagjafar stjórnvalda til landsmanna.

309
þúsund krónur eru lágmarkslaun flugmanna hjá Play samkvæmt kjarasamningi.

Þetta sögðu þau



Hannes Pétursson
rithöfundur

Græðgi útgerðarauðvaldsins er hemjulaus. Leigugjald af fiskveiðiauðlind þjóðarinnar er fyrir þeim óréttlátur, ef ekki lagalaus skattur. Veiðikóngarnir segja það ef til vill ekki bláköldum orðum, „en maður heyrir andardráttinn“ eins og þar stendur. ■



Katrín Kristjana Hjartardóttir
stjórnmálafræðingur

Stjórnendur þurfa að hætta að einblína á lífaldur starfsmanna og einblína mun fremur á vilja og áhuga eldra fólks til þess að vinna. Þannig er stuðlað að fjölbreyttara atvinnuumhverfi þar sem allur aldur, kyn og kynþættir mætast, með ólíka sýn og upplifun. Við búum vel hérlendis, en ekki nógu vel út frá samsetningu ólíkra hópa, enda okkar samfélag rótgróið og barnauppeldi oft eftir bókinni. ■



Kjartan Bjarni Björgvinsson
formaður Dómarafélagsins

Við umfjöllun um aukastörf dómara er brýnt að hafa í huga að enginn hópur einstaklinga á íslenskum vinnumarkaði býr við eins strangar takmarkanir á því að taka að sér aukastörf og dómarar. Dómarar geta ekki tekið að sér slík störf nema afla fyrirfram leyfis eftirlitsnefndar um dómarastörf. Sú nefnd hefur að vísu veitt þá undanþágu að slíkt leyfi þurfi ekki til kennslustarfa í takmörkuðum mæli. ■

Formaður segir laun flugmanna hjá Play fyrir neðan allar hellur

Formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna vill að opinberir eftirlitsaðilar kanni lögmæti samninga Play við Íslenska flugstéttafélagið. „Þetta eru bara félagsleg undirboð og ekkert annað – alveg í sinni tærustu mynd,“ segir Jón Þór Þorvaldsson.

gar@frettabladid.is



Jón Þór Þorvaldsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, gagnrýnir Play-samningana harðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

KJARAMÁL „Að bjóða fólki upp á þetta í óreglulegri vaktavinnu er náttúrlega fyrir neðan allar hellur,“ segir Jón Þór Þorvaldsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA), um samninga Íslenska flugstéttafélagsins (ÍFF) og flugfélagsins Play um kjör flugmanna.

Jón Þór kveðst hafa séð samninga Play og Íslenska flugstéttafélagsins hvað flugmenn snertir og segir taxtana þar langt undir öllum launum.

„Það er enginn maður á Íslandi sem er að vinna fyrir 309 þúsund krónur á mánuði í óreglulegri vaktavinnu. Það þarf ekkert að miða það við flugmenn, það er bara hvergi borgað svona illa,“ segir formaður FÍA, sem vísar í launatöflu flugmanna hjá Play þar sem laun byrjenda eru 309 þúsund krónur.

„Auðvitað hlýtur að þurfa að skoða það hvort þetta sé hreinlega löglegt,“ svarar Jón Þór aðspurður hver hann telji áhrif samninga Play og Íslenska flugstéttafélagsins vera á stétt íslenskra atvinnuflugmanna.

„Hver gaf umboð sitt til samningsgerðar? Voru það flugmenn eða flugfreyjur? Voru það flugvirkjar? Hver var þá kosinn til þess að vera í forsvari? Og ef þannig hefur verið staðið að því; hverjir kusu þá um samninginn?“

Jón Þór ítrekar að ekki þurfi að horfa sérstaklega á flugmenn varðandi samninga Play og ÍFF.

> **Ef opinberir eftirlitsaðilar standa ekki undir sínu lögbundna hlutverki má fara að spyrja sig að því til hvers þeir séu hreinlega.**
>
> Jón Þór Þorvaldsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

„Þú gætir kannski séð svona taxta fyrir ófaglært fólk í dagvinnu eingöngu en þú gætir aldrei séð þetta fyrir ófaglært fólk til dæmis í vaktavinnu, hvað þá óreglulegri vaktavinnu, og alls ekki fyrir faglært fólk sem er með 15 milljóna króna nám á bakinu,“ segir formaður FÍA.

Aðspurður hvað FÍA geti gert fyrir sitt leyti segir Jón Þór félagið geta boðið flugmönnum aðild að félaginu. „Þá myndi FÍA sem stéttarfélag geta boðist til þess að ganga til samninga við Play fyrir hönd þeirra sem það mundu vilja og boðið fram aðstoð okkar þannig,“ útskýrir hann.

Sem fyrr segir dregur Jón Þór lögmæti samninga Play og ÍFF í efa en kveður það ekki beint í verkahring FÍA að gera gangskör í að fá úr því skorið. Það hlutverk hafi opinberir eftirlitsaðilar, eins og til dæmis Vinnumálastofnun og félagsmálaráðuneytið.

„Við erum með kjörna fulltrúa sem eru í þessum hlutverkum og hluti af okkar skattfé fer í að reka þessar stofnanir. Ef opinberir eftirlitsaðilar standa ekki undir sínu lögbundna hlutverki þá má fara að spyrja sig að því til hvers þeir séu hreinlega. Það er nákvæmlega þetta sem þessir eftirlitsaðilar eiga að ganga úr skugga um og standa vörð um. Þetta eru bara félagsleg undirboð og ekkert annað – alveg í sinni tærustu mynd,“ undirstrikar Jón Þór. Skoða eigi málið í víðara samhengi.

„Það má skoða hverjir eru á hinum endanum í öllum þessum málum sem hafa verið að koma upp í íslenskri flugstétt. Þá má nefna Blákugl og þetta dæmi. Af hverju eru það Samtök atvinnulífsins sem standa á bak við þetta? Eru þau ekki hluti af þessum stóru Lífskjarasamningum á vinnumarkaðnum? Er alveg sama hvernig aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins haga sér?“ spyr formaður FÍA. ■





Úrslit ráðast í Skólahreysti í kvöld þegar 12 grunnskólar keppa til sigurs í Laugardalshöll. Úrslitaskólarnir eru Akurskóli, Áslandsskóli, Dalvíkurskóli, Flóaskóli, Gr. Austan Vatna, Gr. Bolungarvíkur, Gr. Hellu, Heiðarskóli, Holtaskóli, Laugalækjarskóli, Lindaskóli og Varmahlíðarskóli.

Fylgstu með keppninni í beinni útsendingu á **RÚV kl. 19.45.**

/skolahreysti #skolahreysti

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skólahreysti er í boði Landsbankans



Guðlaugur Þór sækist eftir forystu í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kvartað undan tveimur flokkum

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hafa borist tvær kvartanir vegna óumbeðinna fjarskipta stjórnmálaflokka nú í aðdraganda kosninga. Þetta kemur fram í svari PFS við fyrirspurn blaðsins. Báðar kvartanir eru í vinnuferli hjá stofnuninni.

Kvartanirnar beinast annars vegar að Sósíalistaflokki Íslands og hins vegar að Sjálfstæðisflokknum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lýtur kvörtun undan Sjálfstæðisflokknum að úthringingum fyrir Guðlaug Þór Þórðarson, en sá sem kvartaði kvaðst vera bannmerktur í símaskrá. Maki viðkomandi hafði einnig fengið símtal þrátt fyrir að vera ekki skráður í flokkinn, að því er fram kemur í kvörtuninni.

> Á undanförnum árum hefur Persónuvernd átt fundi með flokkunum og sinnt frumkvæðiseftirliti um vinnslu persónuupplýsinga í aðdraganda kosninga

PFS hefur ekki sent stjórnmálaflokkunum leiðbeiningar um notkun símanúmera í kosningabaráttu en vísar til vefsíðu sinnar um leiðbeiningar um óumbeðin fjarskipti og beina markaðssetningu.

Engin kvörtun hefur borist Persónuvernd í aðdraganda kosninga, að sögn Helgu Þórisdóttur forstjóra. Aðspurð hvort og hvaða leiðbeiningar flokkarnir hafi fengið um notkun félagatals og símanúmera segir Helga Persónuvernd þrívegis hafa fundað með fulltrúum og framkvæmdastjórum stjórnmálaflokkanna undanfarin ár, þar sem almennar leiðbeiningar hafa verið veittar um vinnslu persónuupplýsinga. Þá bendir hún á álit stofnunarinnar frá 5. mars 2020 um notkun stjórnmálasamtaka á samfélagsmiðlum fyrir kosningar til Alþingis. ■

Mannréttindanefnd telur ríkið hafa brotið gegn dómþola í mansalsmáli

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur í annað skipti birt álit um brot ríkisins gegn samningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Fyrst var það kvótakerfið en nú dómþoli í mansalsmáli.

adalheidur@frettabladid.is



Mansalsmálið var umfangsmikið og vakti bæði athygli og mikinn óhug þegar það kom upp árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

DÓMSMÁL Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur birt álit þess efnis að íslenska ríkið hafi brotið gegn samningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi með því að vista einstakling í einangrun í 32 daga árið 2009 án þess að gefa nægilegar ástæður fyrir nauðsyn slíkrar vistunar.

Kærandi málsins, litáískur ríkisborgari, var ásamt fjórum öðrum einstaklingum dæmdur til fangelsisvistar fyrir mansal árið 2010. Hann fékk fjögurra ára dóm.

Málið vakti mikla athygli á sínum tíma. Brotaþolinn kom til landsins með flugvél frá Varsjá í Póllandi. Áður en vélin lenti var lögreglu gert viðvart um konu sem lét ófriðlega í vélinni. Hún var flutt á sjúkrahús við komuna til landsins og þaðan á lögreglustöð. Þrír menn frá Litáen biðu hennar í Leifsstöð og vitjuðu hennar einnig á Landspítalanum og á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Konunni var komið fyrir í húsnæði á vegum félagsþjónustunnar á Suðurnesjum, þaðan sem hún hvarf daginn eftir. Hún kom svo í leitirnar eftir að lýst var eftir henni og var þá á hótelherbergi sem kærandinn í því máli sem hér um ræðir hafði tekið á leigu. Í millitíðinni höfðu dómfelldu geymt hana í íbúð í Hafnarfirði.

Kærandinn var dæmdur í fjögurra ára fangelsi í Hæstarétti. Sannað þótti að hann hefði haft afskipti af konunni mun fyrr en hann hélt sjálfur fram. Hann hefði sótt hana í íbúð félagsþjónustunnar í Keflavík og „prófað hana“ í íbúðinni í Hafnarfirði áður en hann leigði hótelherbergið þar sem konan fannst.

Í áliti nefndarinnar, sem birt var á vef mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna í mars síðastliðnum, kemur fram að kærandinn freistaði þess fyrst að vísa kæru sinni til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var málinu vísað frá og leitaði hann því til nefndarinnar.

Í kvörtun sinni segist kærandinn hafa flutt til Íslands frá Litáen árið 2007 og hafa eignast hér vini frá heimalandi sínu. Hann hafi hvorki orðið var við neina ólöglega háttsemi vina sinna né hafi hann sjálfur verið í slíkri háttsemi. Í október 2009 hafi vinur hans kynnt kærustu sína fyrir honum. Hún væri í húsnæðishrakningum og hann hafi verið beðinn um að hjálpa henni. Hann hafi leigt fyrir hana hótelherbergi, gefið henni mat og peninga. Viku síðar hafi hann séð í fjölmiðlum að lögreglan leitaði hans og hafi hann strax gefið sig fram við lögreglu.

> Lagaákvæði og viðmið um einangrunarvist hafa tekið nokkrum breytingum frá því umrætt mál var til rannsóknar.


Þann sama dag hafi hann verið færður fyrir dómara og úrskurðaður til einangrunarvistar, fyrst í þrjá daga sem svo var framlengd á vikufresti til 11. nóvember á þeim grundvelli að hann væri grunaður um þátttöku í mansali og gæti spillt sönnunargögnum eða haft áhrif á vitnisburði annarra sætti hann ekki einangrun. Þann 11. nóvember hafi héraðsdómur framlengt einangrunarvist um þrjár vikur en þann úrskurð hafi Hæstiréttur fellt úr gildi á þeim forsendum að ekki væru lengur löglegar forsendur fyrir einangrunarvist. Var hann þá leystur úr einangrun en sætti áfram gæsluvarðhaldi. Kærandinn hélt því fram í kvörtun sinni að brotið hefði verið gegn 9. grein samningsins um rétt hans til frelsis og mannhelgi.

Vísað er til fjölda annarra meintra brota gegn samningnum í kvörtun mannsins. Hann hafi mátt þola mismunun á grundvelli þjóðernis, meðferð yfirvalda á honum hafi verið innblásin af umfjöllun fjölmiðla. Aðstæður í einangrunarvistinni hafi verið hörmulegar en stóran hluta hennar hafi kærandinn verið vistaður á lögreglustöðinni í Keflavík við þröngan kost. Nefndin taldi málsvörn ríkisins trúverðuga um þessi atriði og vísaði þeim frá.

Að mati nefndarinnar fól einangrunarvist kærandans hins vegar í sér tvíþætt brot gegn umræddu ákvæði samningsins. Annars vegar hafi lengd einangrunarvistarinnar farið fram úr því hámarki sem lög leyfðu á þeim tíma sem málið var til rannsóknar. Hins vegar hafi ekki verið færð nánari rök fyrir því í úrskurðum um einangrun, hvers vegna svo þungbær ráðstöfun gæti talist nauðsynleg, umfram tilvísanir til ákvæða í lögum um meðferð sakamála. Með þessum rökum taldi nefndin ríkið hafa verið brotlegt gagnvart kærandanum.

Í álitinu er minnt á skyldu ríkisins til að bæta brot á réttindum sem einstaklingum eru tryggð samkvæmt samningnum. Er ríkinu gert að upplýsa nefndina innan sex mánaða um hvernig brugðist verður við því.

Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu hefur álitið verið móttekið og er þar til skoðunar. Þetta mun aðeins vera í annað skiptið sem nefndin gefur álit um brot íslenska ríkisins á réttindum einstaklinga samkvæmt samningnum. Fyrra álitið er frá árinu 2008 en í því var talið að íslenska fiskveiðistjórnkerfið stangaðist á við jafnræðisreglu samningsins. ■



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Við erum að koma til þín!

Samtal um atvinnulífið, tækifæri og veginn framundan

Samtök atvinnulífsins bjóða félagsmönnum hringinn í kringum landið á súpufundi.



Dagskrá

1. júní	- Reykjanesbær	kl. 12–13:30
2. júní	- Ísafjörður	kl. 12–13:30
3. júní	- Selfoss	kl. 12–13:30
7. júní	- Vestmannaeyjar	kl. 12–13:30
8. júní	- Siglufjörður	kl. 12–13:30
8. júní	- Akureyri	kl. 16–17:30
9. júní	- Eskifjörður	kl. 12–13:30
9. júní	- Egilsstaðir	kl. 16–17:30
11. júní	- Höfn	kl. 12–13:30

Fleiri áfangastöðum verður bætt við eftir því sem fram líður.
Hringferðinni lýkur á ársfundi Samtaka atvinnulífsins í sumarlok.

Samtök atvinnulífsins - Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Upplýsingar í síma 591 0000 eða sa@sa.is



Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Vill allsherjarátak gegn veggjakroti

arib@frettabladid.is

REYKJAVÍK Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt það til við skipulagsráð að ráðist verði í allsherjarátak við að hreinsa og sporna við veggjakroti í Reykjavík. Málinu var frestað á fundi ráðsins í vikunni en Marta er vongóð um að það verði afgreitt. „Þetta er úti um allt, alvarleg eignarspjöll. Við sjáum að íbúar á Hjarðarhaga hafa varla undan að mála bílskúrana sína," segir Marta.

Hún vill að ráðist verði í þríþættar aðgerðir. Í fyrsta lagi að ráðist verði í að mála. „Síðan þarf að auka fræðslu og vitund í skólum og frístundamiðstöðvum til að krakkar skilji hvaða afleiðingar þetta hefur," segir Marta. „Í þriðja lagi væri hægt að útvega veggi þar sem er heimilt að spreyja til að þau geti fengið útrás. Ef við tökum saman höndum þá munum við sjá mikinn árangur." ■

Styrkir veittir til barnamenningar

birnadrofn@frettabladid.is

MENNING Alls fengu 37 verkefni styrk úr Barnamenningarsjóði Íslands í gær þegar Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, tilkynntu um úthlutanir úr sjóðnum í Hörpu í gær.

Heildarfjárhæð styrkjanna nemur 90 milljónum króna og alls bárust 113 umsóknir. Þetta er í þriðja sinn sem úthlutað er úr sjóðnum sem ætlað er að fjármagna og styðja við fjölbreytta starfsemi á sviði barnamenningar.

Fjárhæðir styrkjanna voru 300 þúsund krónur til sjö milljóna. Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík hlaut hæsta styrkinn, til verkefnisins Stelpur filma á landsbyggðinni. ■

Mun færri hafa kosið utan kjörfundar en í fyrra

kristinnhaukur@frettabladid.is

KOSNINGAR Átján hafa kosið utan kjörfundar í Austur-Húnavatnssýslu og 17 í Suður-Þingeyjarsýslu í tveimur sameiningarkosningum sem fram fara um næstu helgi. Tæplega 1.900 manns búa í þeim fjórum húnvetnsku sveitarfélögum sem kosið er í en 1.300 í þeim tveimur þingeysku og því hlutfallið hærra í Þingeyjarsýslu.

Kristín Guðjónsdóttir, starfsmaður hjá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra, segir atkvæðagreiðsluna hafa gengið vel en kjörsóknin sé framan af ívið minni en í öðrum kosningum. „Ég held að það sé líklegra að fólk mæti frekar á kjörstað," segir hún. Í forsetakosningunum í fyrra ákváðu margir að kjósa utan kjörfundar, að öllum líkindum vegna faraldursins. Utankjörfundaratkvæði voru um helmingi fleiri en í fyrri kosningum. Þetta virðist ekki ætla að verða raunin í ár ef marka má kjörsókn í kosningunum tveimur.



Arnór Benónýsson oddviti.

Laugardaginn 5. júní verður kosið í Blönduósbæ, Húnavatnshreppi, Skagaströnd og Skagahreppi annars vegar og Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi hins vegar. Verði sameiningarnar samþykktar taka þær gildi við næstu sveitarstjórnarkosningar, árið 2022.

Arnór Benónýsson, oddviti í Þingeyjarsveit, segir mikið talað um kosningarnar í sveitinni. „Þetta er breyting og það hreyfir við fólki," segir Arnór. Erfitt sé þó að spá um hvernig kosningin fari. „Ég held að þetta sé fiftí-fiftí. Aðalatriðið er að fólk mæti á kjörstað," bætir Arnór við. ■

Fleiri sveitarfélög hyggjast bjóða upp á ókeypis tíðavörur í grunnskólum

Nokkur sveitarfélög hafa ákveðið að hafa tíðavörur ókeypis í grunnskólum og félagsmiðstöðvum. Þingmaður Pírata óttast að misræmi verði milli sveitarfélaga. Ráðherra hefur rætt við skólameistara og mun ræða við sveitarfélög um málið.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Ísafjarðarbær og Skagafjörður hafa bæst í hóp þeirra sveitarfélaga sem hyggjast bjóða upp á ókeypis tíðavörur í öllum grunnskólum og félagsmiðstöðvum í haust. Það er, dömubindi og túrtappa. Í mars ákvað borgarstjórn Reykjavíkur að bjóða upp á slíkt hið sama. Í fleiri sveitarfélögum, eins og Hafnarfirði og Múlaþingi, er það til skoðunar að gera tíðavörur gjaldfrjálsar í skólum.

Umræða um kostnað við tíðavörur í samhengi við jafnrétti kynjanna hefur verið hávær undanfarin ár. Meðal annars var virðisaukaskattur á tíðavörur og getnaðarvarnir, hinn svokallaði bleiki skattur, lækkaður úr 24 prósentum í 11 árið 2019.

Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Pírata en þá óháður, lagði fram breytingartillögu við fjárlög í desember þar sem 280 milljónir króna yrðu eyrnamerktar ókeypis tíðavörum fyrir nemendur og tekjulága. Tillagan var felld með 27 atkvæðum stjórnarflokkanna gegn 26.

Andrés segir það að sveitarfélögin séu að taka við sér eitt af öðru jákvæða þróun. Hætta sé þó á misræmi. „Við þurfum að passa upp á að tíðavörur verði ókeypis í öllum grunnskólum og öllum framhaldsskólum. Allir verða að sitja við sama borð," segir hann.



Umræða um kostnað við tíðavörur í samhengi við jafnrétti hefur verið hávær undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við þurfum að passa upp á að tíðavörur verði ókeypis í öllum grunnskólum og öllum framhaldsskólum.



Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Pírata.

Hvað framhaldsskólana varðar stendur nú yfir könnun á því innan menntamálaráðuneytisins hvaða skólar bjóði upp á ókeypis tíðavörur. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra lýsti því yfir í pontu á Alþingi að sanngjarnt væri að tíðavörur væru gjaldfrjálsar í skólakerfinu, þó hún hafi kosið gegn tillögu Andrésar eins og aðrir ráðherrar.

„Unnið er að því að tíðavörur verði aðgengilegar og gjaldfrjálsar fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum," segir í svari menntamálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins. Kemur fram að ráðherra hafi rætt um þetta málefni á samráðsfundum með skólameisturum og sent þeim bréf með hvatningu í marsmánuði. Hafi erindið fengið góð viðbrögð frá þeim.

„Rekstur grunnskóla er á forræði sveitarfélaga og er ráðgert að mál er varða aðgengi að tíðavörum í grunnskólum verði tekið upp á samráðsfundum ráðuneytisins og fulltrúa sveitarfélaganna á næstunni," segir í svarinu.

Þó að skriður virðist kominn á málið í skólakerfinu hefur það sama ekki gerst hvað varðar lágtekjufólk. Samkvæmt tillögu Andrésar hefðu tíðavörur orðið gjaldfrjálsar fyrir þann hóp, annaðhvort á heilsugæslustöðvum eða hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna. „Það hefur enn ekki verið unnið neitt gegn því sem hefur verið kallað tíðafátækt. Sumt fólk hefur einfaldlega ekki efni á þessum nauðsynjavörum," segir Andrés. „Næsta skref er að vekja fólk til umhugsunar um þetta." ■



Úttektin var gerð að kröfu foreldra

arib@frettabladid.is

REYKJAVÍK Úttekt verkfræðistofunnar Eflu á Fossvogsskóla var gerð að eindreginni kröfu foreldra. Yfirlýsingar Reykjavíkurborgar og mat Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í tengslum við húsnæði Fossvogsskóla voru byggðar á upplýsingum sem lágu fyrir á þeim tíma. Borgin fullyrti í yfirlýsingu í desember að búið væri að koma í veg fyrir rakavandamál í húsnæðinu. Samkvæmt úttekt verkfræðistofunnar Eflu, sem kom út í vikunni, höfðu fyrri framkvæmdir á vegum Verkís ekki skilað tilætluðum árangri. Verður húsnæðið allt gert upp á næstu mánuðum.

Þá taldi borgin í desember að ekki væri forsvaranlegt að ráða aðra verkfræðistofu til verks sem bæði Mannvit og Verkís höfðu þegar unnið. „Í byrjun árs 2021 fara svo að berast tilkynningar um áframhaldandi einkenni hjá nemendum. Þá komu fram eindregnar óskir foreldra um að fá verkfræðistofuna Eflu til að taka út verkið. Við því var orðið," segir í svari borgarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins.



Enn rakaummerki og rakaskemmdir í Fossvogsskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur kallað eftir skoðun á vinnubrögðum Heilbrigðiseftirlitsins sem hafi gefið húsnæðinu góða einkunn.

Á fundi með skólaráði skólans í september var það mat eftirlitsins að ekkert gæfi tilefni til að ætla að skólinn hefði verið mengaður og líklega kæmi ekkert út úr sýnatöku. Þá væri annað sem þyrfti að skoða áður en hægt væri að segja með vissu að börn yrðu veik í húsnæðinu. „Hér sé um að ræða börn sem eiga við vandamál að stríða sem skoða þurfi sérstaklega," segir í fundargerðinni.

Í svari Heilbrigðiseftirlitsins við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að húsnæðið hafi virst vera í lagi, matið byggi á sjónskoðun og því að framkvæmdaraðilar töldu að þeir hefðu upprætt vandann. Í svari við því hvort eftirlitið muni bregðast við á sama hátt komi sambærilegt mál upp segir að framkvæmdar séu ítarlegar og lögbundnar skoðanir á húsnæði, aðbúnaði og fleiru. „Athugasemdir og kröfur eru gerðar ef þörf þykir. Það er síðan rekstraraðilans að fara eftir ábendingum." ■



Rafmögnuð hönnun.
Frábær bíll verður enn betri.

Byltingin heldur áfram. Tæknilega fullkominn Hyundai Tucson Plug-in Hybrid setur ný viðmið í hagkvæmni, þægindum og glæsilegri hönnun. Tucson er hlaðinn spennandi tækni og sjaldan hefur boðist jafn vel búinn og glæsilegur borgarjeppi á jafn hagstæðu verði. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu.

Hyundai Tucson PHEV. Verð frá: 5.790.000 kr.

Skoðaðu nýjan Tucson á hyundai.is.

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

7 ÁRA ÁBYRGÐ
FRAMTÍÐIN ER ÖRUGG

8 ÁRA RAFHLÖÐU
ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM006061

Atvinnumál í faraldrinum brotin til mergjar

thorgrimur@frettabladid.is

ATVINNUMÁL „Við teljum að tillögurnar sem við lögðum fram gætu hjálpað til við að bregðast við áskorunum sem skapast hafa á vinnumarkaðinum.“ Þetta sagði Róbert Farestveit, sviðsstjóri stefnumótunar og greiningar hjá Alþýðusambandi Íslands, um nýja skýrslu ASÍ um íslenskan vinnumarkað. Í skýrslunni er fjallað um áhrif kórónaveirufaraldursins á atvinnulíf og afkomu íslensks launafólks.

„Við erum að draga fram skammtímaáhrifin, sem birtast í miklu tekjufalli,“ sagði Róbert. „Og svo drögum við fram langtímaáskoranir með breyttri aldurssamsetningu, samsetningu starfa og alþjóðlegri vinnumarkaði.“

Róbert segir tillögurnar sem lagðar voru fram geta hjálpað til við að bregðast við áskorunum sem taka við í lok faraldursins. „Það sem við



Róbert Farestveit.

höfum haft áhyggjur af er að það kunni að verða hærra atvinnuleysisstig eftir krísuna en áður fyrr. Í fjármálaáætlun stjórnvalda er til dæmis gert ráð fyrir fimm prósenta atvinnuleysi árið 2026. En við drögum líka fram ýmsar samsetningarbreytingar, til dæmis í atvinnuleysi með tilliti til menntunar.“

Í skýrslunni kemur fram að efnahagslegur samdráttur hafi ekki verið eins mikill í faraldrinum og búist var við. Engu að síður hafi hann skilið eftir sig djúp sár og hafi aðallega kostað fólk í láglaunastörfum atvinnuna. Að því leyti hafi kreppan í kjölfar faraldursins verið ólík fjármálahruninu 2008, sem olli mestum launasamdrætti í tekjuhærri atvinnugreinum.

Róbert sagði umbótatillögur ASÍ í skýrslunni vera að erlendri fyrirmynd. Þær snúi að umbótum á atvinnuleysistryggingum og bættri stefnumótun í atvinnu- og vinnumarkaðsmálum.

„Tillögur okkar myndu í sjálfu sér gera kerfið tilbúið fyrir tæknibreytingar, lengri lífaldur og starfsaldur, og fleira.“ ■



Leyfi hefur verið veitt fyrir áframhaldandi framkvæmdum að Dunhaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjölga bílastæðum fyrir fatlaða og fá framkvæmdaleyfi

thorgrimur@frettabladid.is

REYKJAVÍK Byggingarfulltrúinn í Reykjavík samþykkti í vikunni umsókn um leyfi til framkvæmda á fjölbýlishúsinu að Dunhaga 18–20. Framkvæmdirnar hafa lengi verið umdeildar meðal íbúa í Vesturbænum, sem hafa margsinnis kært deiliskipulag og byggingarleyfi Dunhaga til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Nefndin hafnaði fyrr í mánuðinum kröfu nágranna um ógildingu deiliskipulagsins, ekki væru nógu alvarlegir efnislegir annmarkar á henni til þess að varða ógildingu. Hins vegar var fallist á að ógilda byggingarleyfi vegna fjölbýlishússins þar sem aðeins hafði verið gert ráð fyrir tveimur bílastæðum fyrir hreyfihamlaða. Stæðin hefðu átt að vera þrjú samkvæmt lögum.

Nú hefur byggingarfulltrúi veitt nýtt leyfi fyrir framkvæmdum sem gera ráð fyrir þremur bílastæðum fyrir hreyfihamlaða. Er þar meðal annars gert ráð fyrir byggingu nýrrar hæðar, viðbyggingar við fyrstu hæð og kjallara og fjölgun íbúða í húsinu. Með veitingu leyfisins fylgdu meðal annars fyrirmæli um að frágangi á lóðamörkum yrði lokið innan tveggja ára. ■

Hótað að grípa til málsókna banni Fiskistofa netaveiðar í Skjálfanda

Fiskistofa íhugar nú að banna netaveiði í Skjálfanda að beiðni veiðifélaga á svæðinu. Hafrannsóknastofnun mælir með banni en viðurkennir að rannsóknir skorti. Fulltrúi Norðurþings segir eignarrétt sjávarbænda skýran.

kristinnhaukur@frettabladid.is

LAXVEIÐI Sveitarfélagið Norðurþing hyggst grípa til málsókna banni Fiskistofa netaveiðar á silungi í Skjálfanda. Fiskistofa íhugar nú bann eftir að veiðifélögin á svæðinu leituðu til hennar en þau telja veiðar sjávarbænda hafa áhrif á ána.

Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, segir enga ákvörðun hafa verið tekna. Verið sé að safna athugasemdum eins og lög segi til um, meðal annars frá þeim bændum sem eigi hagsmuna að gæta. „Veiðifélögin báru fram ósk í vor og við erum með málið til skoðunar,“ segir Guðni. Slíkt bann hefur áður verið sett á, í Faxaflóa árið 2015.

Umrædd veiðifélög eru í Laxá í Aðaldal, Mýrarkvísl, Reykjadalsá og Eyvindarlæk. Í bréf félaganna segir að það sé á allra vitorði að lax, sérstaklega smálax, endi í netunum og orðrómur sé um að einstakir bændur hafi fengið vel á annan tug laxa sum sumur. Þótt honum yrði sleppt myndi hann drepast við meðferðina.

Bent er á að veiðin í Laxá, Mýrarkvísl og Reykjadalsá hafi aldrei verið verri en í fyrra. Aðeins 385 laxar hafi veiðst, sem sé 26 prósent af meðalveiði.

Í umsögn sinni telur Hafrannsóknastofnun rétt í ljósi varúðar-



Lítið veiddist í Laxá í Aðaldal, Mýrarkvísl og Reykjadalsá í fyrra. MYND/LÁRA STEFÁNSDÓTTIR

> Þetta er eignarréttur sem er ekki hægt að taka af fólki.
>
> Benóný Valur Jakobsson, formaður skipulags og framkvæmdaráðs Norðurþings.

reglu að leggja á netaveiðibann í Skjálfanda þar til ástand stofnana batni frá því sem nú er. Margt sé þó á huldu varðandi göngur og dreifingu fiskanna í Skjálfanda og ýmsum spurningum ekki hægt að svara, til dæmis hvort breyttur veiðitími væri nægur til að leysa vandann eða afmörkun veiðisvæðis.

Guðni segir að Fiskistofa reiði sig mikið á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar þegar kemur að ákvarðanatökunni. „Þetta eru okkar færustu sérfræðingar og við treystum þeim,“ segir hann.

Fulltrúar Norðurþings hafa þegar mótmælt tillögunni harðlega og sagt úthlutanir veiðileyfanna vera bæði varfærnar og sjálfbærar, en alls eru lagnirnar um tíu talsins. Í bókun skipulags- og framkvæmdaráðs er sagt að gögn Fiskistofu og veiðifélaganna séu bæði haldlítil og illa ígrunduð. Verði málinu haldið til streitu muni Norðurþing verjast því með fullum þunga.

Benóný Valur Jakobsson, formaður ráðsins, segir að þetta geti þýtt að sveitarfélagið höfði mál til að verja rétt sinn. Þrátt fyrir að orðalagið sé harkalegt sé ekki mikill hiti í málinu. Hann segir veiðifélögin áður hafa farið fram á þetta. „Fiskistofa sendi okkur núna bréf og við svöruðum því,“ segir Benóný.

Bendir hann á að þetta hafi ekki einungis áhrif á jarðir í Norðurþingi, heldur Tjörneshreppi einnig. Rannsóknir séu langt frá því að vera nægar til þess að svipta fólk þessum hlunnindarétti. „Þetta er eignarréttur sem er ekki hægt að taka af fólki,“ segir Benóný. ■



Heimsbíll ársins 2021!

WORLD CAR AWARDS

ID.4 GTX

Fullvaxinn fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll

Þú getur sérsniðið ID.4 GTX
að þínum óskum og pantað
draumabílinn á **www.hekla.is/gtx**



FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5

Nýr ID.4 GTX Verð frá **6.990.000** kr.

ID.4 GTX er fullvaxinn, fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll sem fær 5 stjörnur í árekstrarprófunum NCAP. Hann býr yfir 77 kWst rafhlöðu og drægni allt að 480 km. (WLTP). Hann kemur sneisafullur af áhugaverðum staðalbúnaði eins og þráðlausri farsímahleðslu, 20" álfelgum, varmadælu, árekstrarvöktun, akreinavara, lyklalausri ræsingu og fleiru. Tryggðu þér þitt eintak. **Lokað er í dag á Laugaveginum en í sýningarsalnum okkar á netinu er alltaf opið. Sjáumst hress!**

Leiðin að núllinu ZERO

Fylgdu okkur! @volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



Tæplega átta milljónir létust af völdum reykinga árið 2019.

Aldrei fleiri reykt í heiminum en nú

arnartomas@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Árið 2019 var fjöldi reykingafólks í heiminum um 1,1 milljarður. Þetta kemur fram í rannsókn sem birt var í læknatímaritinu The Lancet.

Þar kemur fram að aldrei hafi fleiri reykt í heiminum en í dag og að tæplega átta milljónir hafi látist af völdum reykinga árið 2019.

Einn af hverjum þremur sem reykja býr í Kína.

Höfundar rannsóknarinnar benda á mikilvægi þess að gripið sé inn í reykingar hjá ungu fólki, en um 89 prósent af nýju reykingafólki er orðið 25 ára. Ólíklegt er að fólk byrji að reykja eftir þann aldur.

Þrátt fyrir að reykingar hafi minnkað á heimsvísu á síðustu þremur áratugum jókst það hjá körlum í 20 löndum og hjá konum í 12. Tveir þriðju þeirra sem reykja búa í tíu löndum og einn af hverjum þremur sem reykja býr í Kína. ■



Þýska ríkið mun greiða Namibíu 1,1 milljarð evra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Viðurkenna þjóðarmorð

arnartomas@frettabladid.is

ÞÝSKALAND Stjórnvöld í Þýskalandi viðurkenndu í gær að þýska ríkið hefði framið þjóðarmorð í Namibíu á nýlendutímanum. Þetta kom fram í yfirlýsingu Heiko Maas, utanríkisráðherra Þýskalands, í gærmorgun.

„Við munum nú vísa til þessara atburða fyrir það sem þeir eru út frá sjónarhorni nútímans: þjóðarmorð," sagði Maas og bætti við að ræða ætti hörmungar nýlendutímans án þess að stikla yfir þær.

Þá hafa þýsk stjórnvöld samþykkt að veita Namibíu um 1,1 milljarðs evra styrk til uppbyggingar í landinu sem greiddur verður á 30 ára tímabili.

Namibía laut nýlendustjórn Þýskalands frá árunum 1884 til 1915. Tugþúsundir úr röðum Herera voru drepnar snemma á 20. öldinni, og hafa sagnfræðingar kallað voðaverkin gleymt þjóðarmorð. ■

Konungleg þrif



Maxíma Hollandsdrottning lætur hendur standa fram úr ermum og spúlar stéttina fyrir framan menningarhús í bænum Oegstgeest. Tiltektin er hluti af verkefnum sjálfboðaliðahreyfingar sem hollensku konungshjónin hafa tekið þátt í undanfarin ár og meðal annars sinnt hreingerningum og aðstoð við aldraða.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ákvörðun Bidens tekin til að sverja af sér meinta fylgispekt við Kínverja

Kínverjar vilja rannsaka tilraunastofu í Maryland eftir að Bandaríkjaforseti fyrirskipaði rannsókn á tilraunastofu í Wuhan. Kári Stefánsson telur ákvörðun Bidens byggjast á pólitískri stöðu heima fyrir og að hún hjálpi ekki til í baráttunni við Covid-19.

kristinnhaukur@frettabladid.is

COVID-19 Kínverjar hafa svarað ákvörðun Bandaríkjanna um að láta leyniþjónustuna rannsaka hvort Covid-19 eigi uppruna sinn í tilraunastofu í Wuhan með kröfu um að tilraunastofa í Maryland verði rannsökuð. Það er rannsóknarstofa bandaríska hersins í Fort Detrick.

„Hvaða leyndarmál eru falin í hinu mjög svo grunsamlega Fort Detrick og þeim 200 bandarísku rannsóknastofum sem eru um heim allan?" spyr Zhao Liljan, talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins.


Ósk Joes Biden Bandaríkjaforseta um að uppruni veirunnar verði rannsakaður í Wuhan hefur vakið nokkra athygli. Enda bergmálar hún orð fyrrverandi forseta, Donalds Trump, sem þóttu bera merki samsæriskenninga fremur en alvöru álitaefna.

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, greindi frá því í Fréttablaðinu í gær að ekkert væri í hendi til að styðja við það að veiran hefði orðið til á tilraunastofu. Hann telur einnig að ósk Bidens sé fyrst og fremst sett fram í pólitískum tilgangi heima fyrir. Það er til að sverja af sér fylgispekt við Kínverja sem hann hefur verið sakaður um af Repúblikönum og Trump sérstaklega. En Trump virðist ekki ætla að sleppa taki sínu á flokknum í bráð.



Joe Biden Bandaríkjaforseti hefur óskað eftir því að leyniþjónustan rannsaki hvort Covid-19 hafi sloppið af tilraunastofu í Wuhan.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þessi umræða hjálpar okkur ekki í baráttunni við þessa veiru eða veirur framtíðarinnar.



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.

„Þessi kenning um tilraunastofuna er ekki vísindaleg af því að það er ekki hægt að afsanna hana," segir Kári. „Það er ekkert ólíklegt að það geti gerst að einhver sem vinni með veiru sýkist. Ef hann sýkist getur hann borið veiruna út af rannsóknastofunni. En við höfum ekkert í höndunum sem styður þetta."

Kári segir að auk þess að byggja á afskaplega litlum upplýsingum skapi þessi getgáta leiðindatilfinningu á tíma þar sem fordómar ríkja gagnvart fólki af asískum uppruna. „Kínverjar eru stór og merkileg þjóð með ríka sögu og mikið af afspyrnu góðu fólki," segir Kári. „Ég er hins vegar ekki hallur undir það stjórnkerfi sem þar ríkir."

Aðspurður hvort hann telji þessar deilur stórveldanna hamla baráttunni gegn Covid-19 á einhvern hátt segir Kári svo ekki vera. Hann hefur meiri áhyggjur af því hversu lítið af bóluefni fari til fátækari þjóða heimsins og að hluti fólks, sérstaklega í Bandaríkjunum, hafni bólusetningu þegar hún bjóðist.

Þetta þýði þó ekki að tilraunastofudeilan hafi neinar afleiðingar. „Þessi ákvörðun Bidens er ekki til neins annars fallin en að auka úlfúð milli Bandaríkjanna og Kína," segir Kári. Ef hægt væri á einhvern hátt að sýna fram á að veiran væri manngerð þá myndi það ekki skipta neinu máli í stóra samhenginu. Kínverjum yrði ekki refsað fyrir slys á tilraunastofu. „Þessi umræða hjálpar okkur ekki í baráttunni við þessa veiru eða veirur framtíðarinnar." ■

Austurhöfn opnar

Með hækkandi sól færist líf í Austurhöfn. Íbúðirnar í þessum nýjasta borgarhluta Reykjavíkur eiga sér enga hliðstæðu í hönnun, efnisvali, tækni, þjónustu og aðgengi. Nálægðin við Reykjavíkurhöfn, Hörpu og iðandi mannlíf í miðborginni gerir Austurhöfn að einstökum stað. Íbúar Austurhafnar njóta jafnframt skjólgóðs einkagarðs og hafa beint aðgengi að veitingastöðum og þjónustu á Hafnartorgi. Hver íbúð hefur sinn eigin persónuleika sem hentar ólíkum kröfum. Austurhöfn er staður sem verður að upplifa.

Sannur miðbæjarandi

Tveggja herbergja íbúð í hæsta gæðaflokki. Rúmgott og vel skipulagt svefnherbergi, ítalskar gæðainnréttingar og snjallheimiliskerfi ásamt útsýni í einkagarð Austurhafnar af stórum og björtum svölum.

Íbúð 216, Reykjastræti 7
2 herb. 71,6 m², Verð: 73,5 m.

Glæsileg, björt og opin


Vegleg stofa með einstöku útsýni að Hörpu og Reykjatorgi. Rúmgott eldhús með hágæða aðstöðu býður gesti velkomna. Stórt baðherbergi með baðkari og fataherbergi.

Íbúð 314, Reykjastræti 7
2 herb. 102,3 m², Verð: 110 m.

Taktu á móti gestum

Rúmgóð fjögurra herbergja íbúð á þriðju hæð í Austurhöfn. Svalir í báðum endum íbúðarinnar veita skemmtilegt útsýni yfir Hörpu og Reykjatorg. Aukaherbergi með sérbaðherbergi og sér bílastæði í kjallara.

Íbúð 312, Reykjastræti 5
4 herb. 146m², Verð: 149 m.








austurhofn.is

AUSTURHÖFN
101 REYKJAVÍK

MIKLABORG
Sími 569 7000
austurhofn@miklaborg.is



RIA
2ja og 3ja sæta sófar

2ja sæta
69.993 kr. ~~99.990 kr.~~

3ja sæta
76.993 kr. ~~109.990 kr.~~



MAX
U-sófi, grátt eða dökkgrátt áklæði
143.992 kr. ~~179.990 kr.~~



FLAIR
Hægindastóll
38.994 kr. ~~59.990 kr.~~



BILOXI
3ja sæta sófi
77.994 kr. ~~119.990 kr.~~



DUAL
Hægindastóll
41.993 kr. ~~59.990 kr.~~



EVELIN
Borðstofustóll
8.394 kr. ~~13.990 kr.~~



DORA
Borðstofustóll
48.993 kr. ~~69.990 kr.~~



160 x 80 x 75 cm

MAIDSTONE
Borðstofuborð
59.994 kr. ~~99.990 kr.~~



MIRAMAS
Glerskápur/svart birki
98.594 kr. ~~169.990 kr.~~



130 x 70 x 46 cm

HEAVEN
Sófaborð
47.994 kr. ~~79.990 kr.~~



MURCIA
2ja sæta sófi
107.994 kr. ~~179.990 kr.~~





BROSTE
Vasar verð frá
8.494 kr. ~~14.990 kr.~~



EIGHT MOOD
Ilmstra
4.995 kr. ~~9.990 kr.~~



EIGHT MOOD
Ilmkerti
3.995 kr. ~~7.990 kr.~~



BROSTE
Vasi
7.495 kr. ~~14.990 kr.~~



BROSTE
Vasar verð frá
19.794 kr. ~~32.990 kr.~~



EVA SOLO
Glervasi
6.293 kr. ~~8.990 kr.~~



Reykjavík
Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Verð gildir til 11. júlí 2021, eða á meðan birgðir endast.

SUMAR ÚTSALA

Allt að 50% afsláttur

ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR

RICHMOND
Hringlaga borðstofuborð úr olíuborinni eik með fiskbeinamynstri á borðplötu. Stærð: Ø120 x 76,5 cm

59.994 kr.
~~99.990 kr.~~

www.husgagnahollin.is

VEFVERSLUN



ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

BROSTE
Vasar **3.495 kr.** ~~6.990 kr.~~



eva solo



ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

EVA SOLO
Tekanna **7.495 kr.** ~~14.990 kr.~~



ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

EIGHT MOOD
Kertastjakar **395 kr.** ~~790 kr.~~



ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

LENE BJERRE
Skrautkerti verð frá **1.352 kr.** ~~1.690 kr.~~



ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

LENE BJERRE
Skrautkerti verð frá **2.232 kr.** ~~2.790 kr.~~



ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

LENE BJERRE
Skrautkerti verð frá **1.352 kr.** ~~1.690 kr.~~





ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

EIGHT MOOD
Kertastjakar **945 kr.** ~~1.890 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

Vopnin kvödd



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Nær samfellt í fimmtán mánuði höfum við verið undir höftum og frelsi daglegs lífs verið settar skorður vegna heimsfaraldursins. Þar hafa skipst á skin og skúrir, vonir og vonbrigði. Varla er að finna nokkurn mann sem hefði trúað því að til þyrfti svo lítið kvikindi til að setja mætti allt á skjön. Veiran reyndist ekkert lamb að leika sér við, þó síðar muni koma í ljós hvort tilefni var til allra þeirra viðbragða sem gripið var til. Um það nennir enginn að hugsa nú þegar ský dregur hratt frá sólu.

Þessum takmörkunum á frelsi höfum við tekið misjafnlega. Sumir þakka fyrir þær en aðrir formæla þeim, eins og gengur.

Í þessum heimshluta eigum við því hins vegar ekki að venjast að settar séu skorður við frelsi. Það er á hinn bóginn daglegt brauð fólks víða um heim.

Í vikunni tók sig á loft flug Ryanair númer 4978 frá Aþenu í Grikklandi og var ferðinni heitið til Vilníus í Litáen. Um borð voru 126 farþegar, þar á meðal 26 ára gamall Hvítrússi, Roman Protasevitsj. Leiðin lá um lofthelgi Hvíta-Rússlands. Þegar skammt var eftir út úr lofthelginni bárust fyrirmæli til flugstjóra vélarinnar um að henni skyldi beint til lendingar á flugvellinum í Minsk í Hvíta-Rússlandi þar sem borist hefði tilkynning um að sprengja væri um borð.

Herþotur fylgdu vélinni til lendingar. Á jörðu niðri var Protasevitsj færður úr vélinni án frekari skýringa. Hann er nú í haldi í Hvíta-Rússlandi.

Protasevich hefur frá 2019 verið í sjálfskipaðri útlegð frá Hvíta-Rússlandi. Hann hefur verið gagnrýninn á stjórnvöld í heimalandi sínu og haldið uppi umfjöllun um margt það sem miður hefur farið þar í landi.

Hvíta-Rússland er sérstætt ríki. Það er um fimmtungur af stærð Íslands og þar búa tæpar tíu milljónir manna. Frá árinu 1994 hefur Alexander Lúkasjenko verið þar við völd sem forseti landsins. Með stjórnarskrárbreytingum hefur hann tryggt sér setu á forsetastóli eins lengi og hann nennir og lystir. Hann hefur verið nefndur síðasti einræðisherra Evrópu og er býsna vel að þeirri nafnbót kominn. Þrátt fyrir gervilýðræðið sem dregið er fram á tyllidögum þegar Lúkasjenko þykist endurnýja umboð sitt, verður hann varla annað en hreinræktaður einræðisherra.

Í föðurlandi sínu er Protasevitsj nú haldið föngnum fyrir það eitt að halda uppi gagnrýnni umfjöllun um stöðuna í þessu furðuríki.

Viðbrögð annarra Evrópuríkja virðast fumlaus þótt þau hafi látið ögn á sér standa. Fljótlega hlýtur Protasevitsj að verða leystur úr haldi frjáls ferða sinna. Jafnvel þótt vinurinn í varpa, Pútín, styðji forseta landsins með ráðum og dáð. Af forsetastóli rymur svo Lúkasjenko eitthvað um ólögmæta íhlutun annarra ríkja og hreytir innihaldslausum fúkyrðum til beggja handa. Hvíta-Rússland og forseti þess eru fyrirmynd um hvernig ríki eiga ekki að vera.

Hvað sem okkur finnst um takmarkanir á frelsi sem við uppi á Íslandi höfum þurft að þola treystum við því að það sé tímabundið ástand og við getum brátt kvatt vopnin.

Aðrir þurfa sennilega að bíða lengur. ■

> Á jörðu niðri var Protasevitsj færður úr vélinni án frekari skýringa. Hann er nú í haldi í Hvíta-Rússlandi.

BANDALAG KVENNA
Í REYKJAVÍK

Bandalag kvenna í Reykjavík auglýsir eftir umsóknum um styrki til Starfsmenntunarsjóðs ungra kvenna fyrir skólaárið 2021-2022

Tilgangur sjóðsins er að hvetja og styðja við bakið á ungum konum, sem ekki eiga kost á námslánum, til að afla sér aukinnar menntunar.

Starfsmenntunarsjóður ungra kvenna hefur styrkt konur til náms í rúm 25 ár. Umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og allar nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu bandalagsins, **www.bkr.is**.

Umsóknir um styrki skal senda til Bandalags kvenna í Reykjavík, Túngötu 14, 101 Reykjavík, merktar **„Námsstyrkir"** eða í tölvupósti á bandalagkvennarvk@gmail.com.

Umsóknarfrestur er til 26. júní.

Gunnar



Mín skoðun

Guðlaugur Þór veit svarið



Sif Sigmarsdóttir

Um síðustu helgi var flugvél Ryanair, sem flaug frá Grikklandi til Litáen, þvinguð til lendingar í Hvíta-Rússlandi. Um borð í vélinni var hvítrússneski blaðamaðurinn Roman Protasevitsj, sem fjallað hefur gagnrýnið um þarlend stjórnvöld. Var Protasevitsj leiddur út og handtekinn af hvítrússnesku lögreglunni áður en vélinni var leyft að halda för sinni áfram.

Uppátæki hvítrússneskra yfirvalda olli hörðum viðbrögðum. Evrópusambandið hyggst beita Hvíta-Rússland refsiaðgerðum. Atlantshafsbandalagið krafðist þess að blaðamaðurinn yrði tafarlaust látinn laus. Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra Íslands, fordæmdi framferðið og sagði það aðför að tjáningarfrelsi og mannréttindum. Sagði Guðlaugur mikilvægt að „alþjóðasamfélagið sendi skýr skilaboð" því að „engin viðbrögð senda skilaboð um að þetta sé ásættanlegt og hafi engar afleiðingar í för með sér. Ef það er gert er hætt við því að þetta haldi áfram og menn gangi enn þá lengra."

Starfsskilyrði blaðamanna í Evrópu fara versnandi. Samtökin Blaðamenn án landamæra lýstu yfir áhyggjum af ástandinu í síðasta mánuði í kjölfar þess að gríski blaðamaðurinn Giorgos Karaivaz var skotinn til bana fyrir utan heimili sitt. Hann er fjórði blaðamaðurinn sem myrtur er í Evrópu á síðustu fimm árum.

„Frjáls fjölmiðlun er ekki aðeins mikilvæg lýðræðinu, hún er lýðræðið," er haft eftir fréttamanninum Walter Cronkite. Fæstum dylst mikilvægi blaðamanna (öðrum en Brynjari Níelssyni). Blaðamenn án landamæra telja að ofsóknir á hendur blaðamönnum í Kína hafi átt þátt í kórónaveirufaraldrinum. Við upphaf hans bældu kínversk yfirvöld fréttir um vírusinn og handtóku uppljóstrara sem vöruðu við ástandinu, þar á meðal lækninn Li Wenliang sem deildi upplýsingum um nýjan, bráðsmitandi vírus með umheiminum í desember 2019 en lést sjálfur úr Covid-19 nokkrum mánuðum síðar. „Hefði fjölmiðlafrelsi ríkt í Kína hefði kannski verið hægt að koma í veg fyrir heimsfaraldur," sagði fulltrúi samtakanna.

Nýverið komst upp um skipulagðar aðgerðir sjávarútvegsfyrirtækisins Samherja til að þagga niður í blaðamönnum. Sérstök „skæruliðadeild" á vegum fyrirtækisins stundar njósnir og skipulagðar árásir á blaðamenn með það að markmiði að hræða þá og aðra til hlýðni. Sú innsýn sem landsmenn hafa fengið undanfarna viku í innra líf almannatengla og lögfræðinga Samherja – á yfirborðinu sitja þeir gráklæddir fyrir framan tölvuna en í huganum fara þeir með hlutverk í nýjustu Bond-myndinni „Salt í sárið" þar sem Þorbjörn Þórðarson leysir af hólmi Daniel Craig – væri fyndin ef málið væri ekki svona alvarlegt.

Ísland féll nýverið um eitt sæti á alþjóðlegum lista yfir fjölmiðlafrelsi og situr nú í því sextánda. Er þetta fjórða árið í röð sem Ísland fellur niður á listanum. Herferð Samherja gegn blaðamönnum er nefnd sem ein ástæða þess að Ísland heldur áfram að falla.

Hvernig stendur á því að stærsta sjávarútvegsfyrirtæki Íslands kemst upp með að sýna frjálsri fjölmiðlun álíka lítilsvirðingu og Alexander Lúkasjenko, forseti Hvíta-Rússlands, sem gjarnan er kallaður „síðasti einræðisherra Evrópu"? Guðlaugur Þór Þórðarson veit svarið.

Viðbrögð íslenskra stjórnvalda við ásökunum um fólskubrögð Samherja á Íslandi, í Namibíu og víðar hafa verið lítil sem engin. „Engin viðbrögð senda skilaboð um að þetta sé ásættanlegt og hafi engar afleiðingar í för með sér," sagði Guðlaugur Þór um atlögu Hvítrússa að blaðamanni. „Ef það er gert er hætt við því að þetta haldi áfram og menn gangi enn þá lengra."

Samherji gengur æ lengra í atlögu sinni að frjálsri fjölmiðlun. Það væri óskandi að íslenskt ráðafólk léti sig íslenskt tjáningarfrelsi jafnmiklu varða og tjáningarfrelsi í fjarlægum löndum. ■

> Viðbrögð íslenskra stjórnvalda við fólskubrögðum Samherja á Íslandi, í Namibíu og víðar hafa verið lítil sem engin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



vodafone.is/fjolskyldupakkinn



Massimiliano Allegri er kominn aftur til Juventus. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þjálfaraskipti hjá Juventus-liðinu

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Ítalska knattspyrnufélagið Juventus greindi frá því í gær að félagið hefði sagt Andrea Pirlo upp störfum sem þjálfara karlaliðs félagsins eftir eitt keppnistímabil í starfi hjá Pirlo.

Juventus tilkynnti svo síðar um daginn að félagið hefði fundið eftirmann Pirlos en um er að ræða mann sem þekkir vel til í Tórínó.

Massimilano Allegri, sem stýrði Juventus frá 2014 til 2019, mun snúa aftur í brúna hjá liðinu.

Allegri varð fimm sinnum ítalskur meistari á meðan hann var síðast við stjórnvölinn hjá Juventus og vann ítalska bikarinn fjórum sinnum. Þá fór hann tvisvar með Juventus í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu en tapaði í bæði skiptin.

Juventus hafnaði í fjórða sæti ítölsku efstu deildarinnar á nýloknu leiktíð en liðið tryggði sér sæti í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð í lokaumferð deildarinnar. ■



Valsvörnin átti engin svör gegn sókn Blika á heimavelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Valur ekki fengið á sig fleiri mörk í tæpa tvo áratugi

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Valskonur fengu á baukinn síðasta fimmtudag þegar Breiðablik vann 7-3 sigur á Valsliðinu á Origo-vellinum í Pepsi-Max-deild kvenna í uppgjöri sigursælustu liða kvennaboltans á Íslandi. Undanfarin ár hafa leikir þessara liða yfirleitt verið í járnum en Blikar léku lausum hala og fundu fjölmargar glufur á vörn Vals.

Breiðablik komst 7-1 yfir og lét staðar numið þar og tókst Valsliðinu aðeins að laga stöðuna á lokamínútum leiksins. Undanfarinn áratug hefur það yfirleitt verið hlutverk Vals að raða inn mörkum á andstæðinga sína en fara þarf tæpa tvo áratugi aftur í tímann til að finna leik þar sem kvennalið Vals fékk meira en sjö mörk á sig.

Fara þarf aftur til lokaumferðarinnar árið 2002 til að finna leik þar sem Valur fékk á sig fleiri mörk í einum leik. Í þeim leik, 9-0 sigri Íslandsmeistaranna í KR gegn Val, skoraði KR sex mörk á síðustu tuttugu mínútum leiksins þar sem Ásthildur Helgadóttir og Hrefna Huld Jóhannesdóttir skoruðu báðar þrennu. ■

Á góðum stað miðað við hversu stutt er síðan þær einblíndu á strandblak

Íslenski strandblaksdúettinn Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir hafa gert frábæra hluti á danskri grundu. Næst munu þær svo gera strandhögg í Skotlandi.

hjorvaro@frettabladid.is



Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir fagna vel og innilega í Kaupmannahöfn fyrir viku. MYND/AÐSEND

STRANDBLAK Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir fóru um síðustu helgi með sigur af hólmi í Copenhagen Master-mótinu en mótið er hluti af dönsku strandblaksmótaröðinni.

Þar áður báru þær sigur úr býtum á Árhus Challenger-mótinu en það var fyrsta mótið sem haldið var í strandblaki þar í landi eftir að kórónaveirufaraldurinn skall af fullum þunga á heimsbyggðina.

„Við erum mjög ánægð með þennan árangur og það er gaman að sjá hvar við stöndum. Við Berglind Gígja byrjuðum að æfa strandblak af krafti árið 2015 og tókum svo fjögurra ára pásu frá því þar til við tókum þá ákvörðun að fara af fullum krafti í strandblakið árið 2019.

Við fluttum þá til Danmerkur til þess að geta æft við betri aðstæður en eru í boði á Íslandi allt árið um kring. Við höfum æft mjög vel undir handleiðslu öflugra þjálfara á danskri grundu og erum mjög sáttar hérna.

Skömmu eftir að við komum til Danmerkur skall kórónaveiran á og þetta var fyrsta mótið eftir að veiran setti allt í lás. Við vorum þarna að vinna danskt par sem hefur verið að keppa á heimsmótaröðinni þannig að þetta gefur góð fyrirheit um framhaldið," segir Elísabet.

Önnur tækni inni en á ströndinni

„Það er tvennt ólíkt að æfa og keppa og við vissum ekki alveg hvers við áttum að vænta þegar fórum í mótið í Árósum um þarsíðustu helgi. Þessi góði árangur kom okkur því skemmtilega á óvart.

Inniblakið og strandblakið eru svo tvær gjörsamlega ólíkar íþróttagreinar. Af þeim sökum er ekki öruggt að maður sé góður í strandblaki þó maður sé í landsliði í inniblaki. Það er því gott að vita hvar við stöndum í samanburði við aðra á ströndinni," segir hún.

> Planið er að keppa á mótum í Danmörku auk þess að spila á boðsmótum í Evrópu. Þá ætlum við að taka þátt í eins mörgum undankeppnum fyrir mót á heimsmótaröðinni og við getum.
>
> Elísabet Einarsdóttir

„Planið er að keppa á mótum hérna í Danmörku auk þess að spila á boðsmótum í Evrópu. Þá ætlum við að taka þátt í eins mörgum undankeppnum fyrir mót á heimsmótaröðinni og við getum.

Stefnan er að vera komin í okkar besta form í lok júlí þegar við förum til Búlgaríu og tökum þátt í tveimur undankeppnum fyrir mót í heimsmótaröðinni þar í landi.

Við erum búnar að skrá okkur í undankeppnir á Spáni og á fleiri stöðum í Evrópu þannig að það verður nóg að gera og ég er mjög spennt fyrir næstu mánuðum.

Við þurfum svo að hala inn nógu mörg stig til þess að næla okkur í fastan þátttökurétt á heimsmótaröðinni og það er markmiðið. Svo erum við einnig með langtímamarkmið að keppa á Evrópumótum, heimsmeistaramótum og Ólympíuleikum," segir Elísabet.

Næst á dagskránni hjá þeim er Master-mót sem fram fer í Óðinsvéum um helgina. „Eftir að hafa keppt í nokkrum vindi í Kaupmannahöfn er gott að vita að það er spáð sól og blíðu í Óðinsvéum um helgina. Vonandi heldur okkur áfram að ganga jafn vel og í síðustu mótum," segir þessi öfluga blakkona.

Þar á eftir halda Berglind Gígja og Elísabet til Skotlands þar sem þær taka þátt í alþjóðlegu móti. Thelma Dögg Grétarsdóttir og Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir munu einnig spila þar. Þessar metnaðarfullu blakkonur hafa sett einbeitinguna á strandblakið og spennandi verður að fylgjast með framgangi þeirra í sumar. ■

Guardiola einni orrustu frá hinum heilaga kaleik

kristinnpall@frettabladid.is



Það mun mikið mæða á þessum tveimur á hliðarlínunni við að reyna að skáka leikaðferð hvor annars í Portúgal. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FÓTBOLTI Í þriðja sinn í sögu Meistaradeildar Evrópu leiða tvö ensk lið saman hesta sína í úrslitaleiknum um helgina þegar Manchester City mætir Chelsea í Portúgal.

Chelsea hefur meiri reynslu á þessu sviði enda í þriðja sinn sem Lundúnaliðið leikur til úrslita en Manchester City er komið í úrslitaleikinn í fyrsta sinn. Ríkjandi Englandsmeistararnir koma fullir sjálfstrausts inn í leikinn enda ekki búnir að tapa leik í keppninni þetta árið og unnið ellefu leiki af tólf en Chelsea sýndi í tvígang á dögunum að liðið getur unnið hið ógnarsterka lið Manchester City. Þannig er Chelsea enn í dag eina liðið sem hefur slegið Manchester City úr keppni þetta árið þegar Chelsea hafði betur í undanúrslitum enska bikarsins á dögunum og kom í veg fyrir að Manchester City léki til úrslita og gæti unnið alla fjóra titlana sem stóðu til boða í upphafi tímabilsins.

Þegar rúm tíu ár eru liðin frá fyrsta titlinum sem Manchester City vann eftir að hafa verið keypt af auðjöfri frá Abú Dabí er félagið loksins komið í úrslitaleikinn um eftirsóttasta bikar Evrópu. Undanfarinn áratug hefur þessi titill verið sá eini sem vantar í þéttsetið bikarasafn á Etihad-vellinum. Um leið eru tíu ár síðan Pep Guardiola vann Meistaradeild Evrópu í annað skiptið sem þjálfari Börsunga en hann jafnar metið yfir flesta Meistaradeildartitla sem þjálfari með sigri í dag.

> Pep Guardiola hefur unnið ellefu af síðustu tólf úrslitaleikjum sem þjálfari hjá Barcelona, Bayern München og nú Manchester City.

Um leið eru ýmis teikn á lofti um það að Chelsea gæti endurtekið leikinn frá 2012 og komið á óvart með sigri í kvöld. Thomas Tuchel sýndi á dögunum að hann á til í vopnabúri sínu leikáætlun sem virðist henta vel gegn hinu ógnarsterka liði Manchester City.

Takist Chelsea að vinna í kvöld verður félagið þriðja sigursælasta enska félag keppninnar frá upphafi með tvo titla ásamt Nottingham Forest. ■



NJÓTUM OKKAR Í EIGIN SKINNI

Hugsum vel um stærsta líffærið okkar húðina, innan frá og utan, frá toppi til táar

Húðin gegnir mikilvægum sérhæfðum hlutverkum, hún ver okkur, heldur á okkur réttu hitastigi og skynjar umhverfið okkar. Förum vel með húðina.

Heilsa þín er okkar hjartans mál – þess vegna leggjum við áherslu á fræðslu, gæðavörur og persónulega þjónustu.

LYFJA

Hélt sérstaka sýningu fyrir álfana í Hellisgerði



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Þau **Jón Bjarki Magnússon** og **Hlín Ólafsdóttir** hafa þurft að sýna mikla biðlund í aðdraganda frumsýningar frumraunar sinnar í heimildamyndagerð, en mynd Jóns Bjarka, Hálfur álfur, sem Hlín gerði tónlistina við og meðframleiddi, er loks sýnd í Bíó Paradís. En áður en það gat orðið héldu þau sérstaka álfasýningu í Hellisgerði.



Þau Hlín og Jón Bjarki unnu myndina að miklu leyti saman meðan á draumanáminu í Berlín stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Mynd frá útför Trausta á Ströndum.



Trausti Breiðfjörð, afi Jóns Bjarka.

Myndin, sem fjallar um lokaæviskeið afa Jóns Bjarka, Trausta Breiðfjörð Magnússonar, og ömmu, Huldu Jónsdóttur, var lokaverkefni Jóns Bjarka í sjónrænni mannfræði frá Freie Universitat í Berlín. Parið hefur búið í borginni frá árinu 2015 og Hlín lagt þar stund á nám í myndlist og er að ljúka mastersgráðu.

„Við duttum bæði inn í draumanámið í Berlín. Þetta var lokaverkefnið í námi Jóns Bjarka og það að við unnum þetta saman gerðist frekar ómeðvitað og náttúrulega. Við eyðum ófáum stundum saman," segir Hlín.

„Við búum saman og tölum mikið saman um verkefni hvort annars og þetta skarast mikið, skapandi heimildarmyndagerð og myndlist, svo þetta átti bara vel saman," segir Jón Bjarki og Hlín bætir við: „Þessi tegund heimildarmyndargerðar er mjög baseruð í myndlist. Ég hafði í upphafi trú á að við gætum gert þögla heimildarmynd þar sem áherslan væri öll á hið sjónræna. Tilvera þeirra Huldu og Trausta væri þar í forgrunni. Þessi daglegi veruleiki."

Mikið sungið og mikið sagt

Jón Bjarki, sem starfaði árum saman sem blaðamaður, hafði viðrað önnur umfjöllunarefni fyrir lokaverkefni og var með ákveðnar efasemdir í upphafi verkefnisins.

„En Hlín benti á að það þyrfti ekki mikið að gerast í myndinni, heldur myndi samspil þeirra hjóna bera hana uppi. Það að þessi maður væri að undirbúa 100 ára afmæli sitt og um leið jarðarför, það væri nóg," segir Jón Bjarki og hlær að því að þau hafi íhugað að hafa myndina þögla. „Hún endar svo á að vera nánast söngvamynd, það er mikið sungið og mikið sagt. En grunnurinn hvílir svo líka þarna í þögninni, rétt eins og í tifinu í klukkunni sem minnir á tímann sem er senn á þrotum."

Hlín bendir á að ekki sé um klassíska heimildarmynd sem er uppfull af upplýsingum og spurningum að ræða. „Við fókuserum ekki mikið á atriði eins og ætlu þeirra eða fortíð heldur kemur sagan fram í römmunum sem segja vonandi á stundum meira en þúsund orð. Að sjá hann elda grautinn sinn markar allar hinar stundirnar sem hann hefur gert grautinn sinn."

> Afi hafði skipulagt jarðarför sína í þaula og fólk vissi af því. Hann hafði til dæmis safnað sterku víni fyrir hana árum saman og geymt í kjallaranum hjá pabba.

Jón Bjarki bætir þá við: „Hendurnar á 100 ára gömlum manni eða 97 ára gamalli konu segja einar og sér mikla sögu."

Sjötíu ára hjónaband er flókið

Hlín segir þau hafa viljað gæta sín á að smætta viðfangsefni sín ekki niður í ellina sem markerar þau. „Það er svo klassískt að spyrja eldra fólk hverju það þakkar langlífið og þar fram eftir götunum. Við vildum leyfa áhorfendum að skynja hver þau væru, hér og nú. Það er fallegt að eldast og líka erfitt. Sjötíu ára hjónaband er flókið og það er alls konar en það þarf ekki að mata áhorfandann á öllu."

Verkefnið var sannarlega knýjandi enda tók Jón Bjarki upp síðasta æviár afa síns og fylgdi honum alla leið í kirkjugarðinn.

„Þetta var síðasti séns, síðasta sinn sem hann eldaði grautinn sinn, síðasta sinn sem hann gekk göngutúrinn og hún að fara með uppáhaldsvísurnar sínar í síðasta sinn," segir Jón Bjarki, sem þurfti vissulega að skilja á milli þess að vera kvikmyndagerðarmaður og barnabarn. „Ég lagði vélina frá mér þegar afi varð mikið veikur," segir hann.

Þau segja það þó hafa auðveldað verkefnið mjög að Trausti vildi láta gera þessa mynd og vildi láta fylgja sér alla leið inn í dauðann. Það hafi auðveldað mjög að vera með svo skýrt leyfi.

„Ég lagði mikið upp úr því að dvelja með þeim í lengri tíma og það gerði það að verkum að smám saman vöndust þau vélinni og þetta varð leikur okkar á milli. Ég held við höfum verið komin með 50 til 60 klukkustundir af myndefni og eitthvað umfram það í bara hljóði," segir hann.

Möguleg álfabölvun á myndinni

Þau Jón Bjarki og Hlín komu til landsins undir lok júlí í fyrra því fyrirhugað var að frumsýna myndina á Skjaldborgarhátíðinni. Hátíðinni var svo frestað degi áður en hún átti að hefjast vegna Covid-takmarkana.

„Svo tókst að halda hátíðina í septemberlok í Bíó Paradís og ætluðum við að fara með myndina í sýningar í framhaldi hátíðarinnar. Þetta reyndust þó síðustu dagarnir fyrir hertar takmarkanir enda kom upp bylgja á sama tíma. Þá var frestað fram í nóvember en ekkert varð úr því. Svo vorum við komin fram í lok mars og komin að frumsýningardegi. Þá aftur var öllu skellt í lás og við rétt náðum að halda lokaða sýningu daginn áður fyrir styrktaraðila og fjölskyldu," útskýrir hann.

> Það er fallegt að eldast og líka erfitt.

„Ég var nú farinn að gera grín að því að það væri mögulega einhver álfabölvun á myndinni því það komu alltaf upp bylgjur ofan í fyrirhugaðar frumsýningar," segir Jón Bjarki, en álfar koma töluvert við sögu í myndinni eins og titillinn gefur til kynna. „Svo við héldum eins konar frumsýningu í álfahöfuðborginni sjálfri í Hellisgerði í Hafnarfirði þar sem við vörpuðum myndinni á Álfastein og eftir það hefur þetta gengið."

Aðspurður hvort hann trúi þá á álfa segist Jón Bjarki í upphafi hafa gefið lítið fyrir það enda sé það þreytt klisja erlendis að við Íslendingar gerum það.


„En það má segja að þegar afi fór að tengjast álfunum meira þegar hann fór að nálgast dauðann sá maður fegurðina í því, og kannski ekki síður myndlíkinguna fyrir ferðalagið sem fram undan var. Það er kannski ekki rétt að segja að ég trúi á álfa en það er eitthvað virkilega fallegt í þessari hugmynd og tenging við okkar menningararf sem mér er farið að þykja mjög vænt um."

Safnaði víni fyrir eigin jarðarför

Aðspurður segir hann stórfjölskylduna gríðarlega þakkláta fyrir myndina og Hlín bætir við að þau hafi fundið vel að allir væru með þeim í liði við gerð hennar.

„Meira að segja í jarðarför Trausta norður á Ströndum voru allir með, meira að segja presturinn, Hjálmar Jónsson, fyrrum dómkirkjuprestur, sem gaf líkförinni merki um að hinkra með kistuna á meðan ég stökk á milli með kameruna."

„Afi hafði skipulagt jarðarför sína í þaula og fólk vissi af því. Hann hafði til dæmis safnað sterku víni fyrir hana árum saman og geymt í kjallaranum hjá pabba. Hann hafði valið staðinn, tónlistarmennina og lögin og sagt mér að við yrðum auðvitað að taka hana upp þegar að því kæmi," segir Jón Bjarki en við upphaf athafnar var skenkt í glös brennivíni, viskíi og gini, allt að ósk hins látna. ■





*Gildir ekki með öðrum tilboðum. TAX FREE jafngildir 19,36% afslætti

Þetta er dagleg barátta

Fida Abu Libdeh flutti hingað frá Palestínu 16 ára gömul ásamt móður sinni og fjórum systkinum. Hún segist enn há daglega baráttu við fordóma en þrátt fyrir að hafa lært íslensku og menntað sig hér er hún enn spurð hvort hún sé komin til að þrífa.



Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Fida segir fordóma aukast því ofar sem hún komist. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Móðir Fidu, Amal Tamimi, sem síðar var fyrsta erlenda konan til að sitja á Alþingi, flutti með fimm börn sín hingað til lands árið 1995 þegar hún skildi við eiginmann sinn.

„Bróðir hennar, Salman Tamimi, sem lést í fyrra, var hér fyrir og hjálpaði okkur í upphafi, en þremur mánuðum eftir að við komum flutti hann til Svíþjóðar."

Fjölskyldan bjó sér heimili við Álfhólsveg í Kópavogi og lýsir Fida fyrstu árunum sem erfiðum.

„Við þekktum engan, áttum enga peninga og skildum ekkert. Þegar auglýsingabæklingar duttu inn um lúguna vissum við ekki hvort það væru rukkanir, hótanir um útburð eða hvað, þetta voru hræðilegir tímar," segir hún.

Fida var eins og fyrr segir 16 ára, næstelst í hópnum, en systir hennar var ári eldri og yngri börnin tíu ára, níu ára og fjögurra ára. Amal, móðir þeirra, sá fjölskyldunni farborða með þrifum í heimahúsum og síðar vinnu í fiski.

„Á þessum tíma voru fáir innflytjendur hér á landi," segir Fida, sem lýsir einangrun fjölskyldunnar. „En við áttum rosalega góða nágranna sem voru sífellt að passa upp á okkur, mættu í öll afmæli þegar við kunnum ekki einu sinni að syngja afmælissönginn og komu með kökur og hjálpuðu okkur að líða vel í okkar umhverfi."

Kerfið gerði ekki ráð fyrir þeim

Fida og systir hennar luku síðasta ári í Austurbæjarskóla og skráðust í Iðnskólann en hún segir að þá hafi áskoranirnar hafist af alvöru.

„Þá vorum við allt í einu orðnar fullorðnar og ekkert sniðið að okkur. Innflytjendur á okkar aldri voru fáséðir og kerfið gerði ekki ráð fyrir okkur. Við fórum í Iðnskólann því það þótti sniðugt að setja okkur í meira verklegt nám en bóklegt." Fida segir þær hafa notið sín í verklegu fögunum en ekki náð þeim bóklegu. Hún gafst þó ekki upp strax og reyndi í tvö ár þar til hún flosnaði upp úr námi. „Ég fór að vinna í Ömmubakstri með mömmu og kynntist þar fólki sem var að fara að vinna í fiski og fór með þeim í það. Þannig bjó maður til sitt eigið samfélag, þar var fólk sem skildi mig. Þar hafði fólk sama útlit, upplifanir og tilfinningar og ég náði að tengja betur við það."

Einskis virði án menntunar

Fida segir þetta hafa verið erfiða tíma fyrir hana persónulega enda alin upp við mikilvægi menntunar.

„Stríðið í Palestínu hefur nú staðið í 73 ár en menntunarstig þjóðarinnar hefur ekkert lækkað. Mér fannst ég einskis virði án menntunar. Hvernig ætlaði ég að láta rödd mína heyrast og breyta samfélaginu án menntunar? Ég var mjög óhamingjusöm og reið yfir stöðunni. Ég var reið út í Ísland, út í mömmu og út í sjálfa mig. Við komum hingað til að leita að betra lífi en líf mitt var ekkert betra hér."

Fida segir lífið í Palestínu vissulega hafa verið erfitt, bæði vegna stríðsástands og heimilisaðstæðna.

„Það ríkti mikið óöryggi en ég var samt sem áður hamingjusamari enda voru þetta allt utanaðkomandi aðstæður sem ég hafði ekki stjórn á. Ég gat ekki breytt stríðinu en ég gat lært, ég átti vini og gat tjáð mig."

Situr enn alltaf upp við vegg

Að alast upp við stríðsástand segir Fida setja mark sitt á allt lífið og ástandið á Gaza undanfarið hafi ýft upp sárar æskuminningar.

„Svo nú þegar ástandið er svona á Gaza upplifir maður mikið óöryggi og hræðslu. Reiðin og allar þessar neikvæðu tilfinningar blossa upp." Fida segist hafa lifað í stöðugum ótta á meðan hún bjó í Palestínu. „Ég var alltaf hrædd og enn þann dag í dag sit ég alltaf upp við vegg og vil ekki að neinn labbi aftur fyrir mig. Ég skutla dætrum mínum alltaf í skólann og fer ekki fyrr en þær eru komnar inn. Ég reyni að sannfæra mig um að ég sé örugg á Íslandi en maður losnar aldrei alveg við þennan ótta. Ég sef aldrei með lokaða hurð og það er fleira sem aldrei breytist."

> Ég var alltaf hrædd og enn þann dag í dag sit ég alltaf upp við vegg og vil ekki að neinn labbi aftur fyrir mig.
>
> Fida Abu Libdeh

Eins og fyrr segir hætti Fida í Iðnskólanum og fór að vinna í fiski. Meðfram því tók hún nokkra áfanga í kvöldskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti. „Ég var hálfnuð með stúdentspróf en féll alltaf í íslensku og dönsku."

Þegar hún svo heyrði af háskólabrú Keilis ákvað hún að sækja um skólavist.

„Ég hafði þá reynt að fá undanþágu við Háskóla Íslands en fengið afsvar svo ég var rosalega kvíðin og óttaðist höfnun. Ég var svo boðuð í viðtal og man enn tilfinninguna þegar ég fékk samþykkta skólavist," segir Fida og upprifjunin kallar fram tár. „Þar fékk ég jafnframt greiningu á lesblindu og stuðning vegna hennar. Það sem Keilir gerði fyrir mig og marga aðra innflytjendur var ótrúlegt og þannig fékk ég aðgang að háskólanámi," segir Fida uppnumin.

Mamma gafst ekki upp

Fida hóf nám í hagfræði við Háskóla Íslands en skipti fljótlega yfir í orku- og umhverfistæknifræði þaðan sem hún lauk prófi.

Fida kynntist eiginmanni sínum, Jóni Kristni Ingasyni, þegar þau störfuðu saman á Olísstöðinni við Álfheima. „Við fórum svo saman í Keili og í framhaldi í háskólanám en hann fór í viðskiptafræði."

Saman eiga þau Fida og Jón þrjár dætur, átta, tólf og fimmtán ára.

„Ég varð fyrst fyrir alvöru ákveðin í að gefast ekki upp á menntuninni þegar ég vissi að ég ætti von á elstu stelpunni. Ég vildi sýna henni að mamma hennar hefði ekki gefist upp," segir Fida og það er augljóst að frásögnin tekur á.

„Ég vissi að þetta væri stelpa og var ákveðin í að vera henni fyrirmynd og veita henni gott líf. Ég var meðvituð um að dætur mínar

myndu tilheyra jaðarhóp hér á landi. Þær eru af erlendum uppruna og við blönduð fjölskylda, en faðir þeirra var ættleiddur hingað frá Indónesíu sem kornabarn. Ég hef því í kringum þriðja bekk átt samtal um þessi mál við þær. Þá hafa þær verið farnar að fá athugasemdir frá skólafélögunum. Ég segi þeim að sumir munu dæma þær vegna nafns þeirra og útlits. Ég veit að oftast er þetta ekki illa meint þegar börn eiga í hlut en ég verð að sjá til þess að mín börn upplifi slíkar athugasemdir ekki á neikvæðan hátt og taki þær ekki inn á sig. Ég hvet þær til að vera þær sjálfar og bendi þeim á jákvæðar kvenkyns fyrirmyndir. Það er erfitt að útskýra fyrir börnum að þetta sé staðan. Að segja þeim að þau verði minni en aðrir því þau séu aðeins dekkri. En ég verð að gera það því við höfum bara daginn í dag og þær verða að vera undirbúnar," segir Fida ákveðin.

> Það er erfitt að útskýra fyrir börnum að þetta sé staðan. Að segja þeim að þau verði minni en aðrir því þau séu aðeins dekkri.
>
> Fida Abu Libdeh

Launalaus í stofunni

Fida vann lokaverkefni sitt í orku- og umhverfistæknifræði ásamt skólafélaga sínum, Burkna Pálssyni. „Ég skoðaði þá áhrif kísils á mannslíkamann og hann hreinsunaraðferðir á kísli. Þegar við útskrifuðumst fengum við enga vinnu enda ekki með neina starfsreynslu. Við sóttum þá um og fengum styrk úr Tækniþróunarsjóði til að halda áfram með lokaverkefnið og stofnuðum þá Geo Silica árið 2012." Geo Silica framleiðir náttúruleg íslensk fæðubótarefni og hefur sett á markað fimm vörur.

„Það tók fjögur ár að koma fyrstu vöru á markað og byrjaði auðvitað inni í stofu launalaust. En hún sló í gegn og 2019 fengum við utanaðkomandi fjármagn," segir Fida, en fyrirtækið er í dag metið á 700 milljónir króna.

Aðspurð um upphafið segist Fida hafa verið full af eldmóð í upphafi en fengið einhverja bakþanka þegar hún hafði verið launalaus í nokkra mánuði.

„Maður sveiflast upp og niður en þá skiptir máli að trúa á hugmyndina og vera með gott teymi í kringum sig sem hvetur mann áfram. Ég er líka vön að synda á móti straumnum og þekki ekkert annað en að berjast."

Munurinn eru karlmennirnir

Fida segist oft spurð um muninn á palestínskum konum og íslenskum en palestínskar konur eru þekktar baráttukonur og hafa tekið mikinn þátt í frelsisbaráttu Palestínu.

„Ég svara þá að það sé nánast enginn munur á baráttuviljanum, munurinn sé karlmennirnir. Íslenskir karlar standa með konunum sínum, þar liggur munurinn," segir Fida og segir eiginmann sinn þar enga undantekningu.

„Íslenskir karlmenn eru komnir miklu lengra en karlar annars staðar í heiminum og það er að miklu leyti skýringin á því að konur eru komnar þangað sem þær eru hér á landi. Það er kannski skrítið að segja það en stríðið í Palestínu hefur hjálpað konum þar mikið þar sem það hefur ýtt þeim framar. Þær eru í forsvari í baráttu Palestínu og hefur sú staðreynd breytt menningunni mikið. Ég var til dæmis send í eins konar kvennabúðir níu ára gömul. Þar var mér kennt að ég hefði rödd og hvernig ég ætti að bera ábyrgð á henni. Hvernig maður ætti að nýta sér frelsið."

Aðspurð um það hvernig karakter móðir hennar, sem kom hingað ein með fimm börn án þess að tala tungumálið, sé, segir Fida hana mikla baráttukonu.

„Ég veit ekki hvort ég hefði getað gert það sem hún gerði. Það segir mikið um karakter hennar."

Verða að vita hvaðan þær koma

Systkini Fidu gengu öll menntaveginn og gengur vel í dag en hún segir palestínskan bakgrunninn hafa mikil áhrif á það hver þau eru í dag.

„Við erum svolítið vænisjúk og æst," segir hún og hlær. „Það eru mikil læti þegar við komum öll saman. Við erum lítil fjölskylda og eigum okkur ekki sögu hér þó svo við séum öll gift Íslendingum, svo við leggjum mikið upp úr því að börnin okkar tengist og eigi hvert annað að."

Dæturnar þrjár bera allar bæði íslensk og palestínsk nöfn og það er augljóst að sú ákvörðun var Fidu hjartans mál. „Ég veit að það er erfiðara fyrir þær að bera palestínsk nöfn," segir hún og gerir stutt hlé á máli sínu. „Enda eru þær ólíklegri til að fá vinnu með útlenskt nafn. En þær verða að vita hvaðan þær koma."

Fida hefur frætt þær um uppruna sitt en þær hafa þó enn ekki heimsótt það. Sú mynd sem birtist þeim í fréttum gerir það að verkum að þær þora ekki að heimsækja heimaland móður þeirra. „Sú ímynd er ekki rétt en þó ég reyni að segja það við þær eru þær hræddar. Elsta systurdóttir mín fór með mér í heimsókn árið 2019, en hún er orðin 21 árs, og hún varð yfir sig hrifin."

Sjálf reynir Fida að heimsækja Palestínu á tveggja ára fresti enda býr faðir hennar þar ásamt eiginkonu sinni og þremur systkinum Fidu. „Það er gott að upplifa menninguna og hver maður er og fara svo aftur þangað sem maður á heima."

Talandi um heima viðurkennir Fida að alls staðar sé litið á hana sem útlending. Á dögunum var Fida ein þeirra sem stóðu fyrir mótmælum á Austurvelli vegna hernaðaraðgerða Ísraela í Palestínu.

Þar töluðu allir við mig á ensku. Það sem ég tók út úr þessu var að ég er ekki nægilega mikill Palestínu-

Álagningu skatta á einstaklinga er lokið



Niðurstaða álagningar er nú aðgengileg á þjónustuvefnum skattur.is

Barnabætur, sérstakur barnabótaauki, vaxtabætur og inneignir verða greiddar út 1. júní.

Upplýsingar um greiðslustöðu veitir Skatturinn og sýslumenn utan höfuðborgarsvæðisins.

Kærufresti lýkur 31. ágúst 2021.

Sími 442 1414 vegna upplýsinga um álagningu.
Sími 442 1000 vegna almennra fyrirspurna og innheimtu.

Skatturinn
skatturinn@skatturinn.is
Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

maður til að talað sé við mig á arabísku og ekki nægilegur Íslendingur til að talað sé við mig á íslensku," segir Fida og telur líklegt að dökkt litarhaft hennar og vestrænn klæðaburður rugli fólk í ríminu.

Hvað þarf ég að gera?

Fida viðurkennir að fyrirfram ákveðnar hugmyndir og fordómar sem hún mætir eigi það til að ergja hana.

„Þá hugsa ég, hvað þarf ég að gera til að öðlast jafnan rétt og verða jafningi? Það er nefnilega staðreynd að því hærra sem ég kemst því meiri eru fordómarnir. Ég er í stjórn samtaka sprotafyrirtækja og UN Women og bauð mig á dögunum fram sem formann Félags kvenna í atvinnulífinu. Þá fékk ég að heyra hversu flott það væri að fá einhvern af erlendum uppruna. Ég var ekki að bjóða mig fram af því ég er af erlendum uppruna. Ég er athafnakona. Ég er búin að fara í gegnum þetta sjálf. Frá hugmynd að 700 milljónum. Hvenær þarf ég ekki að byrja samtal á að svara hvaðan ég er og hvort ég tali íslensku?" segir hún ákveðin.

„Ég sé stundum að heili fólks er að springa þegar ég tala íslensku því það passar ekki inn í formið. Ég veit að þetta er ekki endilega illa meint en ég verð stundum pirruð. Ég er háskólamenntuð kona, frumkvöðull sem er búinn að byggja upp sitt eigið fyrirtæki og hvað þarf ég að gera meira til að verða jafningi, til þess að við byrjum samtalið á að spyrja hver mín skoðun á einhverju málefni er?"

Fida starfar í fremur karllægum orkugeiranum þar sem hún er oft eina konan og alltaf eini innflytjandinn að eigin sögn.

„Við hjá GeoSilica vorum eitt sinn með kvennakvöld til að kynna vörurnar okkar og ég var að segja gestum frá eiginleikum þeirra. Þá gefa sig þrjár konur á tal við mig, hrósa vörunum og ein spyr hver eigi fyrirtækið. Ég segi að ég eigi það – þetta sé spin off frá lokaverkefni mínu í háskóla. Hún segist vita það að þaðan hafi hugmyndin komið en ítrekar spurningu sína um hver eigi fyrirtækið. Ég segi aftur að það sé ég, ég sé eigandi fyrirtækisins. Þá segir hún: „Who's the owner of the company?"" segir Fida og það er augljóst að henni var ekki skemmt. „Þvílíka niðurlægingin fyrir mig, geturðu ímyndað þér hvernig þér myndi líða?"

Spurð hvort hún sé að vinna í Krónunni

Hún segist reyna að hafa jákvæðnina að leiðarljósi en það sé vissulega lýjandi að þurfa að sanna sig hvert sem hún fari.

„Þegar ég er að versla í Krónunni með börnin mín á fólk það til að spyrja hvort ég sé að vinna þar. Af hverju heldur fólk það? Hvers vegna? Fólk leyfir sér að lækka mannréttindastandardinn gagnvart okkur og finnst það mega segja hvað sem er.



Fida þurfti að hafa meira fyrir menntun sinni en margir enda talaði hún ekki orð í íslensku þegar hún flutti hingað til lands sextán ára gömul og var stuttu síðar greind lesblind. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Fjölskyldan hér öll saman komin, Fida og eiginmaður hennar, Jón Kristinn Ingason, ásamt dætrunum þremur, Watan, Tahrir og Asalah. MYND/AÐSEND

Þetta er dagleg barátta og stundum verð ég þreytt og reið. Ég er búin að gera þetta allt sem ég var beðin um. Ég er búin að læra málið, ég er búin að skapa vinnu fyrir Íslendinga, mennta mig í íslenskum háskóla og borga margfalt til baka það sem ég fékk. Hvað þarf ég að gera meira til að ég sé ekki spurð hvort ég sé að koma að þrífa?" segir Fida og rifjar í framhaldi upp nýlega sögu.

„Ég gekk þá inn á kaffistofu þar sem við erum með framleiðslu okkar. Þar sátu nokkrir karlar saman og þegar ég gekk inn stóðu þeir upp og spurðu: „Ertu að koma að þrífa?" Ég sagði af hverju í fokkinu haldið þið það?"

Fida segir þetta alls ekkert einsdæmi en hún sé loks farin að geta svarað fyrir sig, í fyrstu skiptin átti hún erfitt með að svara og varð lítil í sér.

„Ég hugsaði þá með mér að kannski væri ég ekki búin að vinna mér inn rétt til að vera hér. En það er auðvitað algjört rugl og ég er örugglega með meiri menntun en þessir karlar sem þarna sátu og með mikið meiri reynslu. En ég er kona í karllægu umhverfi og það hefur ekki meikað sens að ég væri þarna nema til að þrífa."

Fida segir það mikilvægt í sínum huga að hafa hátt og láta til sín taka því þannig sé hún bæði fyrirmynd dætra sinna og annarra kvenna af erlendum uppruna.

„Ég ætla að breyta norminu. Þó það sé óþægilegt að fara á hverjum degi út fyrir þægindarammann. Við getum allt sem við viljum. Ég og þú höfum jafna möguleika til að bjóða okkur fram til forseta, það er kannski aðeins erfiðara fyrir mig en ég get það. Ég er til dæmis orðin heimsfræg á Suðurnesjum," segir Fida og hlær en hún bæði býr og starfar í Reykjanesbæ.

Fjölskyldan í Jerúsalem

„Ég er þakklát fyrir að hafa endað hér og að dætur mínar alist hér upp þar sem þær geta orðið allt sem þær vilja. Ég vil bara vekja athygli á því sem við mættum laga og treysti á að þjóðin okkar geti lagað það. Ég elska Ísland og alls staðar sem ég fer segist ég koma frá Íslandi og tala um Ísland. Menntun mín er héðan, börnin mín eru hér, starfið mitt er hér og lífið mitt er hér þótt hjartað mitt sé líka í Palestínu."

Talandi um Palestínu þar sem ófremdarástand hefur ríkt undanfarið segist Fida eiga erfitt með að horfa upp á stöðuna þar og geta lítið gert.

„Ég reyni að vekja athygli á málefnum Palestínumanna og er dugleg að pósta fréttum á samfélagsmiðlum, en það er lítið sem við getum gert hér. Fjölskyldan mín er í Jerúsalem svo þau eru ekki á hættusvæði en líður illa andlega. Það er verið að drepa börn fyrir framan augu okkar. Það verður að stoppa." ■



FRUMSÝNING

LAUGARDAG Á MILLI KL. 12-16

GOÐSÖGNIN ER MÆTT RAFMÖGNUÐ



JEEP WRANGLER RUBICON 4XE PLUG-IN-HYBRID ALVÖRU JEPPI MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID

VERÐ FRÁ KR. 9.490.000

LAUNCH EDITION KR. 10.490.000

35”-40” ÍSBAND BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI FRÁ KR. 300.000

FORSÝNUM NÝJAN JEEP COMPASS MEÐ NÝRRI GLÆSILEGRI INNRÉTTINGU. SÝNUM EINNIG JEEP RENEGADE 4XE PLUG-IN-HYBRID, JEEP GRAND CHEROKEE OG RAM PALLBÍLA.



JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID
VERÐ FRÁ 5.999.000 KR.



JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID
VERÐ 5.499.000 KR.



JEEP GRAND CHEROKEE
VERÐ FRÁ 11.690.000 KR.



40” BREYTTUR

RAM 3500
VERÐ FRÁ 7.627.358 KR. ÁN VSK.
9.457.923 KR. M/VSK.

ISBAND **UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI** • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300WWW •.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep | 4xe

Afríkureisan erfiðasta þolpróf lífs míns

Karolis Kosys, vagnstjóri hjá Strætó, varð fyrir líkamsárás í Kenía og var yfirheyrður í Ísrael á leið sinni frá Litáen til Suður-Afríku á mótorhjóli nefndu eftir dreka. Hann sýnir myndir frá Ódysseifsför sinni í biðstofu Strætó í Mjóddinni.



Ingunn Lára Kristjánsdóttir
ingunnlara@frettabladid.is



Karolis Kosys heldur ljósmyndasýningu á biðstofu Strætó í Mjóddinni. Hver ljósmynd segir sögu frá ferðalagi hans um 23 lönd yfir 18 mánaða tímabil. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Karolis Kosys, 35 ára litáískur vagnstjóri hjá Strætó, ólst upp í sjávarþorpinu Nida á gullfallegri strandlengju á milli Eystrasalts og Kúróníu-lónsins, sex kílómetrum frá landamærum Rússlands. Á þessum vinsæla sumardvalarstað má finna hvítar strendur, krúttleg timburhús og hinn dularfulla „dansandi skóg“ þar sem furutré vaxa í hringi og spírala.

Ferðasaga Karolis hefst í þessu sjávarþorpi en þaðan lagði hann af stað í átján mánaða leiðangur um 23 lönd, 37.894 kílómetra leið til Höfðaborgar til að hitta Litvaka, stærsta samfélag Litáa af gyðingaættum sem fluttust til Suður-Afríku í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar. Farartæki Karolis var mótorhjól að nafni Naglis, nefnt eftir dreka í kúrónískum þjóðsögum sem gerði tilraun til að eyðileggja téða strandlengju.

Við erum stödd á biðstofu Strætó í Mjóddinni þar sem má finna ljósmyndir úr Ódysseifsför Karolis. Á einni myndinni á sýningunni má sjá ferðalanginn hvíla sig í litlu herbergi á landamærum Súdans og Eþíópíu en hann lýsir í samtali við blaðamann hvernig landamæraeftirlitið slaknaði eftir því sem hann ferðaðist sunnar um Afríkuálfuna.

Sex klukkutíma yfirheyrsla

Súdan er uppáhaldslandið hans; íbúar landsins sýndu honum mikla gestrisni eftir mikið álag á landamærum Ísraels, Egyptalands og Jórdaníu. Ferðin hafði gengið eins og í sögu frá Litáen til Búlgaríu en þegar komið var til Tyrklands fóru hlutirnir að flækjast enda gat hann ekki ekið í gegnum hið stríðshrjáða Sýrland. Fékk hann þá far með flutningaskipi sem var að flytja þrettán trukka til Ísraels með varning handa Sýrlendingum.

„Skipið var víst ekki á skrá. Þegar Ísraelarnir kíktu á ferðaskjölin mín og sáu að ég væri á leið til Súdan var ég færður inn í yfirheyrsluherbergi.“ Var hann þá yfirheyrður í sex klukkustundir. „Þetta var bara heilaþvottur og ég eiginlega missti vitið inni í þessu yfirheyrsluherbergi. Landamæraeftirlitið vissi ekki alveg hvað það ætti að gera við mig og hermennirnir sem yfirheyrðu mig voru ógnvekjandi.“

Karolis náði loks sambandi við sendiráð sitt, sem hringdi í utanríkisþjónustu Litáens sem kom honum út úr landinu. Þaðan lá leið Karolis til Egyptalands en honum til skelfingar var hann sendur aftur til Ísraels vegna vandamála með pappíra hans. „Ég var ráðalaus og vildi ekki enda aftur í yfirheyrsluherberginu svo ég ákvað að smygla mér inn í Jórdaníu.“

Þráði að komast burt

Þar heyrði hann frá öðrum ferðalang að hann gæti tekið ferju frá Aqaba, Jórdaníu, að Nuweiba á Sínaískaga. „Ég þráði ekkert heitar en komast frá þessum löndum. Þeir voru stöðugt að bæta í einhver ferðaskjöl, saka mig um skjalafölsun og neyða mig til að borga fyrir hvert einasta blað.“

Mesta flækjan var að komast inn í Afríku að sögn Karolis. „Ég ferðaðist í gegnum eyðimerkur, varð fyrir líkamsárás, lenti í bílslysi og ók yfir fjallvegi í úrhellisrigningu, en að fást við skriffinnskubrjálæðið í Egyptalandi og Ísrael var það erfiðasta við þessa ferð.“

Loks þegar hann komst að landamærum Súdans var hann orðinn örmagna. Þar reyndu landamæraverðir að rukka Karolis fyrir hitt og þetta, að því er virtist af handahófi, og á einum tímapunkti krafðist Karolis þess að fá að sjá nótu fyrir öllu. „Þá ætluðu þeir að reyna að rukka mig fyrir afrit af nótunni,“ segir hann hlæjandi. En aftur kom sendiráðið til bjargar og fékk Karolis að ferðast óáreittur. „Þá opnuðust allar dyr. Ég man að ég skalf af reiði og vanmáttarkennd en ég var tilbúinn að hefja ferðina í gegnum Afríku.“

En brautin fram undan var því miður þyrnum stráð. Á ferð yfir landamæri Súdans og Eþíópíu, í ljósaskiptum dags og nætur, ók Karolis hjólinu ofan í djúpan skurð.

„Ég var orðinn virkilega hræddur þegar myrkrið fór að skella á. Þarna var mikil hætta á ferðinni; ég heyrði í hýenum og varð hræddur um að verða þeim að bráð. Svo var rigning og flóð í spákortunum og mér leist ekkert á ógnarskýin sem færðust yfir himininn. Ég notaði alla mína krafta til að losa hjólið því ég ætlaði ekki að taka sénsinn á að tjalda eða ferðast að nóttu til. Maður gerir það ekki í Afríku, það getur bókstaflega verið upp á líf og dauða.“

Tæpum klukkutíma síðar náði Karolis að losa Naglis úr skurðinum og komst leiðar sinnar, sem lá um stóru vötnin við Sigdalinn mikla.

Barinn með kúbeini

Þegar Karolis var kominn hálfa leið í gegnum Afríkuálfu þurfti hann að binda enda á ferðina, að minnsta kosti í nokkra mánuði, eftir að hann var rændur í Mombasa.

„Kærastan mín kom að heimsækja mig í Kenía. Ég beið á hjólinu fyrir utan íbúðina hennar þegar nokkrir menn lögðu bílnum sínum fyrir aftan mig. Ég klæddi mig úr jakkanum og ætlaði að taka af mér hjálminn en einhver lítil rödd aftast í höfðinu á mér sagði mér að halda hjálminum og guði sé lof fyrir það.“

Þá læddist einn mannanna úr bílnum upp að honum og sló hann með kúbeini í höfuðið og öxlina. „Öxlin á mér var alveg ónýt og það tók mig sex mánuði að jafna mig eftir þessa árás.“

Mennirnir rændu veskinu hans og jakka ásamt öllum ferðaskjölum hans og vegabréfi. Eftir árásina ákvað hann að fara heim til Litáens að jafna sig og mánuði síðar sneri hann aftur til Kenía til að halda för sinni áfram til Suður-Afríku.

Hársbreidd frá dauða á fjallvegi

Við færum okkur að myndum við hliðina á sjálfsalanum í biðstöð Strætó sem sýna fjögur mismunandi veðurskilyrði. Blaðamaður spyr hvort þetta séu myndir af árstíðunum í Afríku og Karolis svarar að þetta sé allt frá einum degi á fjallvegi í Búrúndí í Mið-Afríku.

„Þetta var versti veðurdagurinn í ferðinni. Ég var að aka í gegnum mikið fjalllendi í aftakaveðri; hagl-él, úrhellisrigning, flóð og þrumur og eldingar. Í lok dagsins fann ég gististað og sofnaði strax og þegar ég vaknaði daginn eftir helltist eitthvert flóð af tilfinningum yfir mig. Á þessum fjallvegi var ég hársbreidd frá dauðanum og hafði ekki áttað mig á hættunni fyrr en allt datt í dúnalogn.“

Ferðin tók átján mánuði en í raun varði Karolis fimm árum af lífi sínu í að undirbúa hana. Fjölskyldan spurði hann hvers vegna í ósköpunum hann ákvað að leggja af stað í þessa hættuför og Karolis hefur í raun ekki svar við því.

„En eitt veit ég með vissu að þegar ég lagði af stað var ég ótengdur sjálfum mér og þekkti ekki mörkin mín. Á leiðinni fann ég mikla tengingu við mótorhjólið, þennan ferðafélaga sem hélt mér á lífi. Fólk áttar sig kannski ekki á því hvað maður er berskjaldaður á svona hjóli. Ef það bilaði þá þurfti ég að laga það, hvort sem ég var staddur í eyðimörk eða drullupolli og ég gat ekkert hoppað upp í rútu til að stytta mér leið. Á sama tíma þurfti ég að glíma einn og óstuddur við náttúruöflin. Þetta reyndist vera erfiðasta þolpróf lífs míns.“

Þegar Karolis komst loks á leiðarenda fann hann fyrir gríðarlegum létti.

„Þetta voru endalok á einhverju óskiljanlegu. Ég er enn að vinna úr þessari upplifun og þessi ljósmyndasýning er leið til að skilja betur hvað það var sem ég gekk í gegnum. Mjóddin er svolítið hrár staður sem mér fannst passa vel fyrir mig og ég hvet fólk til að staldra við og skoða myndirnar eða jafnvel halda sínar eigin sýningar. Hér er margt hægt að gera, eins og að kíkja í Afríkureisu meðan maður bíður eftir Strætó.“ ■



Veðrið stöðugt að breytast: Kona hjólar á sólríkum degi, í fjarska sjást ógnarský. MYNDIR/AÐSENDAR



Lestarstjóri gaf vagnstjóranum Karolis þumalinn þegar hann tók fram úr lestinni eftir mikla eyðimerkurför.



Börn í litlum þorpum víða um Afríku vildu kíkja á hjólið Naglis, sem var talsvert kröftugra en þau voru vön að sjá.

> Ég er enn að vinna úr þessari upplifun og þessi ljósmyndasýning er leið til að skilja betur hvað það var sem ég gekk í gegnum.
>
> Karolis Kosys.

LAND ROVER DISCOVERY SPORT

UPPGÖTVAÐU HRÍFANDI NÝJUNGAR

ABOVE & BEYOND

landrover.is



Bíll á mynd er Discovery Sport HSE

NÝTT ÚTLIT, NÝ INNRÉTTING OG NÚ LÍKA PLUG-IN HYBRID

Land Rover Discovery Sport er einn glæsilegasti millistærðarjeppi sem völ er á. Nýtt útlit minnir á stóra bróður, sjálfan Discovery, og innréttingin er öll með glæsilegasta móti. Verið velkomin í reynsluakstur því sjón er sögu ríkari.



LAND ROVER DISCOVERY SPORT

S DÍSIL 163 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn. Verð: 9.290.000 kr.
S PHEV 309 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn. Verð: 9.990.000 kr.

LAND ROVER
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

ENNEMM / SÍA / NM006031



Aurore Pelier er franskur sætabrauðskokkur, eða pastry chef. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sætir franskir draumar



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Franski sætabrauðskokkurinn Aurore Pelier á sér draum um kökuverslun í Parísarstíl í Reykjavík og hefur sett af stað söfnun á Karolina Fund til að freista þess að láta drauminn verða að veruleika.

Aurore Pelier lærði listina að útbúa alvöru franskt sætabrauð í hinum virta skóla Institut Paul Bocuse og öðlaðist í framhaldi reynslu á virtum stöðum í höfuðborg Frakklands. Hún starfaði á Four Seasons George V hótelinu, KL Pâtisserie, Un Dimanche A Paris og Lancaster.

„Ég hef nú starfað í þessum geira í fimmtán ár en að opna mína eigin verslun hefur alltaf verið draumurinn. Sá draumur varð enn sterkari þegar ég vann við hliðina á Kevin Lacote, frægum frönskum bakara, fyrir opnun verslunar hans KL Patisserie Paris árið 2017."

Aurore ólst upp í Angers, lítilli borg í Anjou-héraði í vesturhluta Frakklands, sem er rómað fyrir matargerð sína og vín. Eftir að hafa búið og starfað ellefu ár í París þar sem hún byggði upp starfsferil sinn langaði Aurore að breyta til. „Ég hef mikinn áhuga á norrænni matargerð og menningunni almennt." Hún hafði heimsótt Ísland tvisvar áður en hún tók ákvörðun um að flytja hingað árið 2019 og byrja upp á nýtt. Hún fann fljótt að Ísland hentaði henni fullkomlega. „Stærð Reykjavíkur er þægileg, náttúran er innan seilingar og samfélagsgerðin hentar mér vel."

París bíður á sínum stað

Hún segir fjölskyldu sína dreifða um Frakkland en að flestir vinanna séu í París. „Ég sakna Frakklands oft, matarins, menningarinnar, náttúruvínanna, sætabrauðsins, listaflórunnar og auðvitað vinanna. En ég er að reyna að byggja eitthvað upp í Reykjavík og er sátt við líf mitt eins og það er í dag. París verður áfram á sínum stað og bíður þess að ég heimsæki hana," segir hún brosandi.

Aurore starfar nú sem matreiðslumaður á veitingastaðnum Dill en mun jafnframt verða gestasætabrauðskokkur á kaffihúsi í sumar. „Einnig hef ég unnið með matvælafyrirtækjum að framleiðslu minna eigin makkarónu og aðstoðað við ýmsa viðburði."

Eins og fyrr segir dreymir Aurore um að opna sína eigin sætabrauðsverslun í frönskum anda en hún segist strax hafa fundið að það vantaði hér á landi. Til þess að draumurinn geti orðið að veruleika hefur hún sett af stað söfnun á Karolina Fund þar sem hægt er að leggja verkefninu lið með því að kaupa af henni sætindi eða námskeið í franskri sætabrauðsgerð.

Vantaði hágæða sætabrauðsbúðir

„Þegar ég flutti til Íslands tók ég eftir að það voru ekki til franskar hágæða sætabrauðsbúðir og mig langar til að verða sú fyrsta til að opna slíka í þessu yndislega landi. Þetta yrði kökuverslun í Parísarstíl þar sem boðið yrði upp á hágæða sætabrauð, allt heimabakað að sjálfsögðu. Mér finnst gaman að bjóða upp á franska klassík eins og sítrónu-marenstertu Saint Honoré, sem er klassískur franskur eftirréttur, eða makkarónur. En svo er líka enn skemmtilegra að gefa þessum frönsku réttum smá íslenskt ívaf, eins og til dæmis eldfjallið með reyktu súkkulaði ganache í tilefni af nýja eldgosinu. Mér finnst líka gaman að vinna með árstíðirnar og staðbundnar afurðir og er að reyna eftir bestu getu að nýta hráefni vel og nota endurunnar umbúðir," segir hún.

Lokastaðsetning verslunarinnar er ekki frágengin en Aurore er bjartsýn á að fá góða staðsetningu miðsvæðis þar sem hún geti boðið upp á kökur, kaffi og heitt súkkulaði. „Mig langar jafnframt að bjóða upp á námskeið fyrir litla hópa og að staðurinn sé þannig hannaður að hægt sé að fylgjast með kökunum verða til."

Þó nokkur tími er enn til stefnu í söfnuninni en samkvæmt reglum Karolina-sjóðsins þarf sá sem efnir til söfnunar að ná takmarki sínu eða öll framlög eru endurgreidd.

Skoða má söfnun Aurore á: karolinafund.com/project/view/3335

Og á vefsíðu hennar má finna nánari upplýsingar um hana sjálfa og framtíðarverkefnið: sweetaurorareykjavik.com/ ■



Sítrónu-marengstertan er ein af þessum klassísku sem Aurore dreymir um að bjóða upp á í verslun sinni.



Safaríkar sítrónur henta einnig vel í makkarónubakstur. MYND/AÐSEND



Aurore hefur starfað við fagið í fimmtán ár og lærði við hinn virta franska hótelrekstrarskóla Institut Paul Bocuse. MYND/AÐSEND

Sítrónumarengsbaka

Möndludeigsbotnar

180 g smjör
¼ tsk. salt
135 g flórsykur
60 g möndlumjöl
1 mjög stórt egg
310 g hveiti

Hrærið öllu saman, fletjið deigið þykkt út og geymið í ísskáp yfir nótt.

Fletjið þá deigið þunnt út og skerið það út í tvo hringi, nokkru stærri en bökuformin sem á að nota.

Smyrjið tvö bökuform, leggið deigið yfir og þrýstið því niður, pikkið deigbotninn með gaffli og látið standa í ísskáp í klukkustund.

Hitið ofninn í 180 gráður og bakið í 10 mínútur.

Sítrónukrem

75 ml sítrónusafi
90 g sykur
2 meðalstór egg
120 g smjör

Setjið sítrónusafann í pott og hitið að suðu. Þeytið sykur og egg saman í skál.

Hellið sjóðandi sítrónusafa smátt og smátt út í og þeytið á meðan.

Hellið hrærunni aftur í pottinn og hitið þar til hún þykknar og sýður. Hrærið stöðugt í eina mínútu á meðan hræran sýður.

Setjið smjörið í skál, hellið sjóðheitri blöndunni yfir, hrærið vel og látið kólna.

Hellið blöndunni jafnt í bökuskeljarnar og frystið í klukkustund.

Ítalskur marengs

100 g eggjahvítur
280 g sykur
50 ml vatn

Setjið sykur og vatn í lítinn pott og sjóðið þar til hitinn mælist 120 °C á hitamæli.

Þeytið eggjahvíturnar vel í hrærivél.

Hellið sykursírópinu saman við í mjórri bunu og þeytið stöðugt, þar til marengsinn er farinn að kólna.

Sprautið marengsinum á kaldar bökurnar og notið brennara til að brúna hann.

Bökurnar má skreyta með nýrifnum eða sykruðum sítrónuberki.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGABLAÐ

LAUGARDAGUR 29. maí 2021





Reyklausi dagurinn er alltaf 31. maí ár hvert. Þessi dagur er tilvalinn til að setja sér markmið og hætta reykingum.

Til hamingju með Reyklausa daginn

Ertu til í heilbrigðara líf? Þú getur hætt – við getum hjálpað þér. 2





Nicorette hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1986.

Sjö mismunandi lyfjaform
Í dag býður Nicorette upp á sjö mismunandi lyfjaform, segir Jódís Brynjarsdóttir reykleysisráðgjafi og viðskiptastjóri hjá Vistor hf. Þú getur notað Nicorette ef þú vilt hætta alveg að reykja, hætta tímabundið eða til að draga úr reykingum.

Hægt er að velja um lyfjatyggigúmmí, munnsogstöflur, plástur, munnholsúða, nefúða, tungurótartöflur eða innsogslyf. Lyfjatyggigúmmí skal tyggja rólega og láta liggja kyrrt í munninum öðru hverju. Innsogslyfi skal anda að sér í gegnum munnstykkið. Nefúða er úðað í hvora nösina. Forðaplástur er settur á húð. Munnsogstöflur eru látnar leysast upp í munni. Tungurótartöflur eru látnar leysast upp undir tungu. Munnholsúða skal úða í munn.

Af hverju að nota nikótínlyf?
Nikótínlyf draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki.

Fráhvarfseinkenni og reykþörf eru helsta ástæða þess að fólk byrjar aftur að reykja en einkennin geta verið margvísleg, bæði tilfinningaleg og líkamleg svo sem;

- svefnleysi og depurð
- skapstyggð
- ergelsi eða reiði

> Nikótínlyf draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki.

- kvíði og eirðarleysi
- hægari hjartsláttur
- aukin matarlyst eða þyngdaraukning
- hósti
- hægðatregða
- reykþörf

Skammtastærðin fer eftir því hversu háður þú ert nikótíni. Það er einstaklingsbundið hversu lengi fólk þarf að nota Nicorette.

Þú skalt ekki nota Nicorette lengur en í 9-12 mánuði. Þú gætir þó haft þörf fyrir að nota Nicorette í lengri tíma til að koma í veg fyrir að byrja að reykja aftur. Ráðfærðu þig við lækninn eða heilbrigðisstarfsfólk.

Að nota tvö lyfjaform samtímis
Ef ef þú ert mjög háð(ur) nikótíni geturðu notað tvö lyfjaform samtímis. Þá er Nicorette Invisi forðaplástur notaður í grunninn sem gefur jafnan nikótínskammt allan daginn samhliða öðru lyfjaformi sem vinnur gegn skyndilegri nikótínþörf, til dæmis Nicorette lyfjatyggigúmmí, QuickMist munnholsúði, Microtab tungurótartöflur, innsogslyf eða Cooldrops munnsogstöflur.



Jódís Brynjarsdóttir, reykleysisráðgjafi og viðskiptastjóri hjá Vistor hf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Nicorette býður upp á 7 mismunandi lyfjaform.

> Þú getur notað Nicorette ef þú vilt hætta alveg að reykja, hætta tímabundið eða til að draga úr reykingum.

Hversu mikið nikótín þarftu
Það er mikilvægt að þú fáir nóg nikótín í upphafi reykleysis svo þú eigir síður á hættu á að falla. Fagerström-prófið gefur þér hugmynd um hve háð(ur) þú ert nikótíni, en tekur einnig tillit til reykingavenja þinna. Hægt er að nálgast prófið og fá ráðgjöf um val á lyfi í öllum apótekum.

Hefurðu áhyggjur af þyngdaraukningu ef þú hættir að reykja?
Sýnt hefur verið fram á að notkun nikótíntyggigúmmís í ráðlögðum skömmtum hjá konum, getur hjálpað til við að vinna gegn þyngdaraukningu í kjölfar þess að reykingum er hætt. ■

nicorette
gerðu eitthvað magnað

Nicorette nikótínlyf (innihalda nikótín) við tóbaksfíkn. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholsúðinn og munnsogstöflurnar eru fyrir 18 ára og eldri. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á serlyfjaskra.is. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson
Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

REYKLAUSI DAGURINN
MÁNUDAGINN 31. MAÍ
nicorette®



ÖFLUGIR GÓÐGERLAR fyrir alla fjölskylduna

Af bæði eigin reynslu og í gegnum starf mitt sem hjúkrunarfræðingur hef ég áttað mig á því hversu stór partur af heilsu fólks er tengdur meltingarveginum. Regluleg inntaka á góðgerlum styður við heilbrigða þarmaflóru og eflir ónæmiskerfið. Ég get svo sannarlega mælt með **Bio-Kult** vörunum sem hluta af heilbrigðum lífsstíl.

Laufey Steindórsdóttir,
hjúkrunarfræðingur og jógakennari.

Bio-Kult®

stendur vörð um þína heilsu

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

Katrín fékk innblástur frá æskuárunum

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra er mikil fjölskyldumanneskja og líður best heima í faðmi fjölskyldunnar. Hún og eiginmaður hennar, Gunnar Sigvaldason, hafa búið sér og sonum sínum þremur fallegt heimili sem á sér sterka skírskotun í æsku Katrínar.



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@frettabladid.is

Katrín hafði strax sterka skoðun á því hvernig eldhús hana langaði í. Hugurinn leitaði til uppvaxtaráranna og minninga frá eldhúsinu heima. Katrín segir að hjarta heimilisins slái í eldhúsinu og þar eigi fjölskyldan iðulega sínar bestu samverustundir.

„Hjarta heimilisins slær í eldhúsinu, þar borðum við saman og spjöllum um daginn og veginn," segir hún. Fyrsta sem vekur eftirtekt þegar inn kemur er eldhúsinnréttingin sem fangar augað og er mikil nostalgía, það er eins og við séum komin aftur til fortíðar, gamla tímans.

„Eldhúsinnréttingin var teiknuð af vinkonu minni, Evu Huld Friðriksdóttur, þegar við fluttum inn og var smíðuð fyrir okkur. Ætlunin var að tengja við eldhúsinnréttingar sjötta áratugarins enda er húsið byggt þá og ég alin upp í eldhúsi og íbúð frá þeim tíma."

Litapallettan í innréttingunni er sérstaklega skemmtileg, er einhver saga bak við hana?

„Þetta var nú bara ákvörðun – að meginliturinn væri hvítur og bjartur en svo kæmu aðeins hressari litir við sögu enda höfum við gaman af litum."

Afslappað og heimilislegt

Katrín leggur mikið upp úr því að hafa heimilið hlýlegt og öllum líði vel. „Ég held að ég sé nú frekar heimilisleg og afslöppuð. Vil gjarnan hafa snyrtilegt í kringum mig, nýta hlutina vel og hef gaman af litum í umhverfinu."

Flestir hlutir heimilisins eiga sér sögu og eldhúsið prýða margir munir sem bæði ylja og rifja upp góðar minningar hjá Katrínu. „Þarna er til dæmis kaffikanna frá ömmu og afa, ketill sem mamma og pabbi fengu í brúðargjöf og tekanna sem vinkona mín hélt á heim frá París af því að mér fannst hún svo bráðnauðsynleg. Mikil ást á bak við þetta allt saman."

Er einhver hlutur í eldhúsinu sem þú heldur meira upp á en annan?

„Erfitt að segja. Góðir pottar eru auðvitað gulls ígildi því að matseldin verður skemmtilegri og svo er pressukannan okkar í stöðugri notkun," segir Katrín.

> **Hjarta heimilisins slær í eldhúsinu, þar borðum við saman og spjöllum um daginn og veginn.**



Katrín Jakobsdóttir á sér leyndarmál í eldhúsinu sem hún upplýsir um.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á ísskápnum er fjöldi segla sem endurspegla mörg góð ráð og góðar lífsreglur. Katrín segir að það hafi ekki verið samantekin ráð að safna seglunum. „Eiginlega safna ég þeim ekki en þetta er samt 20 ára seglasafn. Þetta er svona eitthvað sem bara gerist. Nema auðvitað Abba-seglarnir sem voru keyptir eftir góða heimsókn á Abba-safnið í Stokkhólmi."

Leyndarmál Katrínar

Áttu þér eitthvert leyndarmál í eldhúsinu sem þú ert til í að afhjúpa?

„Það er auðvitað hillupappírinn í skápunum, þekki engan annan sem er með jafn mikið dálæti á hillupappír og hann er líka mjög í anda sjötta áratugarins," segir Katrín og hlær. Katrínu finnst jafnframt ómissandi að hafa mat í hverju eldhúsi. „Hvernig væri eldhús án matar?" segir hún og brosir. Stóra leyndarmálið hjá forsætisráðherra er líka afhjúpað. „Öll bestu samtölin fara fram í eldhúsum þessa heims, held ég," segir Katrín að lokum. ■



Að sjálfsögðu eru bækur í eldhúsinu hjá Katrínu og ekki endilega matreiðslubækur.



Skemmtileg blanda af litum sem kemur vel út.



Eldhúsinnréttingin var teiknuð af vinkonu Katrínar, Evu Huld Friðriksdóttur, þegar fjölskyldan flutti inn og var smíðuð fyrir þau eftir hugmyndum húsmóðurinnar.



Borðkrókurinn er með stólum í stíl við innréttinguna. Þarna hafa eflaust mörg áhugaverð málefni verið rædd.



FRÉTTABLAÐIÐ

Vörubílar og vinnuvélar

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 29. maí 2021

Kynningar: Sleggjan, Lyfta.is.



Guðmundur Björnsson, framkvæmdastjóri Sleggjunnar, og Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju, eru himinglaðir með samstarfið og hlakka til framtíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í samstarf um aukna þjónustu við Mercedes-Benz vöru- og hópferðabíla

Bílaumboðið Askja og Sleggjan hafa gengið til samstarfs um þjónustu við Mercedes-Benz, Setra og Unimog vöru- og hópferðabíla. Jafnframt mun Sleggjan þjónusta vagna, krókheysi og annan búnað frá Meiller. **2**



Verkefni Sleggjunnar eru fjölbreytt við þjónustu allra bíltegunda.



Vörubíll á verkstæði Sleggjunnar.




Sleggjan þjónustar allar tegundir og merki vörubíla og hópferðabíla.



Mercedes-Benz er meðal bestu framleiðenda heims og hefur undanfarin ár verið annar mest seldi vörubíllinn á Íslandi. MYND/AÐSEND



Starfsstöðvar Sleggjunnar eru á tveimur stöðum og þar starfa nú hátt í 30 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sleggjan er alltaf að bæta við þjónustu sína og býður meðal annars hjólastillingar fyrir allar tegundir vörubíla, bremsuprófanir og fyrirbyggjandi viðhaldsviðgerðir.



Aðstaða og allur tækjabúnaður á verkstæðum Sleggjunnar er fyrsta flokks.

„Sleggjan hefur tekið yfir þjónustu, viðgerðir og viðhald á Mercedes-Benz vöru- og hópferðabílum og á sama tíma tekið við atvinnubílaverkstæði Öskju sem hefur alfarið færst úr húsnæði Öskju til Sleggjunnar," upplýsir Guðmundur Björnsson, framkvæmdastjóri og eigandi Sleggjunnar.

Hann segir starfsemi Sleggjunnar þó haldast óbreytta.

„Áfram verða allir og öll bílamerki velkomin í nýtt og vel útbúið verkstæði okkar að Desjamýri 10 í Mosfellsbæ og Klettagörðum 4 í Reykjavík, og verða starfsmenn félagsins við þessa breytingu hátt í 30 talsins."

30 ára traust og góð þjónusta

Sleggjan var stofnuð árið 1990 og byggir því á 30 ára grunni með traustan hóp viðskiptavina.

„Við fögnum mjög samstarfinu við Öskju um þjónustu við Mercedes-Benz vörubíla og hópbifreiðar. Mercedes-Benz er meðal bestu framleiðenda heims, og jákvæð og spennandi áskorun að taka við allri þjónustu við þessa bíla," segir Guðmundur.

Sleggjan mun áfram sinna alhliða viðhaldi við vörubíla og vagna af öllum tegundum eins og félagið hefur gert undanfarna áratugi.

„Jafnframt fáum við til Sleggjunnar vel þjálfaðan mannskap og allan þann tækjabúnað sem Askja hefur byggt upp í kringum þessa þjónustu. Starfsstöðvar okkar eru á tveimur stöðum og er lögð áhersla á að veita alla þá þjónustu sem viðskiptavinurinn þarfnast á báðum stöðum."

Þó verður lögð áhersla á forgreiningu og hraðþjónustu í Klettagörðum og smurþjónusta verður í Desjamýri.

„Þannig munu viðskiptavinir Mercedes-Benz og Sleggjunnar nú hafa aukinn aðgang að fjölbreyttri þjónustu okkar, til dæmis í tengslum við aftanívagna og eldri bíla," segir Guðmundur.

> **Sleggjan mun áfram sinna alhliða viðhaldi við vörubíla og vagna af öllum tegundum, eins og félagið hefur gert undanfarna áratugi, og áfram verða allir og öll bílamerki velkomin í nýtt og vel útbúið verkstæði okkar.**
>
> Guðmundur Björnsson.

Aukin fjölbreytni og aðgengi

Sleggjan býður upp á þjónustu fyrir allar tegundir vörubíla og hópbifreiða, gamlar sem nýjar.

„Við erum alltaf að bæta við þjónustu okkar og bjóðum meðal annars upp á hjólastillingu fyrir allar tegundir vörubifreiða, löggildingu ökurita, vistun gagna úr ökurita og ökuritakorta, viðhald á loftkælingarkerfi (AC-kerfi), bremsuprófanir, ástandsskoðun, ljósastillingu og fyrirbyggjandi viðhaldsviðgerðir, svo eitthvað sé nefnt," greinir Guðmundur frá.

Undanfarin ár hefur Mercedes-Benz verið annar mest seldi vörubíllinn á Íslandi og í gegnum tíðina hafa Mercedes-Benz og Setra-hópferðabílar verið langvinsælustu gerðirnar í hópferðaakstur.

Bílaumboðið Askja mun áfram vera með sölu nýrra bíla og varahluti.

„Við hjá Öskju fögnum því að koma að starfsemi Sleggjunnar. Félagið hefur verið vel rekið fjölskyldufyrirtæki og hefur gott orðspor meðal sinna og einnig okkar viðskiptavina. Með okkar innkomu í félagið verður til enn öflugra þjónustufyrirtæki sem mun taka næstu skref í að þjónusta og auka enn fjölbreytni og aðgengi eigenda Mercedes-Benz, Setra og Unimog vöru- og hópferðabíla að góðri þjónustu," segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju. ■

Allar nánari upplýsingar og tímapantanir fást í síma 588 4970 og á sleggjan.is

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

Fremstir
í okkar fagi

Eigum á lager til afgreiðslu strax vandaðan malarvagn frá hágæða-framleiðandanum Langendorf. Vagninn er sérhannaður með bestu þyngdardreifingu í huga fyrir þriggja öxla bíl.







LANGENDORF MALARVAGN

— Pallplata 7 mm. HARDOX 450
— Hliðar 5 mm. HARDOX 450
— Tölvustýrt fjöðrunarkerfi „Smart board“
— Víbrari í botnplötu
— LED Ljós
— Alcoa Dura Bright álfelgur
— Handvirkt segl ásamt göngupalli að framanverðu

Nánari upplýsingar veita sölumenn — Einnig er hægt að senda fyrirspurn á sala@klettur.is

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10** 104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

Kapphlaup við klukkuna á hverjum degi

Enginn vinnudagur er eins hjá Óskari Þór Gunnarssyni sem rekur vörubíl með krana sem hann stýrir með þráðlausri fjarstýringu. Vinnudagarnir geta verið langir en um leið skemmtilegir því verkefnin eru fjölbreytt.



Vinnudagurinn er oft langur hjá Óskari Þór Gunnarssyni enda verkefnin mörg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Óskar Þór Gunnarsson vekur oft athygli þegar hann mætir í íbúðarhverfi á vörubílnum sínum en bíllinn er með krana sem Óskar stýrir með fjarstýringu af mikilli leikni. Vörubíllinn er af gerðinni Volvo FM 440 árgerð 2008 en kraninn er HIAB XC 408 E8 HIPRO með hámarks lyftigetu upp á 10.000 kíló. Með slíka græju í vopnabúrinu er verkefnalistinn oft langur og inniheldur ansi fjölbreytt verkefni.

„Ég tek að mér alls konar verkefni og segja má að enginn einn dagur sé eins hjá mér. Meðal verkefna sem ég tek að mér má nefna þjónustu við byggingaverktaka, ýmiss konar jarðvinnu og framkvæmdir í görðum heimila. Ég þjónusta einnig mikið skipafélagið Eimskip og keyri út ýmsar vörur þar sem ég nota kranann og svo bara fullt af öðrum verkefnum þar sem kraninn er í fyrirrúmi."

Óskar Þór starfar sjálfstætt og er bíllinn skráður hjá vörubílastöðinni Þrótti.

Einföld í notkun

Fjarstýringin sem Óskar notar er svokölluð radíófjarstýring og er mjög þægileg og einföld í notkun. „Ég hef alla tíð unnið með þessa fjarstýringu en áður fyrr voru aðstæður auðvitað talsvert frumstæðari. Lengi vel voru stangir fastar öðrum megin við bílinn sem gerði bílstjórum oft erfitt fyrir þegar það þurfti að sækja eða flytja hlass á hinni hlið bílsins. Seinna meir komu fjarstýringar með snúru en þær voru að hámarki 20 metrar að lengd. Fjarstýringar í dag eru beintengdar við kranann og fyrir vikið erum við bílstjórar miklu frjálsari en áður og náum að stýra verkefnum mun betur en áður. Mörgum finnst gaman að fylgjast með mér vinna og skemmtilegt að sjá hvernig hægt er að stýra öflugum krana með nettri fjarstýringu. Börnum finnst sérstaklega gaman að fylgjast með og spyrja mig út í hvernig þetta virkar allt saman."


Lítið um sumarfrí

Óskar hefur unnið á vörubíl síðan í nóvember 2006 og segir starfið vera fjölbreytt og skemmtilegt. „Eins og fyrr segir er enginn einn dagur eins hjá mér, verkefnin eru ansi fjölbreytt og ég er líka stöðugt að hitta nýtt fólk. Oftast klára ég um fjögur verkefni á hverjum degi og ég er sjaldan að vinna í verkum sem taka marga daga. Fyrir vikið er ég oft í stöðugu kapphlaupi við klukkuna svo allt gangi upp. Vertíðin byrjar yfirleitt í mars og stendur oft yfir til áramóta, sérstaklega ef það snjóar lítið. Þetta er mjög annasamur tími með löngum vinnudögum enda fara bílstjórar í mínum bransa varla í hefðbundið sumarfrí. Það má líkja starfi okkar við sjómennsku að mörgu leyti þar sem enginn fer í sumarfrí á miðri vertíð. Í staðinn fer ég á skíði og snjósleða auk þess sem ég á mótorhjól og hjól sem ég nota líka mikið í frístundum mínum." ■

> **Vertíðin byrjar yfirleitt í mars og stendur oft yfir til áramóta, sérstaklega ef það snjóar lítið. Þetta er mjög annasamur tími með löngum vinnudögum enda fara bílstjórar í mínum bransa varla í hefðbundið sumarfrí.**
>
> Óskar Þór Gunnarsson



VÉLA-VERKSTÆÐI





Allar viðgerðir tengdar vélaviðgerðum

Allir bílar, stórir og smáir



Önnur bílaþjónusta

SCHMITZ CARGOBULL

FLUTNINGAVAGNAR

- Umboð fyrir Schmitz hágæða flutningavagna og kassa.
- Yfir 100 ára þróun.
- Viðgerðir og þjónusta.
- Ráðgjöf og þarfagreining.



Smíðum og gerum við kassa.

DHOLLANDIA



Vörulyftur fyrr allar gerðir bíla.

Carrier

VÖRUKÆLING

- Kæling fyrir alla bíla og vagna.
- Ráðgjöf og þarfagreining.
- Þjónusta.
- Viðgerðir.
- Umhverfisvænar lausnir.



Kælivél á vagna og kassa

24 tíma þjónusta

Umhverfisvænar lausnir



Kælivél fyrir sendibíla

GÁMAGRINDUR

- Innflutningur á nýjum og notuðum gámagrindum.
- Viðgerðir og þjónusta.



VÉLAVERKSTÆÐI

- Almennar vélaviðgerðir.
- Hedd plönuð og þrýstiprófuð.
- Ventlar og ventilsæti slípuð og skorin.
- Sveifarásar mældir, renndir og slípaðir.
- Borun á blokkum.



RENNIVERKSTÆÐI

- Rennismíði og fræsivinna á öllum tegundum málma og plasts.
- CNC búnaður til fjöldaframleiðslu.
- Málmfylling og slípun.
- Öxlar.
- Pottsuða.
- Færibönd o.fl.

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI-& RENNIVERKSTÆÐI

TURNAHVARF 8 · 203 KÓPAVOGI · 587 1300 · KAPP@KAPP.IS · WWW.KAPP.IS



Eldsneytisverð er hátt og nauðsynlegt að kunna að spara eldsneyti.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Eldsneytið sparað

elin@frettabladid.is

Atvinnubílstjórar ættu að athuga loftþrýsting að minnsta kosti vikulega. Með því að hafa jafnan þrýsting er hægt að draga úr sliti á hjólbörðum.

Hægt er að spara eldsneyti með ýmsum auðveldum ráðum þegar maður ekur á stórum bílum. Jafn þrýstingur í öllum dekkjum vegur þar þungt. Gæta þarf að því að loftþrýstingur sé jafn en jafnframt er ekki gott að aka á slitnum dekkjum.

Til að spara eldsneyti er sömuleiðis nauðsynlegt að fylgjast með ásum bílsins og eftirvagnsins. Lélegir ásar og hjól leiða til aukinnar eldsneytisnotkunar og slits á dekkjum.

Bremsur skipta líka miklu máli. Rétt er að yfirfara allan bremsubúnað einu sinni á ári. Einnig skal forðast lausagang bílsins. Lausagangur er óþarfur en margir telja að hann sé besta leiðin til að hita upp vélina. Lausagangur eykur eldsneyti og losun bílsins. Slökkvið því alltaf á vélinni þegar bifreiðin stöðvast lengur en í 20 sekúndur Góður stöðugur hraði er skynsamlegur til að halda eldsneytisnotkun í jafnvægi. Með stöðugum hraða er hægt að lækka kostnað um 10%. Þar utan dregur það úr slysahættu og slitum á bifreið. Best er að halda bílnum í langferð á 80 km hraða. ■

Verktakar, iðnaðarmenn, húsbílaeigendur.

Ljósabúnaður og speglar á vörubíla og sendibíla



www.Ljosboginn.is LJÓSBOGINN.IS

Startarar og alternatorar

Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvéla.
Höfum einnig varahluti í alternatora og startara



Þjónusta í meira en 60 ár
1957-2021



BOSCH DENSO Valeo

LJÓSBOGINN ehf.

Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljosboginn.is ljosboginn@ljosboginn.is



Vinnuvélaréttindi gefa víðtæka starfsmöguleika og starfsfólk með vinnuvélaréttindi verður verðmætara í umsóknum um störf sem krefjast þess að vélar séu notaðar, til dæmis í byggingariðnaði, málun og rafvirkjun.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Bylting vinnuvélaréttinda í vændum

Vinnueftirlitið býður upp á námskeið fyrir vinnuvélaréttindi og gefur út réttindin að verklegu prófi loknu. Til stendur að gera breytingar sem breyta fyrirkomulagi vinnuvélaréttinda töluvert

oddurfreyr@frettabladid.is

Vinnuvélaréttindi gera fólki kleift að vinna með alls kyns vinnuvélar. Vinnueftirlitið býður upp á frumnámskeið fyrir minni vinnuvélar sem lýkur með bóklegu prófi og veitir rétt til að hefja verklega þjálfun undir umsjón kennara. Námskeiðið er haldið í Teams-fjarfundakerfinu, er 27 tímar og fer fram á þremur dögum, yfirleitt innan reglubundins vinnutíma.

Aldurstakmark í frumnámskeiðið er 16 ár og þremur mánuðum fyrir 17 ára afmælisdaginn má viðkomandi svo fara að æfa sig á tækin undir leiðsögn einstaklings með kennsluréttindi á þau. Eftir verklega þjálfun á vinnustað fer verklegt próf fram á vinnustaðnum með prófdómara frá Vinnueftirlitinu. Að því loknu er sótt um vinnuvélaskírteini sem veitir rétt til að stjórna tilgreindri vinnuvél.

„Önnur leið til að ná sér í vinnuvélaréttindi er að taka grunnnámskeið hjá ökuskólum víðs vegar um landið og eru nú þrír aðilar sem bjóða upp á vinnuvélanám í netkennslu," segir Heimir Guðmundsson, sviðsstjóri vinnuvélasviðs hjá Vinnueftirlitinu. „Það hefur gengið vel að fá fólk af öllu landinu í það nám, þá getur það klárað þetta á sínum hraða og svo farið í upprifjunarpróf og bóklegt próf áður en það tekur verklegt próf."

Víðtækir starfsmöguleikar

„Til að geta fengið vinnuvélaréttindi þarf að hafa náð 17 ára aldri og vera með bílpróf en fyrir kranaréttindi eru reyndar gerðar auknar kröfur varðandi sjón," segir Heimir. „Margir taka vinnuvélaréttindi samhliða almennu ökunámi, það þarf bara að vera með ökuréttindi áður en vinnuvélaréttindin eru gefin. Þá er fólk búið að klára frumnámskeiðið og æfingatímabil með leiðbeinanda sem tekur almennt nokkrar vikur áður en verklega prófið fer fram.

Vinnuvélaréttindi gefa ansi víðtæka starfsmöguleika. Algengustu réttindin eru lyftararéttindi, en það sækjast líka margir eftir réttindum á jarðvinnuvélar og valtara," segir Heimir. „Starfsfólk með vinnuvélaréttindi verður verðmætara í umsóknum um störf sem krefjast þess að vélar séu notaðar, til dæmis í byggingariðnaði, jarðvinnu og rafvirkjun."



Heimir Guðmundsson er sviðsstjóri vinnuvélasviðs hjá Vinnueftirlitinu.
MYND/AÐSEND

Miklar breytingar fyrirhugaðar

„Samkvæmt núverandi reglum eru 13 réttindaflokkar skilgreindir, en í síðustu viku kom tillaga að endurskoðun á reglunum inn í samráðsgátt stjórnvalda og nú er verið að safna umsögnum um hana," segir Heimir. „Þar er verið að fjölga flokkunum upp í 16 til þess að fólk sé ekki með réttindi á óskyld tæki vegna þess að þau lenda innan sama skráningarflokks. Fjöldi vinnuvéla hefur tvöfaldast á síðustu 15–20 árum og um leið hefur fjölbreytnin aukist verulega og því þarf að fjölga flokkunum til þess að öryggi sé í fyrirrúmi og fólk hafi ekki réttindi á tæki sem eru mjög ólík þeim sem það tók verklegt próf á.

Stóra breytingin með nýju reglunum sem er í vinnslu verður svo að Vinnueftirlitið hættir að halda vinnuvélanámskeið og ætlar bara að sjá um prófin. Það stendur til að láta ökuskólana um námið héðan í frá, en þeir hafa bæði reynsluna og sérþekkinguna sem þarf," segir Heimir. „Mörg stærri fyrirtæki vilja líka gera þetta sjálf, fyrirtæki sem senda til dæmis 50–80 manns í þetta nám ár hvert vilja hafa þetta hluta af nýliðafræðslunni.

Þetta er í raun hálfgerð bylting og með þessu er nýr kafli í sögu vinnuvélaréttinda á Íslandi," segir Heimir. „Stóru grunnnámskeið ökuskólanna eru kennd á þremur helgum og þar fær fólk 80 stundir af kennslu en ein af breytingunum sem er fyrirhuguð er að leyfa það að námskeiðin séu brotin niður og kennd í minni bútum. Þá er til dæmis hægt að taka stutt námskeið til að fá bara lyftararéttindi. Það er ávinningur fyrir atvinnurekendur að missa starfsmenn bara í stuttan tíma og senda þá á ódýrara námskeið. Við munum svo sjá um vinnuverndarhlutann af náminu og halda sérstakt námskeið um slysavarnir og frágang á vinnustöðum. Svo getur starfsmaðurinn komið í bóklegt og verklegt próf hjá okkur og fengið réttindi.

> **Til að geta fengið vinnuvélaréttindi þarf að hafa náð 17 ára aldri og vera með bílpróf.**
>
> Heimir Guðmundsson

Verklega prófinu verður líka breytt, því við ætlum að gefa út hæfnisviðmið í öllum 16 flokkunum þar sem kemur fram hvað fólk þarf að vita og kunna," segir Heimir. „Nemendur eru svo látnir framkvæma ákveðna hluti á tækjunum og athugað hvort öll öryggisatriði séu í lagi. Með því að gera hæfnisviðmið formlegri verður prófið faglegra.

En reglurnar eru enn í samráðsgátt og við hvetjum hagsmunaaðila til að koma sínum athugasemdum á framfæri," segir Heimir.

Fjölbreyttur nemendahópur

„Það eru um 2.000–2.500 manns sem sækja sér vinnuvélaréttindi á hverju ári, en fjöldinn er breytilegur eftir ástandinu í atvinnulífinu," segir Heimir. „Af þeim eru um 15–20% konur og margar þeirra koma frá stórum vinnustöðum eins og álverum.

Þetta er fólk á öllum aldri, en sá elsti sem lærði í vetur var 83 ára, og nemendur koma frá öllum landshlutum. Við byrjuðum að kenna frumnámskeiðin á Teams vegna faraldursins síðasta vor og fengum gríðarlega jákvæð viðbrögð við því frá fólki á landsbyggðinni, sem gat þá tekið námskeiðið heima í gegnum beint streymi," segir Heimir. „Eina áskorunin er þegar við höldum námskeið á öðrum tungumálum, en þá þarf að hafa túlk með kennaranum. Námskeiðin eru kennd á pólsku og ensku mjög reglulega og við höfum verið að prófa okkur áfram með að kenna á ýmsum tungumálum og alls höfum við haldið námskeið á um 6–7 tungumálum.

Frumnámskeið Vinnueftirlitsins eru haldin um það bil aðra hverja viku um þessar mundir og næsta námskeið hefst 1. júní. Námskeið á öðrum tungumálum eru líka haldin nokkrum sinnum á ári, en það fer eftir aðsókninni," segir Heimir að lokum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Ertu öflugur liðsmaður?

Lyfjastofnun
Icelandic Medicines Agency

Lyfjastofnun óskar eftir að ráða drífandi einstaklinga sem þrífast á spennandi verkefnum, sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum auk þess að eiga auðvelt með að vinna í teymi. Um er að ræða fjölbreytt störf á góðum vinnustað.

Sérfræðingur í lyfjaskorti og undanþágum

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsýsla og afgreiðsla undanþágulyfjaávísana
- Umsýsla og skráning tilkynninga og fyrirspurna vegna lyfjaskorts
- Skrifa/uppfæra upplýsingar, leiðbeiningar og fréttir

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla á sviði framleiðslu, dreifingar eða sölu lyfja er kostur
- Mjög góð samskiptahæfni og teymisvitund

Sérfræðingur lækningatækja

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Eftirlit með lækningatækjum
- Móttaka, meðhöndlun og eftirfylgni gátarboða
- Skrifa/uppfæra upplýsingar, leiðbeiningar og fréttir um lækningatæki

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af gæðamálum eða stöðluðu verklagi er kostur

Eftirlitsmaður

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Eftirlit með lyfsölu, heilbrigðisstofnunum og dýralæknum
- Eftirlit með ávana- og fíknilyfjum, lyfjaauglýsingum, ásamt öðru eftirliti
- Innleiðing nýrrar dýralyfjalöggjafar

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla á sviði framleiðslu, dreifingar eða sölu lyfja er kostur
- Reynsla af gæðamálum er kostur

Verkefnastjóri í verkefnastjórnunardeild

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Verkefnastjórnun, umsjón markaðsleyfisumsókna
- Ráðgjöf varðandi skráningarferla
- Samskipti við erlendar lyfjastofnanir og umsækjendur

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í lyfjafræði eða af öðru heilbrigðis- eða raunvísindasviði
- Krafa um þekkingu og reynslu af lyfjaskráningum
- Krafa um þekkingu á íslenskri og evrópskri lyfjalöggjöf

Sérfræðingur í lyfjaskráningum í markaðsleyfadeild

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Mat og afgeiðsla umsókna um ný markaðsleyfi
- Breytingar og viðhald markaðsleyfa lyfja
- Þýðingar lyfjatexta og vinnsla við mat á lyfjatextum

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Að minnsta kosti tveggja ára reynsla af lyfjaskráningum
- Þekking á íslenskri og evrópskri lyfjalöggjöf

Öryggisstjóri / Persónuverndarfulltrúi

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Innleiðing og viðhald á upplýsingaöryggisstjórnkerfi Lyfjastofnunar
- Skilgreining ferla um hlítingu reglna og eftirlit með að þeim sem framfylgt
- Eftirlit með að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við persónuverndarlög

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á ISO 27001 er skilyrði
- Þekking á persónuverndarlögum er skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með **14. júní 2021**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Ítarlegri upplýsingar um störfin og Lyfjastofnun má finna á www.intellecta.is og www.lyfjastofnun.is.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is)

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

VAKI

Vaki fiskeldiskerfi ehf. var stofnað árið 1986 og hefur frá fyrstu tíð verið leiðandi fyrirtæki í hönnun og þróun á hátæknibúnaði fyrir fiskeldi um allan heim. Rúmlega 30 starfsmenn sinna vöruþróun, framleiðslu, sölu og þjónustu í höfuðstöðvum Vaka á Íslandi og sölu- og þjónustuaðilar eru á öllum stærstu mörkuðum erlendis. Árið 2019 keypti MSD Animal Health allt hlutafé í Vaka og nú sem hluti af MSD eru uppi spennandi áform um stækkun og eflingu fyrirtækisins. Aukin áhersla verður lögð á vöruþróun og þjónustu í nánu samstarfi við viðskiptavini og munu nýjar lausnir Vaka stuðla að framþróun fiskeldis um allan heim. Frekari upplýsingar á **vaki.is**

FJÁRMÁLASTJÓRI

Við leitum að öflugum fjármálastjóra með mikla reynslu af alþjóðlegum rekstri.

Helstu verkefni

- Yfirumsjón og ábyrgð á bókhaldi félagsins
- Mánaðarleg uppgjör og áætlanagerð
- Greining fjármála og framsetning rekstrarupplýsinga
- Samskipti við endurskoðendur, banka og aðrar fjármálastofnanir
- Kostnaðareftirlit og stýring á fjármagni bundnu í birgðum
- Innheimta og yfirumsjón með öllu fjárstreymi
- Yfirstjórn skrifstofu og fjármáladeildar
- Þátttaka í stefnumótun
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Haldgóð menntun í fjármálum, reikningshaldi eða endurskoðun. Meistaragráða æskileg
- Mikil reynsla af uppgjörum undir erlendu eignarhaldi
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af stjórnun teyma og að byggja upp sterka liðsheild
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**
Umsóknarfrestur er til og með **6. júní nk.**

HAGVANGUR

STARF

Varstu biti/n/nn/ð af geislavirkri kónguló í æsku?



Við leitum að reynslumiklum vefforritara sem hefur brennandi áhuga á því að nota ofurkrafta sína til góðs

Viðkomandi mun þróa og hafa yfirumsjón með þróun vefkerfa og hvernig uppbyggingu skuli háttað hjá Landsvirkjun, taka þátt í þróun stafrænnar þjónustu og innviða fyrirtækisins og verða leiðandi í að nýta tækni til að auka og bæta þjónustu við viðskiptavini og starfsfólk.

Starfið er á deild upplýsingatækni og stafrænnar þróunar.

Sótt er um hjá Hagvangi, hagvangur.is, og umsóknarfrestur er til og með 10. júní.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla í forritun og hugbúnaðarþróun
- Reynsla af þróun í React, HTML og CSS
- Reynsla af notkun Git
- Samskiptafærni og metnaður til að vera hluti af öflugri liðsheild
- Frumkvæði, áreiðanleiki og drifkraftur

Landsvirkjun





SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

Byggðasamlagið SORPA er í eigu sex sveitarfélaga; Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Hlutverk SORPU bs. er að annast meðhöndlun úrgangs og sinna þannig lögbundinni skyldu sveitarfélaganna og á sama tíma endurspegla áherslur eigenda sinna í að ná markmiðum hringrásarhagkerfisins. SORPA bs. sér um rekstur móttöku- og flokkunarstöðvar, gas- og jarðgerðarstöðvar, urðunarstaðar og sex endurvinnslustöðva. Þá hefur félagið einnig umsjón með grenndargámum fyrir hönd sveitarfélaganna, rekur nytjamarkaðinn Góða hirðinn og Efnismiðlun Góða hirðisins. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru tíu talsins og eru höfuðstöðvar SORPU bs. að Gylfaflöt 5 í Reykjavík

VERKEFNASTJÓRI FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Sorpa auglýsir eftir verkefnastjóra framkvæmdastjórnar sem hefur það hlutverk að styðja við stjórn/deildarstjóra í þeim fjölmörgu umbreytingaverkefnum sem framundan eru í tækni og rekstri. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þátttaka í skilgreiningu, innleiðingu og stjórn verkefna af hálfu SORPU
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana og eftirfylgni með þeim
- Halda utan um verkefnastofna
- Samhæfing og samstarf við ráðgjafa og aðra stjórnendur
- Samskipti við stjórnvöld, m.a. vegna leyfismála
- Mat á umfangi verkefna með gerð fýsileikaskýrslu
- Stuðla að stöðugum umbótum í rekstrar- og tækniumhverfi SORPU

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tæknifræði eða verkfræði
- Formleg menntun í verkefnastjórnun er æskileg, t.d. MPM nám eða sambærilegt
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun er æskileg (C eða B vottun eða sambærilegt)
- Að minnsta kosti 5 ára reynsla af stýringu verkefna og verkstofna
- Reynsla og þekking á gæðakerfum og hagnýtingu þeirra í verkefnum
- Þekking og reynsla af notkun verkefnastjórnunarforrita
- Góð almenn tölvukunnátta, þ.m.t. á Office, Visio og SharePoint
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Geta til að vinna í breytilegu umhverfi
- Framúrskarandi skipulagsfærni og sjálfstæði í starfi
- Eiga auðvelt með að tileinka sér öguð, nákvæm og regluföst vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Brennandi áhugi á umhverfismálum

Umsóknarfrestur er til og með **14. júní 2021**. Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**.
Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**.

HAGVANGUR



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

SÁLFRÆÐINGUR ÓSKAST
Á FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐ

Garðabær óskar eftir að ráða sálfræðing til starfa á fræðslu- og menningarsvið í 100% starfshlutfall. Sálfræðingur hefur umsjón með greiningum, sinnir ráðgjöf og stýrir þeim verkefnum sem undir hann heyra.

Starfssvið:
- Ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla
- Forvarnarstarf með áherslu á að efla skólana við að leysa mál sem upp koma
- Athuganir og greiningar á börnum, ráðgjöf og eftirfylgd mála
- Fræðsla og námskeið fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk skóla

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur
- Þekking á þroska og þroskafrávikum barna
- Hæfni til að starfa í hópi fagaðila
- Góðir skipulagshæfileikar
- Færni í samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á skólastarfi og reynslu af sálfræðilegri greiningu og ráðgjöf vegna barna.
Umsóknarfrestur er til og með 7. júní 2021.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs í síma 525-8500 eða netfang eirikurbjorn@gardabaer.is

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Aðstoðarskólameistari Kvennaskólans í Reykjavík

Kvennaskólinn í Reykjavík auglýsir starf aðstoðarskólameistara til næstu fimm ára laust til umsóknar frá og með 1. ágúst 2021.

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn og rekstur skólans sbr. 8. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.


Aðstoðarskólameistari skal uppfylla skilyrði í ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Reynsla og menntun í stjórnun menntastofnana er æskileg.

Laun eru í samræmi við kjarasamning KÍ og stofnanasamning Kvennaskólans í Reykjavík. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en í umsókn þarf að greina frá menntun (og staðfesta með afriti af prófskírteinum), fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi telur að máli skipti.
Umsóknir sendist rafrænt til Hjalta Jóns Sveinssonar skólameistara í netfangið hjalti@kvenno.is **fyrir 14. júní 2021,** sem gefur jafnframt frekari upplýsingar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Á heimasíðu skólans, www.kvenno.is, er að finna ýmsar upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Skólameistari

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Lögfræðingur
á sviði sveitarstjórnar- og byggðamála



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið auglýsir eftir lögfræðingi á skrifstofu sveitarstjórnar- og byggðamála.

Helstu verkefni eru m.a. afgreiðsla stjórnsýsluverkefna á sviði sveitarstjórnar- og byggðamála, verkefni tengd eftirliti ráðuneytisins með stjórnsýslu sveitarfélaga og utanumhald því tengdu, vinna við gerð lagafrumvarpa og samningu reglugerða, aðkoma að gerð samninga o.fl. Þá mun starfsmaður taka þátt í starfshópum á verkefnasviði skrifstofunnar, m.a. varðandi stefnumótun, samskipti við stofnanir, Alþingi og almenning.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Embættis- eða meistaraprófi í lögfræði.
- Mjög góð þekking á stjórnsýslurétti.
- Þekking á málefnum sveitarfélaga æskileg.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti og ensku.
- Kunnátta í einu Norðurlandatungumáli kostur.
- Þekking á áætlunargerð æskileg.
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt, sem og í hóp.
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar.

Um er að ræða fullt starf. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. **Athygli er vakin á því að í samræmi við byggðastefnu stjórnvalda er starfið auglýst án staðsetningar.**

Nánari upplýsingar veitir Guðný E. Ingadóttir, mannauðsstjóri, í síma **545 8200**.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til og með **fimmtudagsins 10. júní** nk.


Umsóknum skal skila rafrænt á **Starfatorgi – starfatorg.is eða á Alfred – alfred.is**.

Athygli er vakin á því að umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

ÍSFELL
Þekking og þjónusta

Ísfell er leiðandi fyrirtæki á sviði veiðarfæraþjónustu og sölu á útgerðarvörum, björgunarvörum, bindivörum, hífilausnum og ýmsum rekstrarvörum. Þjónusta fyrirtækisins markast helst af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskipavinum og frábæru starfsfólki með víðtæka þekkingu á sviði veiðarfæra, rekstrarvara og öryggismála sjómanna.



Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarlegt kynningarbréf og starfsferilsskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

Sérfræðingur í gæðamálum

Vilt þú takast á við krefjandi verkefni í ört vaxandi iðnaði? Ísfell leitar að metnaðarfullum einstaklingi til að sinna starfi sérfræðings í gæðamálum á Fiskeldissviði fyrirtækisins.

Starfssvið:

- Ábyrgð á gæðakerfum Fiskeldissviðs.
- Eftirfylgni og umbætur gæðaferla.
- Gerð gæðahandbóka.
- Þarfagreining og útreikningur á kröftum í viðlegubúnaði fyrir sjóeldi.
- Skipulagning og umsjón með innri og ytri úttektum.
- Öryggismál.
- Samskipti við birgja og viðskiptamenn.
- Þátttaka í stefnumótun.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði viðskiptafræði eða verkfræði.
- Reynsla af gæðastjórnun og umbótastarfi.
- Þekking á gæðakerfum og stöðluðu verklagi.
- Þekking á teikniforritum er kostur.
- Góð samskiptahæfni og geta til að starfa í hópi.
- Samviskusemi, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til og með 6. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Viltu velja dótið?

Vörumeistari — Merchandiser

Við leitum að metnaðarfullum reynslubolta til að stýra innkaupum verslana og vefverslunar Nova. Í starfinu felst mótun innkaupastefnu, vöru- og vöruflokkastýring, auk ábyrgðar á framsetningu í samstarfi við verslunarstjóra og markaðsdeild. Vörumeistari er hvetjandi og kröfuharður fánaberi verslunarrekstrar hjá Nova, sem þarf að viðhalda öguðu verklagi og byggja upp árangursdrifna, faglega innkaupa- og verslunarmenningu hjá okkur.

Hjá Nova starfa um 160 dansarar sem veita framúrskarandi þjónustu til **áncegðustu viðskiptavina** á farsímamarkaði **tólf ár í röð**. Við státum líka af **áncegðustu dönsurunum** enda hlutum við nafnbótina **Fyrirtæki ársins** á árinu. Vilt þú slást í hópinn?

Hæfniskröfur:

- Mikil reynsla af vöruflokkastýringu og/eða verslunarstjórn innan leiðandi verslunarfyrirtækja á Íslandi eða erlendis.
- Góð þekking á upplýsingatæknikerfum í verslunarumhverfi.
- Hæfni til að aðlaga sig síbreytilegu umhverfi tækni og gagna.
- Sterk geta til að rýna gögn, vinna úr þeim og kynna niðurstöður.
- Samskipta– og samningahæfni í alþjóðlegum viðskiptum.
- Sjálfstæði, frumkvæði og fagleg vinnubrögð.

Sæktu um starfið á Vinnvinn.is, þar sem þú finnur allar nánari upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til og með 7. júní 2021.

STÆRSTI SKEMMTISTAÐUR HEIMS

NOVA



MOSFELLSBÆR

Leikskólastjóri Hlíð

Ungbarnaleikskóli

Mosfellsbær er í fararbroddi í nýbreytni í skólastarfi. Leikskólinn Hlíð er ungbarnaleikskóli þar sem meðal annars er lögð áhersla á tilfinningalegt öryggi, umhyggju og nám í gegnum leik. Skólinn starfar í anda skóla fjölbreytileikans.

Skólastjóri leikskólans Hlíð ber ábyrgð á starfsemi skólans og er í fararbroddi í skólaþróun. Hann gegnir lykilhlutverki í leiða skapandi leikskólastarf og samstarf við skóla og foreldra. Skólastjóri ber ábyrgð á að starfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla og stefnumörkun Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær leitar eftir metnaðarfullum einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, býr yfir áræðni og leiðtogafærni til að byggja upp öflugt skólasamfélag inn í framtíðina.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf kennara og kennslureynsla skilyrði
- Viðbótarmenntun í stjórnun og/eða á sviði uppeldis- og menntunarfræða
- Þekking á stjórnsýslu, fjármálastjórnun og stefnumótunarvinnu
- Reynsla á sviði stjórnunar í mennta- og menningarstofnunum
- Þekking á sviði upplýsingatækni
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir skipulagshæfileikar
- Lipurð og færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Almenn tungumálakunnátta

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 7. júní 2021.
Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is/storf. Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar veitir Linda Udengård framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs í síma 525-6700 eða á linda@mos.is. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



ÞG VERK

ÞG Verk er alhliða byggingafyrirtæki sem hefur í yfir 20 ár safnað upp víðtækri verkþekkingu með því að byggja allar tegundir mannvirkja, s.s. virkjanir, skóla, brýr, íbúðir og verksmiðjuhúsnæði. Félagið hefur áunnið sér traust opinberra aðila og stórfyrirtækja með skipulegu vinnulagi, skilum á réttum tíma, vönduðu verki og öruggum viðskiptum.

Frábær starfsandi og starfsmannafélag er hjá ÞG Verk ásamt fyrsta flokks starfsmannaaðstöðu. Mjög góð verkefnastaða er hjá fyrirtækinu næstu árin.

ÞG Verk óskar eftir að ráða tæknimenn

Helstu verkefni:

- Framkvæmd, eftirfylgni og öryggisúttektir á verkstað
- Gerð skoðunarskýrslna og úttektarskýrslna
- Magntökur og úttektir á framvindu á verkstað
- Ýmis sérverkefni sem tengjast gæða og öryggisstjórnun
- Gerð skýrslna og gagna fyrir byggingaryfirvöld

Menntunar og hæfnikröfur:

- Byggingarfræði, tæknifræði, verkfræðimenntun eða önnur sambærileg menntun
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla í notkun AutoCAD mjög æskileg
- Gott vald á íslensku og góðir samskiptahæfileikar
- Reynsla af byggingarstarfsemi, önnur reynsla sem nýtist í starfi
- Stjórnunarhæfni, öguð og skipulögð vinnubrögð

ÞG Verk óskar eftir vönum smiðum

Menntunar og hæfnikröfur:

- Sveinspróf í húsasmíði
- Reynsla af því að vinna í mælingu
- Góðir samskiptahæfileikar
- Stundvísi
- Ögun og skipulag í vinnbrögðum





Vinsamlega sendið inn umsóknir á tgverk.is/starfsumsókn
Nánari upplýsingar um störfin er hægt að nálgast í gegnum netfangið starf@tgverk.is

2016 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

ÞG Verk | Lágmúla 7 | 108 Reykjavík | s: 534 8400 | www.tgverk.is

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir lausa til umsóknar stöðu skólastjóra Grunnskóla Hornafjarðar.

Í Grunnskóla Hornafjarðar eru um 250 nemendur í tveimur aðskildum húsum auk frístundar fyrir 1. – 4. bekk. Grunnskóli Hornafjarðar er framsækinn skóli sem setur nemendur og velferð þeirra í forgang og hefur menntun fyrir alla að leiðarljósi. Unnið er eftir hugmyndarfræði uppeldis til ábyrgðar og skólinn er bæði grænfánaskóli og heilsueflandi skóli.

Skólastjóri ber ábyrgð á starfsemi skólans, rekstri og mannauðsmálum. Hann gegnir lykilhlutverki í mótun skólastarfsins og samstarfsvettvangs skóla og íbúa. Skólastjóri ber ábyrgð á að starfað sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins.

Leitað er eftir metnaðarfullum leiðtoga með víðtæka reynslu af skólastarfi sem býr yfir áræðni og metnaði til að þróa skólastarfið til enn frekari árangurs.


Helstu verkefni
- Veita skólanum faglega forystu og leitar leiða til að efla nám og kennslu
- Ber ábyrgð á skipulagi náms og kennslu, skólaþróun og gerð skólanámskrár
- Hefur umsjón með þróun innra mats
- Ber ábyrgð á rekstri skólans, gerð fjárhagsáætlana og stjórn mannauðs
- Stuðlar að góðu samstarfi við önnur skólastig innan sveitarfélagsins, foreldra og fræðsluyfirvöld

Menntunar- og hæfniskröfur
- Leyfisbréf kennara og kennslureynsla skilyrði
- Viðbótarmenntun í stjórnun og/eða á sviði uppeldis- og menntunarfræða er skilyrði
- Reynsla af stjórnun skólamála og faglegri forystu á sviði kennslu, nýbreytni og þróunarstarfs skilyrði
- Þekking á stefnumótun og rekstri innan opinberrar stjórnsýslu
- Þekking á sviði upplýsingatækni
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi lipurð og færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

---

Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2021

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Umsóknir skulu sendar Ragnhildi Jónsdóttur, fræðslustjóra á netfangið ragnhildur@hornafjordur.is, en hún veitir jafnframt nánari upplýsingar um starfið í síma 470-8000. Um framtíðarstarf er að ræða og eru laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.



Hornafjörður er blómstrandi 2400 manna samfélag sem byggir á sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Öflugt menningar- og félagslíf er í sveitarfélaginu. Fjölbreytt íþróttastarf fyrir börn og ungmenni. Nýheimar þekkingarsetur er mennta- og fræðastofnun þar sem koma saman Rannsóknasetur Háskóla Íslands, Náttúrustofa Suðausturlands, Framhaldsskóli, Hornafjarðarsöfn, Matís og Fræðslunet Suðurlands. Stuðningur við frumkvöðla, t.d. FAB LAB smiðja er í Vöruhúsi.Öll almenn þjónusta er til staðar í sveitarfélaginu og þar má nefna tónskóla, líkamsrækt, knatthús, sundlaug og heilbrigðisstofnun. Samgöngur til Hafnar eru greiðar, beint flug og strætó.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Kennarastöður í Menntaskólanum á Ásbrú eru lausar til umsóknar

Nánar á **www.menntaskolinn.is**

Umsóknarfrestur er til 15. júní

ÖRYGGISVÖRÐUR
SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til og með **2. júní 2021.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this postion is **June 2, 2021.** Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page:https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)



RITSTJÓRI KENNSLUSKRÁR

Laust er til umsóknar fullt starf ritstjóra kennsluskrár Háskóla Íslands. Útgáfa kennsluskrár heyrir undir kennslusvið Háskóla Íslands. Ritstjóri er starfsmaður kennslusviðs og vinnur með ritnefnd og fulltrúum fræðasviða og deilda að gerð kennsluskrár, sem gefin er út árlega á vefnum. Vefritstjórn og umsjón með ýmsum upplýsingasíðum kennslusviðs tilheyrir einnig starfinu, svo og ýmis önnur tengd verkefni. Ráðið verður í starfið frá og með 1. september 2021.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Hlutverk ritstjóra er að stýra vinnu við kennsluskrá Háskóla Íslands í samvinnu við ritnefnd. Í því felst m.a. að skipuleggja innihald kennsluskrár og framsetningu efnis, að leiðbeina starfsfólki sem kemur að gerð kennsluskrár og virkja fólk til samvinnu, að stuðla að samræmi í efnistökum, að setja einstökum verkþáttum tímamörk og að stýra breytingum.
- Ritstjóri tryggir að vandað sé til verka við gerð og útgáfu kennsluskrár.
- Ritstjóri tekur þátt í mati á tillögum að nýjum námsleiðum og veitir leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi undirbúning og stofnun námsleiða.
- Ritstjóri hefur umsjón með upplýsingasíðum kennslusviðs sem varða umsóknir, kennslu, nám og próf, á innri og ytri vef.
- Í samvinnu við skrifstofu rektors annast ritstjóri yfirferð og uppsetningu á regluskjölum sem send eru til birtingar í Stjórnartíðindum, svo og birtingu reglna á vef háskólans.

Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn:
- Ferilskrá.
- Bréf þar sem áhuga á starfinu er lýst og fjallað um hvað umsækjandi telur sig geta lagt af mörkum til þess.
- Staðfest afrit af prófskírteinum.
- Upplýsingar um umsagnaraðila.

Hæfnikröfur:
- Meistarapróf sem nýtist í starfi, viðbótarmenntun er kostur.
- Haldbær þekking á skipulagi menntunar á háskólastigi er kostur.
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði.
- Góð íslenskukunnátta, bæði í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta, reynsla af þýðingum úr og á ensku er kostur.
- Reynsla af framsetningu efnis á vefmiðlum.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Frumkvæði, sjálfstæði, skipulagshæfni og nákvæmni í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólakennara hafa gert.
Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.
Við ráðningu í störf í Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.
Vakin er athygli á málstefnu Háskóla Íslands.

Umsóknarfrestur er til og með 9. júní 2021
Sækja skal um starfið á starfatorg.is
Nánari upplýsingar veitir Róbert H. Haraldsson, robhar@hi.is – 525 4277

HÁSKÓLI ÍSLANDS

LIND FASTEIGNASALA

LEITAR AÐ STARFSMANNI

Starfslýsing
Almenn skrifstofustörf og skjalavinnsla

Góð þekking á fasteignaviðskiptum er kostur.
Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 2. júní

Áhugasamir senda tölvupóst með ferilskrá á **hannes@fastlind.is**



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 30 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar.

Fagstjóri í netöryggissveit PFS - CERT-IS

CERT-IS leitar að fagstjóra netöryggissveitar. CERT-IS starfar sem sér skipulagseining innan Póst- og fjarskiptastofnunar.
Netöryggissveitin hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við ógnum vegna netárása. Sveitin greinir atvik, takmarkar útbreiðslu og tjón af völdum netárása og er virkur þátttakandi í umræðu um netöryggismál og fyrirbyggjandi aðgerðum.
Fagstjóra býðst gott tækifæri til þátttöku í að móta og styrkja stöðu CERT-IS til komandi ára. Einnig býðst frábært tækifæri til náinnar þátttöku í sívaxandi og öflugu samstarfi erlendra teyma.
Við bjóðum gott tækifæri til starfsþróunar í krefjandi og kviku umhverfi upplýsingatækni- og netöryggismála.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Vinna náið með sviðstjóra sveitarinnar við stefnumótun
- Ábyrgð á stefnumótun og skipulagi á tæknilegum upplýsingakerfum CERT-IS
- Leiða mótun verklags og vinnuferla CERT-IS
- Leiða eftirvinnslu atvikameðhöndlunar og úrvinnslu og miðlun upplýsinga um öryggisáhættu
- Taka þátt í að leiða sviðshópa og samráðsvettvang þeirra
- Umsjón með viðbúnaðarferlum og æfingum þeim tengdum fyrir þjónustuhópa
- Náin þátttaka í samstarfi alþjóðlegra CERT og CSIRT sveita
- Ráðgjöf og upplýsingar varðandi upplýsingaöryggi til þjónustuhópa

Hæfniskröfur
- Háskólapróf í verk- eða tölvunarfræði
- Minnst 5 ára starfsreynsla við hönnun og högun netkerfa, hugbúnaðargerðar og/eða öryggisgreininga
- Djúp þekking á helstu samskiptastöðlum í upplýsingatækni
- Hæfileiki til að geta unnið sjálfstætt sem og í hópi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góð leiðtogahæfni
- Mikil greiningarhæfni, ögguð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslensku og enskukunnátta, bæði töluð og í rituðu máli.
- Reynsla af viðbragðs- og aðgerðarstjórnun
- Þekking á fjarskiptalögum og NIS löggjöfinni æskileg

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist verður sakavottorðs.

Umsóknarfrestur er til og með 8. júní nk.

CERT-IS lítur svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.

CERT-IS hvetur alla sem uppfylla hæfniskröfur, óháð kyni, til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Arnar Sigmundsson - gudmundur@cert.is



Sérfræðingur í straumlínustjórnun

Alcoa Fjarðaál leitar að sérfræðingi í straumlínustjórnun til starfa í framleiðsluþróunar- og upplýsingatækniteymi

Í framleiðsluþróunar- og upplýsingatækniteymi vinnur fjölbreyttur hópur sérfræðinga í straumlínustjórnun, verkefnastjórnun og upplýsingatækni að stöðugri þróun í rekstri. Straumlínustjórnun hefur verið grunnur að stjórnkerfi Fjarðaáls frá upphafi. Sérfræðingur í straumlínustjórnun stuðlar að stöðugum umbótum á framleiðslu fyrirtækisins með umbótavinnustofum og fræðslu um straumlínustjórnun ásamt því að hvetja og efla starfsfólk í umbótastarfi.

Ábyrgð og verkefni
- Afla og miðla þekkingu á aðferðum straumlínustjórnunar
- Leiða umbætur á stjórnkerfi Fjarðaáls
- Innleiða aðferðafræði straumlínustjórnunar í framleiðslu
- Stefnumótandi vinna við sýnilega stjórnun í verksmiðjunni
- Innleiðing á stafrænum lausnum fyrir frammistöðumælingar og verklag
- Samræming á stefnu og stjórnkerfi

Menntun og hæfni
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkefnastjórnun, viðskiptafræði eða verkfræði
- Reynsla af vinnu með aðferðir straumlínustjórnunar æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Miklir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Færni í íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli

Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um.
Frekari upplýsingar veitir María Ósk Kristmundsdóttir á **maria.kristmundsdottir@alcoa.com**.

Hægt er að sækja um starfið á **www.alcoa.is**. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst.
Umsóknir eru trúnaðarmál og verður þeim öllum svarað.
Umsóknarfrestur er til og með 7. júní 2021.

JAFNLAUNAMERKIÐ

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

BYGGINGARFULLTRÚI ÓSKAST TIL STARFA

Við leitum eftir öflugum og drífandi einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi. Borgarbyggð hefur einsett sér að leggja aukna áherslu á notendamiðaða þjónustuhönnun, tækniframþróun og þjónustu við íbúa og viðskiptavini.

Í þeirri vegferð sem er framundan ætlum við að efla þjónustu sveitarfélagsins og vera tilbúin að mæta áskorunum framtíðarinnar. Áhersla verður lögð á þverfaglegt samstarf í verkefnamiðuðu umhverfi og frekari þróun innra starfs sem leiði í senn til framúrskarandi þjónustu og öflugs vinnuumhverfis.

Í skipulags- og byggingardeild starfa sex starfsmenn, deildarstjóri, byggingarfulltrúi, skipulagsfulltrúi auk þriggja annarra starfsmanna. Markmið Borgarbyggðar er að leggja áherslu á teymisvinnu og samstarf, með það að markmiði að afgreiða mál skjótt og örugglega.

Erum við að leita að þér?

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns eru hvattir til að sækja um.

Umsóknir skulu berast í gegnum Alfreð:
https://borgarbyggd-3.alfred.is

Nánari upplýsingar veitir Guðný Elíasdóttir deildarstjóri skipulags- og byggingarmála, gudny.eliasdottir@borgarbyggd.is, nr. 433-7100.

Starf auglýst sbr. 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Byggingareftirlit og umsjón með byggingarmálum sveitarfélagsins.
- Ráðgjöf er varðar byggingarmál ásamt móttöku og afgreiðslu á byggingarleyfisumsóknum.
- Framkvæmd úttekta og útgáfa leyfa ásamt yfirferð og staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga.
- Samskipti við hagsmunaaðila.
- Önnur verkefni sem viðkomandi er falið af deildarstjóra skipulags- og byggingarmála.

Menntun og hæfniskröfur:

- Viðkomandi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 25. gr. mannvirkjalaga nr.160/2010.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi góða þekkingu og reynslu á sviði byggingarmála.
- Góð almenn tölvukunnátta. Þekking á OneSystem er kostur.
- Mikil samskipta- og samstarfshæfni ásamt frumkvæði og öguðum vinnubrögðum í starfi.
- Þekking í íslensku, rit- og talmáli er kostur, og jafnframt þekking á ritun álitsgerða, minnisblaða, bréfaskrifta og sambærilegra skjala.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2021

BORGARBYGGÐ

Tímabundið laust starf Skjalastjóra Seltjarnarnesbæjar

Seltjarnarnesbær auglýsir starf skjalastjóra laust til umsóknar. Um er að ræða tímabundið starf til 12 mánaða. Starfshlutfall er 100%.

Leitað er eftir öflugum skjalastjóra til starfa á bæjarskrifstofunni og heyrir starfið beint undir sviðsstjóra Þjónustu- og samskiptasviðs. Skjalastjóri hefur það hlutverk að leiða og þróa skjalamál sveitarfélagsins og ber ábyrgð á að farið sé eftir gildandi lögum og reglum um skjalavistun. Í boði er áhugavert starf sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með móttöku og skráningu erinda og skjala
- Samræmir og hefur með höndum skipulag, ábyrgð og umsjón með skjalamálum bæjarins
- Umsjón og eftirlit með skjalastefnu og þróun hennar
- Endurskoðun og mótun verklags við skjalastjórnun
- Umsjón með skjalamálum og skjalasafni, málaskrá, málalykli, geymsluskrá
- Gerð skjalavistunaráætlana, verklagsreglna og vinnuleiðbeininga fyrir skjalavörslu
- Eftirfylgni með skjalaskráningu
- Skipulagning og framkvæmd með fræðslu og kennslu í skjalamálum
- Ráðgjöf, stuðningur og þjónusta við stjórnendur og starfsmenn um skjalamál
- Þátttaka í þróun rafrænna skila til Þjóðskjalasafns
- Almenn skrifstofustörf og þjónusta við íbúa og aðra viðskiptavini
- Ýmiss sérverkefni sem upp kunna að koma og starfsmanni eru falin

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem bókasafns- og upplýsingafræði
- Mjög góð þekking og reynsla af skjalamálum er skilyrði
- Góð þekking eða reynsla á opinberri stjórnsýslu og málefnum sveitarfélaga er mikilvæg
- Þekking og reynsla af skjalavistunarkerfinu GoPro er mikill kostur
- Góð tölvuþekking og skilningur á öryggis- og upplýsingatækni er nauðsynleg
- Góð samskipta- og samstarfshæfni, jákvætt viðmót og rík þjónustulund
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Frumkvæði, metnaður og nákvæmi í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku ásamt hæfni í tjáningu í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Tekið er við umsóknum í gegnum ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar **www.seltjarnarnes.is**

Nánari upplýsingar veitir María Björk Óskarsdóttir, sviðsstjóri Þjónustu- og samskiptasviðs Seltjarnarnesbæjar, *maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is*

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Seltjarnarnesbæjar og viðkomandi stéttarfélags. Jafnlaunavottun er í gildi hjá Seltjarnarnesbæ.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Seltjarnarnesbær
Laus störf

Leikskóli Seltjarnarness

- **Deildarstjórar,** fullt starf.
- **Leikskólakennarar,** fullt starf.
- **Leikskólaleiðbeinendur,** fullt starf.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

Umsóknarfrestur er til 14. júní næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Sjálandsskóli
- Kennari á miðstig
- Þroskaþjálfi


Leikskólinn Akrar
- Aðstoðarleikskólastjóri
- Leikskólakennari

Leikskólinn Krakkakot
- Deildarstjórar

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is



Erum við að leita **að þér?**



Sterk tengsl
í íslensku
atvinnulífi

HAGVANGUR

hagvangur.is

Fasteignamarkaðurinn ehf.
- lögg. fasteignasali

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Fasteignamarkaðurinn ehf., sem er ein elsta og rótgrónasta fasteignasala landsins, óskar eftir að ráða til starfa löggiltan fasteignasala til að sinna sölu fasteigna og ýmsu öðru er viðkemur daglegum rekstri fasteignasölu.
Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sölu fasteigna.

Föst góð laun í boði fyrir réttan aðila auk mögulegrar árangurstengingar.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda berist á netfangið: gtj@fastmark.is
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Veðurstofa Íslands *Vísindi á vakt*

SÉRFRÆÐINGUR Í VEÐURGAGNAÚRVINNSLU

Veðurstofan geymir veðurfarssögu rúmlega 200 ára og gögn síðustu ára sýna merki um hraðar loftslagsbreytingar sem mikilvægt er að vakta frekar

Veðurstofa Íslands auglýsir eftir sérfræðingi í fullt starf á sviði veðurgagna og veðurfarsfræði. Viðkomandi mun starfa á *úrvinnslu- og rannsóknarsviði* en þar vinna um 50 manns við ýmis spennandi þróunar- og rannsóknarverkefni er tengjast veður- og loftslagsrannsóknum, ofanflóðahættumati, jökla-, vatna- og haffræði, jarðskorpuhreyfingum og eldgosum.

Veðurstofan aflar veðurgagna í miklu magni og er umsjón þeirra, rannsóknir og ráðgjöf tengdar veðurfari, hluti af kjarnastarfsemi stofnunarinnar. Veðurfarsgrunnur stofnunarinnar geymir veðurfarssögu rúmlega 200 ára og gögn síðustu ára sýna merki um hraðar loftslagsbreytingar sem mikilvægt er að vakta frekar. Verulegar breytingar hafa orðið á síðustu árum í öflun og miðlun gagna og eru miklir möguleikar á að þróa það frekar.

Starfsmaðurinn verður hluti af hópi sérfræðinga sem vinna með veðurgögn, haf- og veðurlíkön og rannsóknir á lofthjúpi og loftslagsbreytingum, auk þess sem verkefni hans tengjast mjög verkefnum á öðrum sviðum stofnunarinnar.

HELSTU VERKEFNI

Sérfræðivinna í úrvinnslu veðurgagna

Afgreiðsla og miðlun veðurtengdra gagna til notenda

Yfirferð veðurgagna og frágangur þeirra fyrir veðurfarsgagnagrunn

Þátttaka í þróun aðferða til úrvinnslu og miðlunar veðurtengdra gagna

Þátttaka í samþættingu veðurfarsgagna við önnur rannsóknarverkefni tengd loftslagsbreytingum og öðrum þáttum jarðkerfisins

Þátttaka í tímabundnum rannsóknarverkefnum tengdum veðurfarsfræði

Gert er ráð fyrir að viðkomandi starfsmaður fái viðeigandi þjálfun á þeim fagsviðum sem þörf er á.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

Háskólapróf og framhaldsmenntun á sviði raunvísinda eða verkfræði

Farsæl reynsla á sviði rannsókna og úrvinnslu mæligagna

Kunnátta í tölfræðilegum greiningum og framsetningu

Kunnátta og reynsla af úrvinnslukerfum, s.s. R eða Python eða sambærilegum kerfum

Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu

Færni og geta til að miðla niðurstöðum innan teymis og út á við

Skipulögð og fagleg vinnubrögð í starfi

Góð tölvukunnátta nauðsynleg, kunnátta í notkun venslagagnagrunna er kostur

Góð færni í íslensku og ensku nauðsynleg. Þekking á einu norrænu máli er kostur

FREKARI UPPLÝSINGAR

Nánari upplýsingar um starfið veita **Jórunn Harðardóttir, framkvæmdastjóri (jorunn@vedur.is), Halldór Björnsson, hópstjóri veðurs og loftslags (halldor@vedur.is) og Borgar Ævar Axelsson, mannauðsstjóri (borgar@vedur.is)**, í síma 522 6000.

Um er að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 7. júní nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á **www.starfatorg.is**

Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, framsækni** og **samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni taka mið af þessum gildum.

bsi. ISO/IEC 27001 Information Security Management
bsi. ISO 9001 Quality Management
JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

Hlutverk Veðurstofu Íslands er að stuðla að bættu öryggi almennings, eigna og innviða gagnvart öflum náttúrunnar, jafnframt því að styðja sjálfbæra nýtingu náttúrunnar og samfélagslega hagkvæmni. Því hlutverki sinnir starfsfólk Veðurstofunnar með vöktun lofts, láðs og lagar, byggðri á öflun, varðveislu og greiningu gagna, rannsóknum, þróun og miðlun upplýsinga.

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Á Veðurstofunni starfa um 140 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfar fjöldi fólks við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið.

Nánari upplýsingar um Veðurstofu Íslands má finna á vedur.is



Er þreytandi að sitja í umferðarteppu?

Komdu þá til okkar hjá VSB verkfræðistofu og gerðu eitthvað í málunum!

VSB verkfræðistofa vinnur við að skipulegga og hanna götur, stíga, gatnamót, ljósastýringar, strætó og bara allt það sem viðkemur daglegum ferðum almennings.

Við erum að leita að áhugasömum, sjálfstæðum og drífandi einstaklingi sem býr yfir:

- M.Sc. í samgönguverkfræði eða sambærilega menntun
- Reynslu af samgöngumálum
- Góðum samskiptahæfileikum

VSB Verkfræðistofa er fjölhæf verkfræðistofa á sviði mannvirkjagerðar og framkvæmda og veitir ráðgjöf sem einkennist af hagkvæmni, fagmennsku og áreiðanleika.
VSB er með starfsstöðvar í Hafnarfirði og Reykjanesbæ með alls 36 starfsmenn.
Við erum 34 ára gömul stofa sem státar af góðu vinnuumhverfi og skemmtilegu starfsfólki.
VSB er einnig stoltur þáttakandi í BIM Ísland, ITS Ísland og Grænni byggð.

Nánari upplýsingar veitir:
Lilja G. Karlsdóttir, lilja@vsb.is
Umsóknarfrestur er til og með 21. júní

VSB VERKFRÆÐISTOFA
Bæjarhrauni 20
220 Hafnarfjörður
www.vsb.is

Kennarastöður í Menntaskólanum á Ásbrú eru lausar til umsóknar

Nánar á **www.menntaskolinn.is**

Umsóknarfrestur er til 15. júní

STÖRF HJÁ **GARÐABÆ**

Sjálandsskóli
- Kennari á miðstig
- Þroskaþjálfi

Leikskólinn Akrar
- Aðstoðarleikskólastjóri
- Leikskólakennari

Leikskólinn Krakkakot
- Deildarstjórar

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

Okkur vantar góðan liðsauka

VERKEFNASTJÓRI

Helstu verkefni
- Verkþáttastýring
- Framkvæmdaeftirlit
- Kostnaðargát/eftirlit
- Kostnaðargreiningar
- Þátttaka í hönnunar- og verkfundum
- Gerð verkáætlana
- Þátttaka í rýnifundum tengdum verkefna- og gæðastjórnun
- Þátttaka í öryggis- og gæðamálum

Menntunar- og hæfnikröfur
- Háskólapróf í byggingatæknifræði, byggingafræði eða byggingaverkfræði
- Iðnmenntun á byggingasviði er kostur
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku í rituðu og töluðu máli, ásamt góðri enskukunnáttu og kunnáttu í einu norðurlandamáli

VERKSTJÓRI

Helstu verkefni
- Verkþáttastýring í samstarfi við verkefnastjóra
- Verkstjórn
- Skráning og utanumhald verkferla
- Þátttaka í verkfundum
- Þátttaka í rýnifundum tengdum verkefna- og gæðastjórnun
- Þátttaka í öryggis- og gæðamálum


Menntunar- og hæfnikröfur
- Sveinspróf í húsasmíði, meistararéttindi æskileg
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð tölvufærni
- Gott vald á íslensku í rituðu og töluðu máli, ásamt góðri enskukunnáttu

ALVERK
FRAMKVÆMDIR OG RÁÐGJÖF

Umsækjendur þurfa að vera með reynslu af sambærilegum störfum, liprir í mannlegum samskiptum og með ríka þjónustulund.

Umsóknarfrestur er til og með 14. júní nk. Umsóknum um störfin þarf að fylgja kynningarbréf ásamt ferilskrá, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir sendist á *thorleifur@alverk.is*.

Nánari upplýsingar veitir: Þorleifur Kristinn Árnason (*thorleifur@alverk.is*).



Alverk er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki í mannvirkjagerð með megináherslu á framkvæmdir og verkfræðiráðgjöf. Fyrirtækið starfar að mestu sem al- og/eða aðalverktaki.

Alverk vinnur í dag að mörgum krefjandi og spennandi verkefnum, m.a. byggingu 100 námsmannaíbúða fyrir BN í Stakkahlíð, hönnun og byggingu svefnskála fyrir Landhelgisgæsluna á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar, stækkun hátækniseturs fyrir Aztiq/Alvotech í Vatnsmýri í Reykjavík og er með á undirbúningsstigi byggingu 52 íbúða í Úlfarsárdal sem ætlaðar eru ungu fólki og fyrstu kaupendum.



Menningarhúsið Hof leitar að verkefnastjóra

HOF MENNINGARHÚS

Vilt þú bætast við öfluga liðsheild og starfa við fjölbreytt verkefni á sviði viðburða- og verkefnastjórnunar? Við leitum að öflugum einstaklingi til starfa í einu fallegasta menningarhúsi landsins.

Helstu kröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefna- og viðburðastjórnun
- Góðir skipulagshæfileikar
- Ríkt þjónustulund, samviskusemi og áreiðanleiki
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Jákvætt viðmót, drifkraftur og lausnamiðuð hugsun
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Helstu verkefni:
- Verkefna- og viðburðastjórnun stærri og minni viðburða
- Bókanir viðburða af ýmsum toga í Hof
- Samskipti við viðburðarhaldara
- Undirbúningur, móttaka og eftirfylgni viðburða

Við bjóðum:
- 100% starf í einu fallegasta menningarhúsi á Íslandi. Í Hofi fer fram fjölbreytt menningarstarfsemi, tónleikar, fundir og ráðstefnur
- Þátttöku í áhugaverðum verkefnum og möguleika á að hafa mótandi áhrif í starfi
- Tækifæri til að taka þátt í iðandi menningarlífi og frjóu starfsumhverfi

Hof er rekið af Menningarfélagi Akureyrar sem einnig rekur Leikfélag Akureyrar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Líklegt er að viðkomandi starfsmaður tæki einnig að sér tilfallandi störf fyrir önnur svið Menningarfélagsins.
Vegna eðli starfsins fer umtalsverð vinna fram um kvöld og helgar.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. september 2021

Ferilskrá ásamt umsókn, þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni í starfið sendist á *umsoknir@mak.is*. Umsóknarfrestur er til og með 2. júní 2021. Upplýsingar um starfið gefur Kristín Sóley Björnsdóttir viðburðastjóri *kristinsoley@mak.is*

Menningarhúsið HOF Strandgata 12 600 Akureyri 450 1000 www.mak.is

Laus störf hjá Samkeppniseftirlitinu

Hagfræðingar

Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir tveimur öflugum hagfræðingum sem hafa brennandi áhuga á samkeppnismálum. Viðkomandi munu í störfum sínum vinna náið með aðalhagfræðingi og sérfræðingum stofnunarinnar.

Helstu verkefni:
- Greiningarvinna og þátttaka í skrifum á skýrslum og ákvörðunum
- Söfnun gagna og tölfræðileg úrvinnsla
- Miðlun hagfræðilegrar þekkingar við rannsókn mála
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Þátttaka í öðru þróttmiklu starfi Samkeppniseftirlitsins á sviði hagfræði
- Möguleiki á þátttöku í erlendu samstarfi

Menntunar og hæfniskröfur:
- Meistarapróf í hagfræði
- Gott vald á aðferðum til hagrannsókna og notkun hugbúnaðar við tölfræðigreiningar og úrvinnslu gagna
- Þekking á atvinnuvega- eða vinnumarkaðshagfræði er kostur
- Reynsla af greiningarvinnu og samkeppnismálum er kostur
- Góð greiningarhæfni og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna
- Hæfni í samskiptum og þverfaglegri samvinnu
- Geta til að vinna undir álagi
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, í mæltu og rituðu máli

Umsóknarfrestur er til og með 25. júní 2021. Annað starfið er tímabundið frá 01.09.2021-31.03.2022. Með umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá, kynningarbréf og einkunnir úr grunn- og framhaldsnámi. Nánari upplýsingar veita Valur Þráinsson, aðalhagfræðingur (valur.thrainsson@samkeppni.is) í síma 585-0700 og Karítas Jónsdóttir, rekstrarstjóri (karitas.m.jonsdottir@samkeppni.is) í síma 585-0700.

Um Samkeppniseftirlitið

Samkeppniseftirlitið fylgist með samkeppni fyrirtækja í síbreytilegu atvinnulífi landsins. Eftirlitið spornar við óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinnur gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðveldar aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Hjá Samkeppniseftirlitinu starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga sem hefur brennandi áhuga á samkeppnismálum og nær árangri í starfi. Samkeppniseftirlitið leggur áherslu á að starfsmenn þess fái tækifæri til að sinna spennandi verkefnum, þróast í starfi og viðhalda jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Samkeppniseftirlitið fékk viðurkenningu sem ein af fimm fyrirmyndarstofnunum í sínum stærðarflokki á árinu 2020.

www.samkeppni.is

Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til þess að ráða á grundvelli auglýsingarinnar næstu sex mánuði eftir birtingu hennar, sbr. reglur um auglýsingar á lausum störfum nr. 1000/2019. Við ráðningar hjá Samkeppniseftirlitinu er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun stofnunarinnar.

Lögfræðingur

Samkeppniseftirlitið leitar að öflugum lögfræðingi sem hefur brennandi áhuga á samkeppnismálum. Lögfræðingar Samkeppniseftirlitsins taka þátt í og bera ábyrgð á úrlausnum samkeppnismála á ýmsum sviðum atvinnulífsins ásamt því að sinna öðrum áhugaverðum verkefnum á sviði samkeppnisréttar.

Helstu verkefni:
- Ábyrgð á og þátttaka í úrlausnum samkeppnismála á fjölbreyttum sviðum atvinnulífsins
- Greiningar á samkeppnisstöðu fyrirtækja
- Eftirlit og greining markaða
- Rannsóknir og gagnavinnsla
- Skýrslu- og álitsgerðir
- Möguleiki á þátttöku í erlendu samstarfi

Menntunar og hæfniskröfur:
- Kandidats- eða meistarapróf í lögfræði
- Reynsla af samkeppnis- og/eða stjórnsýslumálum
- Reynsla og/eða þekking á evrópurétti kostur
- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna
- Góð greiningarhæfni og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í samskiptum og þverfaglegri samvinnu
- Geta til að vinna undir álagi
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, í mæltu og rituðu máli

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2021. Með umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf. Nánari upplýsingar veita Eva Ómarsdóttir, verkefna- og teymisstjóri (eva.omarsdottir@samkeppni.is) og Karítas Margrét Jónsdóttir, rekstrarstjóri (karitas.m.jonsdottir@samkeppni.is) í síma 585-0700. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Sótt er rafrænt um störfin á **www.starfatorg.is**.
Starfshlutfall er 100%. Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ



Skólastjóri Salaskóla í Kópavogi

Salaskóli var stofnaður árið 2001. Í dag eru tæplega 600 nemendur í skólanum.
Salaskóli er framsækinn skóli sem byggir starf sitt og þróun á reynslu og rannsóknum. Nemendur og hagsmunir þeirra eru ávallt í fyrsta sæti og lögð er áhersla á að nemendur byggi upp sjálfstraust og sjálfsaga. Skólinn er UNESCO-skóli og mótar því stefnu sína og námskrá eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sem felur m.a. í sér að nemendur, starfsfólk og skólasamfélagið í heild leggur sig fram við að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Salaskóli vinnur markvisst að markmiðum um menntun fyrir alla.
Undir stjórn skólastjóra er jafnframt rekin frístund fyrir nemendur í 1.– 4. bekk.

Í Salaskóla ríkir menning sem einkennist af metnaði fyrir stöðugri þróun og nýbreytni í skólastarfi ásamt afar góðum og árangursmiðuðum starfsanda.

Leitað er að stjórnanda sem hefur góða hæfni í samskiptum, áhuga á að þróa framsækið skólastarf í Salaskóla, er skipulagður og umbótadrifinn og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að vera leiðtogi í sínum skóla, veita faglega forystu og búa yfir hæfni til að skipuleggja skapandi skólastarf í stöðugri framþróun, í samvinnu við nemendur, kennara, foreldra og skólayfirvöld.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Kennslureynsla á grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun (MA, MEd, MBA eða Diplóma að lágmarki) á sviði uppeldis- og menntunarfræða, stjórnunar eða sambærilegra greina
- Reynsla af stjórnun og faglegri forystu á sviði kennslu, nýbreytni og þróun í skólastarfi
- Reynsla af rekstri skóla og gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana er æskileg
- Leiðtogahæfni, góð hæfni í samskiptum og skipulagshæfileikar

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2021
Ráðið verður í stöðuna frá 1. janúar 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

Allar nánari upplýsingar um starfið má finna á vef Kópavogsbæjar undir auglýst störf.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**.

Kópavogsbær

kopavogur.is




Erum við að leita **að þér?**



Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Skipulagsfulltrúi og þjónustufulltrúi

á umhverfis- og framkvæmdasviði Múlaþings

Múlaþing er nýsameinað sveitarfélag og mun á næstu misserum hefjast vinna við nýtt aðalskipulag sem verður mjög áhugaverð og skapandi vinna. Á umhverfis- og framkvæmdasviði Múlaþings starfar öflugur hópur sem samanstendur vel menntuðum og kraftmiklum einstaklingum.

Skipulagsfulltrúi

Umsjón með skipulagsmálum í sveitarfélaginu, útgáfa framkvæmdarleyfa og gerð umsagna um skipulags- og byggingaerindi.

Þjónustufulltrúi

Umsjón með umsýslu teikninga, skráningu, skjalavörslu og frágangi erinda og aðstoðar byggingafulltrúa og aðra starfsmenn á sviðinu.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins mulathing.is undir flipanum „störf í boði“ og á starfasíðu Alfreðs, mulathing.alfred.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningum við viðkomandi stéttarfélag. Einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 13. júní 2021

Framkvæmda- og umhverfismálastjóri Múlaþings,
hugrun.hjalmarsdottir@mulathing.is

Múlaþing
Sími 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is



Lausar stöður

Fjölskyldusvið Múlaþings á Austurlandi

Múlaþing er nýtt sameinað og öflugt sveitarfélag á Austurlandi. Það er fjölskylduvænt samfélag með auðugt menningar- og útivistarlíf. Mikil áhersla er á íþrótta- og æskulýðsmál og öfluga skólaþjónustu.

Fjölskyldusvið Múlaþings sinnir fræðslumálum, félagsþjónustu og íþrótta-og æskulýðsmálum og mikið samstarf er um málefni barna og fjölskyldna. Unnið er m.a. samkvæmt Austurlandslíkaninu (ALL) til að tryggja markvissan og snemmtækan stuðning við fjölskyldur.

Í vaxandi samfélagi höfum við þörf fyrir að fá enn fleira fagfólk í góðan hóp og leitum því að öflugum aðilum í eftirtalin störf:

Talmeinafræðingur í skólaþjónustu
Þroskaþjálfi
Félagsráðgjafi
Félagsráðgjafi í afleysingu
með möguleika á framhaldsráðningu
Tvær stöður sálfræðinga
í skólaþjónustu og verkefni tengd ALL

Nánari upplýsingar um störfin og umsóknarfrest má finna á heimasíðu sveitarfélagsins mulathing.is undir flipanum „störf í boði“.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um.

Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri,
julia.saemundsdottir@mulathing.is s. 4700705

Helga Guðmundsdóttir fræðslustjóri,
helga.gudmundsdottir@mulathing.is s. 4700703

Múlaþing
Sími 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR
RÍKISKAUP
intellecta
Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Kjalarnes, Prestshús
Skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 28. apríl 2021 og borgarráðs 18. maí 2021 var lögð fram skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag í Prestshúsum að Kjalarnesi. Áformað er að byggja íbúðarhús ásamt gestahúsum og vinnustofu/fjölnota sal á landinu. Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 23. júní 2021.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, ***reykjavik.is*** undir **skipulag í kynningu**

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



AÐALFUNDUR 2021

Aðalfundur GRAFÍU verður haldinn
mánudaginn 31. maí 2021 kl. 17.00,
á Stórhöfða 31, (gengið inn Grafarvogsmegin)

Vegna sóttvarnarreglna þarf að skrá sig á fundinn á grafia@grafia.is

DAGSKRÁ:

1. Starfsskýrsla stjórna og nefnda fyrir liðið starfsár.
2. Reikningar sjóða félagsins.
3. Stjórnarskipti*
4. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
5. Kosning í fulltrúaráð Birtu lífeyrissjóðs.
6. Nefndarkosningar.
7. Önnur mál.

* Kosið verður um einn varamann til tveggja ára á aðalfundinum. Gréta Ösp Jóhannesdóttir lést eftir að hún var kjörin í varastjórn. Framboð í sætið til varastjórnar verða með sama hætti og í önnur embætti sem kosið er til á fundinum.

Reikningar, fundargerðir, tillögur um lagabreytingar og aðrar framkomnar tillögur liggja frammi á skrifstofu GRAFÍU frá og með 20. maí 2021.

Stjórn Grafíu

Stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum GRAFÍA

ÚTBOÐ

RFI: Markaðskönnun fyrir Heilsugæsluna í Hveragerði

21478: Ríkiskaup f.h. Heilsugæslunnar í Hveragerði stefnir að því að taka á leigu um 400 fermetra húsnæði fyrir Heilsugæsluna í Hveragerði. Umsjónaraðili verkefnisins er Framkvæmdasýsla ríkisins.

Gerð er krafa um staðsetningu miðsvæðis í bæjarfélaginu, gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða, hjólandi og gangandi og næg bílastæði bæði fyrir viðskiptavini og starfsfólk.
Gert er ráð fyrir að leigutími verði 15 – 20 ár auk mögulegrar framlengingar.
Til nánari undirbúnings á fyrirhuguðum áformum um leigu á húsnæði fyrir heilsugæslu er hér með óskað eftir upplýsingum frá áhugasömum aðilum sem hafa áhuga á að útbúa og reka ofangreint húsnæði.
Upplýsingabeiðni þessi felur ekki í sér skuldbindingu til að semja við ákveðna aðila heldur er einungis verið að kanna möguleika leigutaka. Að markaðskönnun lokinni verður ákveðið hvort óskað verði eftir tilboðum skv. hefðbundnu leiguferli eða hvort samið verði við tiltekinn aðila á grundvelli markaðskönnunarinnar.
Markmiðið með markaðskönnun þessari er að kanna hvort hentugt leiguhúsnæði fyrir heilsugæslu sé til staðar í Hveragerði. Áhersla er lögð á nútímalegt og sveigjanlegt húsnæði. Á meðal meginmarkmiða er hagkvæm og markviss húsnæðisnýting og sveigjanlegt vinnurými.

Upplýsingum skal skila í gegnum TendSign **fyrir kl. 12:00 þann 16. júní 2021.**
Sjá nánar á www.utbodsvefur.is

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

ráðum ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

Leiguhúsnæði fyrir nemendur skólans

Sjávarútvegsskólinn-GRÓ sem hýstur er hjá Hafrannsóknastofnun auglýsir eftir tilboði í leiguhúsnæði fyrir nemendur skólans í sex mánuði frá september 2021 fram í byrjun mars 2022.

Um er að ræða 20 nemendur og þarf hver og einn að hafa sérherbergi sem búið er rúmi, fataskápi, skrifborði með leslampa og stól. Internet tenging þarf að vera í öllum herbergjum. Reiknað er með að nemendur deili eldhúsi, sameiginlegri stofu, snyrtingu og þvottavélum. Eldhús skal m.a. búið ísskápi, frystihólfi, eldavél, skápum og áhöldum.

Leiguhúsnæðið má vera fyrir 20 manns eða í smærri einingum (fyrir t.d. 5 – 7 manns) helst í Kópavogi, Hafnarfirði eða Garðabæ nálægt strætóleið 1 og matvöruverslun. Áhugasamir skili tilboði og upplýsingum um mögulegt húsnæði til info@groftp.is

Skilafrestur rennur út föstudaginn 7. júní kl. 12:00.

Múlaþing

ÚTBOÐ

Almennt útboð, sbr. 2. gr. laga nr.84/2007 og grein 1..2.2 í ÍST 30

Ársalir bs, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum, kt. 450280-0899, óskar eftir tilboðum í verkið:

„Lagarás 21-39 Egilsstöðum".

Verkið felst í að rífa byggingar á lóðunum Lagarás 21-33 og reisa í þeirra stað 10 íbúða raðhús á einni hæð, ásamt fullnaðarfrágangi á lóð.
Heildarstærð nýbyggingar verður 741,8 m² og 2.941 m³
Þeir sem hyggjast gera tilboð í framangreint verk hafi samband við Hrein Halldórsson um netfangið arsalir@mulathing.is og verður þá veittur aðgangur að útboðsvef með öllum nauðsynlegum gögnum um verkið.

Tilboðum skal skilað fyrir kl. 13:45 þann 30.06.2021

f.h. Ársala bs
Hreinn Halldórsson
Umsjónarmaður fasteigna Ársala bs.



Útboð

Ný útboð í auglýsingu

Sandgróðurlag undir nýjan grasvöll á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum
Útboð nær til útvegunar, flutnings og fullfrágengins gróðurlags tilbúið til sáningar. Verkinu öllu skal að fullu lokið 5. júlí.

Nánar á:
hfj.is/utbod

Hafnarfjörður

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

Sægarðar 1, jarðvinna

Helstar magntölur eru:

Gröftur á lausu efni, burðarhæft	100 m³
Gröftur á lausu efni, óburðarhæft	2.400 m³
Losun á klöpp	3.500 m³

Verklok eru 1. desember 2021.

Útboðsgögnin verða aðgengileg á rafrænu formi á útboðsvef Faxaflóahafna;
https://faxafloahafnir.ajoursystem.is/

frá og með 2. júní kl.12:00.

Tilboðum skal skila á útboðsvef fyrir **miðvikudaginn 23. júní 2021 klukkan 10:00.** Ekki verður haldinn opnunarfundur. Niðurstöður opnunar verða birtar á útboðsvef.

HNIT VERKFRÆÐISTOFA

Sveitarfélagið ÁRBORG

VGS VERKFRÆÐISTOFA

ÚTBOÐ

– Plön við Engjaveg og Jötunheima

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið ***"Plön við Engjaveg og Jötunheima".***
Í verkinu fellst gerð malbikaðra plana ásamt tilheyrandi jarð- og lagnavinnu.

Helstu magntölur:

Uppúrtekt:	2700 m³
Fyllingar:	1850 m³
Malbik	3700 m²
Kantsteinar:	540 m
Hellulagnir	330 m²

Verklok : Plan við Engjaveg – íþróttavöll: **20. júlí 2021.**
Önnur verk: **27. ágúst 2021**

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef Ajour sem er aðgengilegur hér:
https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/76ecf12e-6f0c-42dc-97af-9a08ca351b37
Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour.
Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrám sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði.
Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til **kl. 11.00 fimmtudaginn 10. júní 2021.**
Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnunaryfirlit rafrænt. Útboðsgögn afhendast á útboðsvef frá og með föstudeginum 28. maí kl. 11:00. Ekki verður hægt að óska eftir útprentuðum útboðsgögnum.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Stjörnugróf 7-11. Gatna- og stígagerð,** útboð nr. 15217
- **Selásskóli, endurgerð lóðar 2021,** útboð nr. 15222

Nánari upplýsingar er að finna á
www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is

ÚTBOÐ

Úrgangsþjónusta Hveragerðisbær

21120 – Úrgangsþjónusta Hveragerðisbær

Ríkiskaup, fyrir hönd Hveragerðisbæjar kt. 650169-4849, óska eftir tilboðum í verkefnið 21120 Úrgangsþjónusta Hveragerði - Söfnun og vinnsla úrgangs fyrir heimili, stofnanir og gámastöð.

Verkefnið felst í söfnun, losun og ráðstöfun úrgangs í Hveragerðisbæ. Verktaki skal annast úrgangsþjónustu fyrir öll heimili í þéttbýli og dreifbýli, stofnanir bæjarins og þjónustu við gámastöð Hveragerðisbæjar.

Gert er ráð fyrir þriggja (3ja) ára samningi með möguleika á að framlengja samning tvisvar (2) sinnum um eitt (1) ári í senn, þannig að samningstími verði samtals fimm (5) ár.

Nánari upplýsingar er að finna á www.utbodsvefur.is og útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign.

Leiðbeiningar varðandi útboðskerfið má nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

FÉLAGSBÚSTAÐIR

Útboð

Félagsbústaðir hf. óska eftir tilboðum í verkið:

Tindasel 1 - Íbúðakjarnar

Helstar verkþættir eru:

Stækkun á eldra húsnæði og innrétting á 4 íbúðum.

Ný 108 m² létt viðbygging á steyptum grunni með tveim íbúðum.

Lóðafrágangur

Útboðsgögnin verða afhent á rafrænu formi endurgjaldslaust hjá Hnit verkfræðistofu hf. Hafa skal samband í póstfangið kristjon@hnit.is frá og með mánudeginum 31. maí n.k.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Hnit verkfræðistofu hf, Háaleitisbraut 58-60, fyrir **mánudaginn 7. júní 2021 klukkan 13:00.** Tilboð verða opnuð á sama stað og tíma. Verklok eru 01. desember 2021.

50 HNIT VERKFRÆÐISTOFA

Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Markavegur 7 og 8. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 13. apríl 2021 með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Markavegar 7 og 8. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir einu hesthúsi á einni hæð ásamt gerði á hvorri lóð. Í breytingunni felst að á lóðunum verði reist ein sameiginleg reiðskemma 8,5 m á breidd og 12 m á lengd. Gólfkóti verði jafnaður þannig að gólfkóti Markavegar 7 fari úr 104,5 í 105 og gólfkóti Markavegar 8 fari úr 105,5 í 105.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 29. mars 2021. Nánar er vísað til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulag@kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 15. júlí 2021.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi

Kópavogsbær

kopavogur.is

SELTJARNARNESBÆR

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Á SELTJARNARNESI

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Deiliskipulag fyrir reit S-3 í aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar, leikskóli
Á fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 11. maí 2021 og bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 12. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir reit S-3 í aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar, skólar og heilsugæsla. Í deiliskipulagstillögunni er afmörkuð ein lóð fyrir leikskóla sem verði 9591 m2 að stærð. Sameinuð lóð fær heitið Suðurströnd 1. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Deiliskipulag vestursvæðis, Ráðagerði
Á fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 11. maí 2021 og bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 12. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi vestursvæðis, Ráðagerði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna. Framangreind breyting á deiliskipulagi byggir á hliðstæðri breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 sem hefur verið auglýst en bíður staðfestingar.

Valhúsahæð og aðliggjandi útivistarsvæði, Kirkjubraut 20
Á fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 11. maí 2021 og bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 12. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Valhúsahæðar og aðliggjandi útivistarsvæðis vegna Kirkjubrautar 20. Breytingin felur í sér skilgreiningu á nýrri lóð við Kirkjubraut 20. Stærð lóðar um 1.900 m2 og innan lóðar er heimilað reisa hús að hámarki 560 m2 á einni hæð með samtals 6 íbúðum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna. Framangreind breyting á deiliskipulagi byggir á hliðstæðri breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 sem hefur verið auglýst en bíður staðfestingar.

Bakkahverfi, Melabraut 16
Á fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 10. mars 2021 og bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 24. mars 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bakkahverfis vegna Melabrautar 16. Í breytingunni felst að heimila hækkun á Melabraut 16 í samræmi við nærliggjandi húsnæði og að byggja megi inndregna 3. hæð með einhallandi þaki í stað núverandi valmaþaks. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar eru auglýstar frá 26. maí til og með 14. júlí 2021. Nálgast má tillögurnar á vef Seltjarnarnesbæjar *www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/skipulag/frettir/*. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar má skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *postur@seltjarnarnes.is* eigi síðar en 14. júlí 2021.

Skipulagsfulltrúi Seltjarnarnesbæjar

ÓSKAST TIL LEIGU

Húsnæðisöflun fyrir heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu

21488: Ríkiskaup f.h. Ríkiseigna óska eftir að taka á leigu húsnæði fyrir starfsemi heimahjúkrunar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Umsjónaraðili er Framkvæmdasýsla ríkisins.

Miðað er við að húsnæðið verði tekið á langtímaleigu til 15 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Gerð er krafa um staðsetningu í þungamiðju svæðis innan starfssvæðis heimahjúkrunar sem er í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Mosfellsbæ og Kjós. Það skal vera gott aðgengi þ.m.t. fyrir hreyfihamlaða, hjólandi, gangandi og bílastæði fyrir um 50 bíla. Húsnæðið skal vera á einni hæð.

Heimahjúkrun Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er heilbrigðisstofnun með samfelldri og alhliða heilsugæsluþjónustu sem grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar, heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi. Því skiptir staðsetning húsnæðisins, þ.e. nálægð við helstu stofnbrautir og almenningssamgöngur, miklu máli við staðarval. Húsrýmisþörf er áætluð um 650 fermetrar.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 21488 skulu sendar rafrænt í gegnum útboðskerfið TendSign og verða svör birt þar. Leigutilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu, eigi síðar en **kl. 12:00 þriðjudaginn 22. júní 2021.**

Allar nánari upplýsingar um ferlið, kröfur og tæknilýsingar er að finna gjaldfrjálst í útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign.is Leiðbeiningar um skráningu og skil á tilboðum er hægt að nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.
Sjá nánar á **www.utbodsvefur.is**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Auglýsing um skipulagsmál í Hveragerði

HVERAGERÐISBÆR

Grænamörk 10 - Heilsustofnun, tillaga að breytingu á deiliskipulagi NLFÍ svæðis í Hveragerði.

105 Reykjavík
S. 490-0095
info@accountant.is
www.accountant.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstiþvoum,vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

K2
LOFTSTOKKAHREINSUN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

RUNARMURARI.IS
Tröppuviðgerðir, Húsaviðgerðir, Þakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

OKKAR ALLRA BEZTU



Vifturnar sem bæði **New York Times** og **BI** hafa valið bestu vifturnar. Ekki af ástæðulausu.

- KASTLANGAR
- KRAFTMIKLAR
- 100 HRAÐAR
- HLJÓÐLÁTAR

BORÐVIFTUR - LOFTVIFTUR - STANDVIFTUR

ÍSHÚSIÐ
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is
Andaðu léttar...

Keypt & Selt

Til sölu



VERÐ 55.000,-KR

Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313



SVARTUR Á LIT !

Emmaljunga duo vagn og kerrustykki til sölu, vel með farið. Verð 45þús eða tilboð S. 663 3313

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús.

S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Einkamál

HRESS KARLMAÐUR Á BESTA ALDRI ÓSKAR EFTIR AÐ KYNNAST KVK

Mig langar að kynnast konu um 60+ sem er til í að hittast yfir kaffibolla, fara í gólf og fl. Vera með opinn hug varðandi framhaldið ef að bæði hafa áhuga.

Endilega hafið samb. í s. 823 6593

Óska eftir að kynnast konu á aldrinum 60-70 ára, heiðarleg, dýravinur og glaðlynd. Hafið samband í síma 824 8872.



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is

Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga
arnarut@frettabladid.is

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!



NORMX
Íslensk framleiðsla í 39 ár!

OPIÐ 10-14 Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR!

Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is



25%
AF VIVA RÚMUM

Góð meðalstíf dýna með áfastri yfirdýnu og öflugri kantstyrkingu. Dýnan er með 5 þægindasvæði. 256 pokagormar á hvern fermetra. Yfirdýnan samansett úr nokkrum lögum af hefðbundnum svampi, eggjabakkalöguðum svampi og latex. Botn með tauáklæði og fætur fylgja með. Höfuðgafl seldur sér.

120x200 cm.149.900 kr. **NÚ 112.425 kr.**
160x200 cm. 179.900 kr. **NÚ 134.925 kr.**
180x200 cm. 199.900 kr. **NÚ 149.925 kr.**

20%
AF NÁTTBORÐUM, RÚMFÖTUM, LÖKUM, SÆNGUM OG KODDUM KOMMÓÐUM OG SVEFNSÓFUM

27. MAÍ - 14. JÚNÍ



MALY
Kommóða með 5 skúffum. 80x48x120 cm.
99.900 kr. **Nú 79.920 kr.**



POP
Náttborð með geymslu. Ø40 cm.
34.900 kr. **Nú 27.920 kr.**



WRAP
Náttborð. Mattlakkaður eikarspónn, svartir málmfætur. 44x36x60 cm.
34.900 kr. **Nú 27.920 kr.**



BRAGA
Rúmföt. 140x200/60x63 cm.
6.995 kr. **Nú 5.596 kr.**



MARBLE
Rúmföt. 140x200/60x63 cm.
15.995 kr. **Nú 12.796 kr.**



RHEA Borðlampi.
Ø20 x H20 cm.
14.995 kr. **Nú 11.996 kr.**



VENICE Borðlampi.
Ø22 x H44 cm.
14.995 kr. **Nú 11.996 kr.**



CIRCLE Borðlampi.
H40 cm. 10.995 kr.
Nú 8.796 kr.



SELLA Borðlampi.
H56 cm. 14.995 kr.
Nú 11.996 kr.



ABILD Borðlampi.
Ø25 x H52 cm. 14.995 kr.
Nú 11.996 kr.

20%
AF ÖLLUM BORÐLÖMPUM



SAVONA
Svefnsófi með legubekk. Ljósgrár. L225 cm. Svefnpláss 140x198 cm. 109.900 kr. **Nú 87.920 kr.**



WILFRED
Svefnsófi, pokagormadýna og svartir málmfætur. L200 cm. Svefnpláss 160x200 cm. 149.900 kr. **Nú 119.920 kr.**



RIDA
Svefnsófi. Ljósgrár. 12 cm svampdýna. L175 cm. Svefnpláss 190x140 cm. 169.900 kr. **Nú 135.920 kr.**

©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta auglýsar villur.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

Gjöfult land framleiðir gæðaafurðir

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir ver um hálfri vikunni í rómantísku samfélagi Hvanneyrar en í byrjun árs 2019 tók hún við stöðu rektors Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann hefur aldrei verið vinsælli og komast færri að en vilja.



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Ég er verkfræðingur og hef farið úr einu í annað má segja. En ég tók meistaragráðu í efnaverkfræði með næringarfræði og lífefnafræði sem grunn.“

Ragnheiður lærði í Danmörku en tók við starfi á Keldnaholti við heimkomuna. „Þá fór ég að vinna með plastefni og svo málma og endaði á að taka doktorsgráðu við Danska tækniháskólann um tæringu málma. Í beinu framhaldi af doktorsprófinu fór ég í MBA-nám við Háskóla Íslands.“

Ragnheiður starfaði á Keldnaholti og síðan á Orkustofnun þar til hún fór að vinna að eigin sprotafyrirtækjum en meðfram því starfaði hún sem stundakennari við Háskóla Íslands og birti fræðigreinar.

„Þegar ég sá stöðu rektors auglýsta fannst mér það spennandi áskorun enda er ég sannfærð um að landbúnaður eigi sér bjarta framtíð hér á landi, auk þess sem svo margt er að gerast í umhverfis- og loftslagsmálum.“

Hundrað og þrjátíu ára saga

Ragnheiður segir sögu skólans ríka en árið 1889 var stofnaður Búnaðarskóli á Hvanneyri sem svo varð að Bændaskólanum árið 1907. Það var svo fjörutíu árum síðar sem kennsla í búvísindum hófst á háskólastigi.

„Þetta er því orðin rúmlega 130 ára saga og segja má að það hafi ríkt mikil framsýni þarna 1947 þegar nám hófst á háskólastigi. Í dag erum við með búfræðina á framhaldsskólastigi og búvísindin á háskólastigi. Þetta var samtvinnað frá upphafi og styður vel hvort við annað. Það komast færri að en vilja í búfræðina og hefur það lengi verið þannig. Ungir bændur hafa verið að biðja okkur að taka fleiri inn en það er í raun verklegi hlutinn sem er flöskuhálsinn í því,“ segir Ragnheiður. Nú er einn bekkur tekinn inn í búfræðinni en unnið er í því að taka inn fleiri nemendur í fjarnám í haust.

Ragnheiður segir starfsmenn skólans hafa tamið sér nýjar vinnuaðferðir á liðnu ári, en á vormánuðum 2020 var kennsla færð í fjarkennslu á einni nóttu.

„Lærdómsferlið var krefjandi og kennarar, nemendur og starfsmenn lögðu hart að sér til að láta hlutina ganga upp,“ segir hún.

Þrettán þjóðlönd

„Hér hefur verið mikil aukning í bæði fjölda starfsfólks og nemenda og ég taldi það um daginn að á þessum litla vinnustað er fólk frá þrettán þjóðlöndum. Bæði hefur gengið vel að fá fólk til starfa hjá okkur og við höfum fengið mikið af styrkjum frá samkeppnissjóðum hér og erlendis,“ segir Ragnheiður en styrkir úr samkeppnissjóðum hafa hátt í þrefaldast og með auknum styrkjum hefur verið hægt að ráða inn fleiri sérfræðinga og bæta við doktorsnemum.

„Sem dæmi þá hafa sjö doktorsnemendur útskrifast frá upphafi en nú stunda fimmtán doktorsnám við skólann.“

Landbúnaðarháskóli Íslands tók til starfa árið 2005 með sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Keldnaholti. Í byrjun síðasta árs voru gerðar ákveðnar breytingar á skipulagi skólans og litu þrjár nýjar fagdeildir dagsins ljós: Ræktun og fæða, Náttúra og skógur og Skipulag og hönnun og er kennt á Hvanneyri, Keldum og á Reykjum.

Land orðið mikil auðlind

„Krafan er alltaf að aukast í framleiðsluferlinu og Ísland með allar þessar auðlindir og orðstír í útflutningi býr að ótal tækifærum. Ég sé fyrir mér að landbúnaður muni vaxa mikið á næstu árum hér enda er land orðið svo mikil auðlind og við getum nýtt okkar mikið betur. Við erum rík þjóð og við tökum ýmsu sem gefnu. Þegar okkur vantar vatn er einfaldlega opnuð ný borhola á meðan aðrir þurfa að kreista meira úr þeirri sem er fyrir.

Hollenskir gróðurhúsabændur sögðu mér til að mynda að þar væri landið undir gróðurhúsið jafndýrt og gróðurhúsið sjálft með öllum græjunum,“ útskýrir Ragnheiður sem segist sjá gríðarleg tækifæri í ræktun hér á landi.

„Við tókum það saman að hér er ræktað undir gleri á um tuttugu hekturum en á meðan er talan í Hollandi 10 þúsund hektarar.“

Ragnheiður segir sjálfvirkni vera mikið að taka yfir og þannig fækki störfum í landbúnaði um leið og framleiðslan aukist. „Launakostnaður hér á landi er hár miðað við önnur lönd svo ef við ætlum að vera samkeppnishæf við innflutning þarf að horfa til þess. Það er blákaldur veruleikinn.“

Ragnheiður segir samfélagið á Hvanneyri einstakt.

„Við erum á votlendissvæði þar sem ríkir alþjóðleg fuglavernd en fáir vita af þessu. Þetta skapar okkur mikla sérstöðu sem við eigum eftir að nýta betur og vinna áfram með Umhverfisstofnun. Okkur langar að hægt sé að koma og skoða fuglana á meðan verndun þeirra er gætt. Hér er 300 manna byggð, skóli og Landbúnaðarsafn. Svo það er ýmislegt í gangi hér. Ég held að flestir keyri bara fram hjá Hvanneyri án þess að beygja hingað inn og fatta ekki að hér er ýmislegt að skoða.“

Lambakjötið of ódýrt

Á Hvanneyri er boðið upp á stúdentagarða og búsetuúrræði af ýmsum stærðum. „Hér er jafnframt leikskóli og grunnskóli svo fjölskyldufólk með yngri börn getur varla fundið neitt betra.“

„Við höfum verið í góðu samstarfi við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og höfum meðal annars unnið skýrslu um fæðuöryggi sem mun leggja grunninn að mótun fæðuöryggisstefnu fyrir Ísland sem hingað til hefur ekki verið til. Við höfum líka verið að taka út stöðu sauðfjárbænda sem hefur verið slæm. Að mínu mati greiðum við alltof lítið fyrir lambakjötið og bændur fá ekki upp í framleiðslukostnaðinn,“ segir hún.

Ragnheiður segir ekki vanta áhugann á bændastarfinu en erfitt geti verið að byrja frá grunni.

„Það er eitt að taka við skuldlitlu búi en annað að starta frá grunni. En svo eru tækifærin í frumhráefnisframleiðslu gríðarleg og mikil nýsköpun í gangi. Í fæðuöryggisskýrslunni kom fram að um eitt prósent korns til manneldis er framleitt hér á landi en gæti verið mikið meira,“ segir Ragnheiður og bendir á tækifærin þar.

Skordýr og þörungar

„Svo ef maður horfir á nýju fyrirtækin í þörungaframleiðslu, en þar höfum við sem skóli til dæmis enn ekki haslað okkur völl. En þarna þarf að mennta fólk og efla það svið ef upp koma fleiri og fleiri fyrirtæki í þörungaræktun. Svo finnst mér skordýraræktun líka mjög spennandi í fóðurhráefni og það er heilmikið um að vera í því á alþjóðlegu sviði. Ef þú ert með hugmynd og ert nógu sniðugur þá eru til peningar og tækifærin eru endalaus,“ segir Ragnheiður og bendir á nýsköpun í ferðatengdum landbúnaði eins og til dæmis Friðheima í Reykholti og Garð í Eyjafirði.

Mikið er lagt upp úr aðstöðu skólans enda segir hún engan sækja í spennandi nám ef aðstaðan er léleg. „Þú færð ekki unga fólkið nema með fyrsta flokks aðstöðu, það eru gerðar kröfur þegar fólk velur sér háskóla. Við erum að reyna að standast þær,“ segir Ragnheiður og bendir á að á Hvanneyri sé kúabú, reiðhöll fyrir um 80 hross og sauðfjárbú.

„Íslenskur landbúnaður á bjarta framtíð og mun vafalítið spila stórt hlutverk í íslenskri matvælaframleiðslu fyrir innanlandsmarkað og aukinn útflutning. Áskoranir eru margar en tækifærin fylgja þeim og drög að landbúnaðarstefnu, vinna við gerð loftslagsstefnu, aukinn áhugi og almenn umræða um landbúnað, umhverfis-, loftslags- og skipulagsmál fylla okkur öll bjartsýni, enda landið okkar gjöfult á auðlindir og landið þekkt fyrir hreinleika og gæðaafurðir,“ segir hún að lokum. ■

> Við tókum það saman að hér er ræktað undir gleri á um tuttugu hekturum en á meðan er talan í Hollandi 10 þúsund hektarar.



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir rektor er sannfærð um að tækifærin liggi í nýsköpun. MYND/AÐSEND



Ragnheiður segir mikinn áhuga meðal unga fólksins á bændastarfinu en erfitt sé að byrja á búskap frá grunni.



Samfélagið á Hvanneyri er einstakt þar sem eru stúdentagarðar, kúabú, stærðar reiðhöll og sauðfjárbú.

> Þú færð ekki unga fólkið nema með fyrsta flokks aðstöðu, það eru gerðar kröfur þegar fólk velur sér háskóla. Við erum að reyna að standast þær.

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

TAX FREE

af öllum sumarblómum

Sumarblóm, trjáplöntur, garðrósir, matjurtir, fjölærar plöntur o.fl.



Tax Free tilboð jafngildir 19,35% afslætti. Gildir til sunnudags

TAX FREE

af öllum garðverkfærum

Sláttuvélar, orf, háþrýstidælur, hrífur, skóflur, slöngur og öll hand-, rafmagns- og bensínknúin garðverkfæri og áhöld





Aldraðir eru ekki endilega gamlir



Sigmundur Ernir Rúnarsson
sigmundur
@frettabladid.is

Þegar Sigfús afi kvaddi sína jarðvist var hann á sextugasta og fjórða ári, harla þrekaður af líkamlegu ati niðri á kaja í hvaða veðri sem var, verkamaður af þeirri kynslóð sem mátti þakka fyrir það að fá vinnu á hverjum degi, enda hitt hlutskiptið svo til hversdagslegt, að vera ekki valinn úr hópi karlanna sem biðu í biðröð á hafnarkampinum, en þar með neyddist hann til að halda aftur heim á leið, stuttur til skrefsins og skömmustulegur.
Guðrún amma minntist hans oft og síðar fyrir göngulagið upp brattar og þröngar tröppurnar sem lágu upp í litlu risíbúðina þeirra á Gilsbakkavegi, ef hann tók þær með áhlaupi hafði hann auðheyrilega fengið vinnu, en ef hann reikaði í hverju þrepi hafði verkstjórinn hafnað honum þann daginn.
Það var ekkert lágstæðara en að fá ekki daglaunin.

▣

Hann var fæddur við árslokin 1901 – og undir það síðasta, þegar hann var kominn vel á sextugsaldurinn um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar, var haft á orði að hann hefði náð háum aldri, eftir alla erfiðisvinnu sinna daga, óþrifalega uppskipun með berum höndum og bognu baki, allt saman í einu saman akkorði.

Altso, í þá daga dóu menn ekki fyrir aldur fram, tæplega hálfsjötugir hafnarvinnukarlarnir, heldur máttu þeir þakka fyrir að ná þeim háa aldri, já, komast yfir sextugt.

Og amma var þá rétt rúmlega fimmtug, eða svo, ekkjan sjálf – og ekkert nema sjálfsagt mál að hún syrgði manninn sinn það sem eftir væri, orðin þetta roskin, gott ef ekki gömul, í margnotuðum Hagkaupssloppnum sem þótti með þægilegustu flíkum á þeim árunum, brúnköflóttur og nýmóðins, enda úr prjónanæloni.

Og það skal hér fullyrt að aldrei hvarflaði það að þeirri gömlu að ná sér í annan karl eftir að ektamaðurinn var lagður af stað til himna, gott ef sú tilhugsun, hvað þá meira, hefði ekki verið óhæfilega umtöluð og minningunni ósamboðin.

> Á næstu áratugum mun það einnig gerast að jafn sjálfsagt verður fyrir aldraða Íslendinga að komast yfir 110 árin og það þótti fyrir þá að verða 100 ára fyrir aldarfjórðungi.

Svoleiðis gerðu ekki almennilega hugsandi ekkjur.

▣

Á þeirri öldinni, sem núna er uppi, eru fimmtugar konur í blóma lífsins, margar hverjar á fullri ferð á framabrautinni sem sér ekki fyrir endann á, glæsilegar í anda og útliti. Og karlar, komnir á miðjan sjötugsaldurinn, eru með spengilegustu nöglum, komnir upp á fjöll um hverja helgi, helst á sérútbúnum hjólum til að takast á við ógnvænlegustu eggjarnar.

Og það sem meira er, fólk af þessu tagi, sem sagt er vera á besta skeiði lífsins, miklu fremur en roskið mjög og öldurmannlegt, má allt eins eiga von á því að vera í fullu fjöri fram yfir áttrætt, sumt hvert yfir nírætt – og ekki er lengur nokkurt tiltökumál þótt eitthvað af því verði hundrað ára, minnugt vel með þokkalega fótaferð.

Við árslok 2018 voru fimmtíu Íslendingar á lífi sem voru hundrað ára og eldri og hafði þá sá fjöldi aldrei verið meiri. Á miðju síðasta ári voru í fyrsta skipti 60 Íslendingar hundrað ára og eldri.

Þjóðin er að eldast. Og hún eldist vel.

▣

Fyrir aldarfjórðungi var svo komið í lífi þessa manns, sem þennan pistil skrifar, að hann gekk í raðir Lunch United, elsta fullorðinna manna fótboltafélags landsins, en þá var meðalaldur liðsins um það bil fjörutíu og fimm ár. Og menn lögðu skóna á hilluna upp úr fimmtugu, vel flestir vel fyrir sextugt. Núna eru menn að leika þessa göfugu íþrótt fram að sjötugu í flestum tilvikum – og margir láta ekki segjast fyrr en í fulla fæturna, komnir eitthvað á áttræðisaldurinn – og þótt þeir skumpi ekki jafn hressilega upp í skallann og hér áður fyrr, er líf í báðum leggjum.

Þetta er breytingin.

Hollari matur og húsaskjól skiptir hér sköpum, svo og almennilegri vinnuaðstæður og tækjavæðing, en líka upplýsingin, vísindin og fræðslan sem hefur kennt fólki að njóta lífsins lengur en nokkru sinni í mannkynssögunni.

▣

Áskoranir samfélagsins vegna þessara umskipta í aldurssamsetningu þjóðarinnar eru miklar og merkilegar, jafnt tölfræðilegar og lýðfræðilegar.

Og stemmir hér allt að sama ósi.

Núna þegar fimmtungur nýrrar aldar er að baki er sjöundi hver landsmaður sextíu og fimm ára og eldri. Eftir þrjá áratugi, þegar öldin er hálfnuð, verður fjórði hver landsmaður á þeim aldri.

Nú um stundir eru þrjátíu og fimm þúsund Íslendingar sjötugir og eldri. Eftir hálfa öld verða níutíu þúsund landsmenn á þeim aldri, langflestir á milli sjötugs og níræðs, eðlilega, en vel að merkja, í hópi níræðra og eldri verður líka mikil fjölgun á þessu tímabili, úr tveimur þúsundum í sex þúsund, sem á að heita þreföldun samkvæmt minni félagsfræðibrautarstærðfræði.

Á næstu áratugum mun það einnig gerast að jafn sjálfsagt verður fyrir aldraða Íslendinga að komast yfir 110 árin og það þótti fyrir þá að verða 100 ára fyrir aldarfjórðungi.

Þá verður svo komið að gamalt fólk, í endann á hefðbundnum starfsaldri, getur lifað í meira en fjörutíu ár á lífeyrisgreiðslum, en það merkir að ævikvöld þess getur allt eins spannað jafn langan tíma og æviskeiðið úti á vinnumarkaði, jafnvel lengur. Það eru ein stórvægilegustu stakkaskipti í lífi einnar þjóðar.

▣


Íslendingar á hvaða aldri sem er þurfa að fara að venjast þeirri tilhugsun að aldrað fólk er á öllum aldri, ef svo má segja, en það er alténT ekki einsleitur hópur, heldur eru lífsgæði þess í flestum tilvikum með mesta móti og fyrir vikið er og verður virkni þess í samfélaginu bæði mikil og áberandi.

Og það sem meira er – og ber þar nýrra við, þessi fjölbreytilegi hópur fólks á eftirlaunaárum verður ekki lengur utan og ofan við æðibunuganginn í hagkerfi landsins. Aldraðir eru nú þegar orðnir einn eftirsóttasti markhópur í viðskiptalífi landsmanna. Gildir þar einu hvort litið er til fasteigna, ferðalaga, fæðubótar og matvæla, heldur og til allrar útiveru og hreyfingar, af því að enginn annar aldurshópur þjóðarinnar hefur meiri tíma til að lifa lífinu til fulls og aldraðir Íslendingar, ef það má á annað borð kalla þá því nafni. Það er nefnilega svo að aldraðir landsmenn eru ekkert endilega lengur gamlir.

▣

Mesta áskorunin verður þó sú að tryggja þeim hluta aldraðs fólks, sem sannarlega er orðið gamalt, viðunandi úrræði á hjúkrunarheimili. Ein ríkasta þjóð í heimi getur ekki hagað sér með þeim hætti að hún hafi ekki efni á því.

Höfundur er sjónvarpsstjóri Hringbrautar, sem rekin er af Torgi, sem jafnframt gefur út Fréttablaðið.



STEINSMIÐJA AKUREYRAR

steinsmidjaakureyrar.is

sala@minnismerki.is
s: 466 2800 / 899 9370







GRJÓTHARÐAR VEGGKLÆÐNINGAR



Garðbekkir úr granít

Viðhaldsfríir

130 cm breiðir

Hægt að skrifa í bak og sessu

kr 295.000

Myndir á heimasíðu





†

Ástkær faðir minn, sambýlismaður, bróðir, afi og tengdafaðir,

Jón Gunnarsson

flugvirki og framkvæmdastjóri,

lést þriðjudaginn 18. maí á líknardeild Landspítalans.

Vilborg Edda Lárusdóttir
Gunnar Jónsson
Anna Lilja Karlsdóttir
Stefanía Ösp Guðmundsdóttir
Unnur Karen Karlsdóttir
Anna Lilja Gunnarsdóttir
Björn Gunnarsson
Guðleif Gunnarsdóttir
makar og langafabörn.



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Katrín Kristjánsdóttir

frá Geirakoti,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum Selfossi, miðvikudaginn 26. maí. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Munda K. Aagestad
Roar Aagestad — **Halldóra S. Ásgeirsdóttir**
Anna Gína Aagestad — **Guðmundur Árni Bjarnason**
barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
Sverrir Einarsson
Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing — Við andlát ástvinar
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn
Ísleifur Jónsson, Útfararstjóri, Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir, Útfararþjónusta, Farsími 861 3441

Sjá heimasíðu: www.skiltiogmerkingar.is
Sendum um allt land
Vönduð skilti á hurðar og póstkassa
Fljót og góð þjónusta
S: 895 7745
Vandaðir krossar á leiði með merkingu

Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Halla segir ferðasumarið lofa góðu í Grímsey þó svo farþegaskipum fækki, en þau skiptu tugum 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Sömu gestir bókaðir aftur í ár

Þótt kuldatíð hafi litað vorið í Grímsey, eins og víðar, er fuglalífið með eðlilegum hætti og ferðasumarið lítur betur út en búast mátti við, að sögn Höllu Ingólfsdóttur. Hún fagnar því.

gun@frettabladid.is



Álkan og lundinn lifa í sátt og samlyndi á syllum Grímseyjar.

„Bíddu aðeins, ég verð að fara út með símann, hér er svo mikill hávaði," er það fyrsta sem Halla Ingólfsdóttir, ferðamógúll í Grímsey, segir þegar ég slæ á þráðinn. Komin út á stétt útskýrir hún að iðnaðarmenn séu að störfum í húsinu hennar, Sveinsstöðum. „Það eru viðgerðir hér og verið að brjóta og bramla. En svo verður allt mjög fínt."

Halla rekur fyrirtækið Arctic Trip í Grímsey og á Sveinsstöðum er hún með gistihús, auk þess að bjóða upp á ferðir og leiðsögn. „Sumarið lítur betur út hvað ferðaþjónustuna snertir en við þorðum að vona," segir hún. „Auðvitað munar okkur um skemmtiferðaskipin – þau verða víst fá á ferðinni hér við land í sumar. En góðu fréttirnar eru þær að mun fleiri Íslendingar heimsóttu Grímsey í fyrrasumar en áður og það stefnir í fjölgun þeirra í sumar. Margir sem komu í fyrra eru búnir að bóka aftur. Þá komum við að því lúxusvandamáli að það er orðið fullt hjá mér í gistingu í júlí, ég veit ekki hvernig það er hjá hinum, hér eru þrjú gistiheimili og öll fremur lítil."

Spurð hvort Grímseyingar geti notað samkomuhúsið fyrir gesti svarar Halla: „Ekki nema skólafólk eða slíka hópa. Ég held að hinn almenni Íslendingur sem er vanur fínum hótelum sé ekki tilbúinn til að liggja á gólfi í félagsheimili, innan um mann og annan. En það er prýðisgott tjaldstæði hjá okkur, rétt við sundlaugina, og þar var settur upp grillskáli í fyrra sem er til sóma fyrir þá sem að honum stóðu."

Kokkur, þerna og háseti

Halla kveðst hafa unnið á ferjunni Sæfara síðustu tvo vetur. „Ég hef verið kokkur, þerna og háseti um borð. Við erum tvö sem skiptum þeim embættum á milli okkar en ég er hætt í bili. Ætla að vera hér í eyjunni í sumar og vonandi fram eftir vetri, er komin með bókanir fram í september og er svo bjartsýn að vera að útbúa pakkaferðir fyrir næsta vetur. Markhópurinn er meðal annars atvinnuljósmyndarar sem langar að koma og mynda í myrkrinu. Hér er líka hentugt fyrir rithöfunda sem vilja klára bókina sína að dvelja og alla sem kunna að meta friðsæld."

Íbúum í Grímsey hefur fækkað tilfinnanlega á undanförnum árum. „Við erum aðeins að jafna okkur á því og þó við séum ósköp fá þá finnst mér hljóðið í fólki aðeins hafa breyst aftur til hins betra," segir Halla. „Það fæddist drengur í vetur, Svafar Ingólfsson heitir hann. Svo fundum við það þegar skólum og vinnustöðum var lokað í kófinu að margir mundu eftir eyjunni og flúðu hingað í öryggið með tölvurnar."

Styttist í sólstöðuhátíð

Strandveiðarnar eru byrjaðar en veiðin hefur verið treg í kuldanum, að sögn Höllu. Nú er hins vegar brostið á með blíðu. Hún reiknar með að sjómenn af fastalandinu sem vanir eru að róa frá Grímsey láti sjá sig á næstu dögum með bátana sína og segir þá lífga upp á plássið.

Krían er mætt og búið er að síga í björgin eftir langvíueggjum. „Það er alltaf spenna kringum þann viðburð," segir Halla. „Við stefnum svo að því að halda sumarsólstöðuhátíð 18. til 20. júní og þá verður líf og fjör!" ■



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma og langalangalangamma,

Svanborg Ólafsdóttir

frá Litla Laugardal, Tálknafirði,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði 26. maí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 3. júní kl. 13.00.

Baldur Jóhannsson
Reynir Baldursson — **Karitas Jóhannsdóttir**
Jóhann Baldursson — **Kristín Reynisdóttir**
Anna Björk Baldursdóttir — **Sigurjón Andersen**
Birgitta Baldursdóttir — **Elías Ívarsson**
Brynja Baldursdóttir — **Gunnar Óli Pétursson**
Erla Baldursdóttir — **Gísli Vattnes Bryngeirsson**
Ólafur Jósúa Baldursson — **Ramona Balaciu**
og fjölskyldur þeirra.



†

Kæru ættingjar og vinir. Hjartans þakkir fyrir þá samúð og hlýju sem þið sýnduð okkur við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, stjúpföður, afa og langafa,

Sveins Ármanns Sigurðssonar

Birkigrund 21, Selfossi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæslu og lungnadeildar Landspítala í Fossvogi fyrir kærleiksríka umönnun og Karlakór Selfoss fyrir yndislegan söng og stuðning við útförina.

Guðrún Jóna Guðbjartsdóttir
Bryndís Sveinsdóttir — **Hreinn Jónsson**
Magnús Gísli Sveinsson — **Linda Björg Perludóttir**
Kristín Sveinsdóttir — **Andrés G. Ólafsson**
Guðbjartur Örn Einarsson — **Sóley Einarsdóttir**
Bergljót Einarsdóttir — **Guðjón Birkisson**
afabörn og langafabörn.



Allt að ***30% afsláttur*** frá listaverði!

ROADSTONE N7000 235/30R22 90W	***14.990 kr.***
PIRELLI P-ZERO NCS (Noise Cancelling System) 255/40R21 *Volvo XC60, Audi Q5, BMW X3, X4, Mercedes EQC, GLC, VW ID.4*	***44.990 kr.***
PIRELLI SCORPION Z ASS 305/45R20 112V *BMW X5, Dodge Ram1500/2500, Mercedes GLE ofl.*	***19.990 kr.***
KUMHO PS71 225/35R20 90Y *BMW 3, 4 Mercedes C, VW Golf, Passat ofl.*	***19.990 kr.***
DUNLOP SP SPORT MAXX RACE 245/35R20 91Y *Tesla Model 3, BMW 5, 6, 8 Mercedes CLS, E, Volvo S60/V60, Skoda Superb ofl.*	***34.990 kr.***
GOODYEAR EAGLE F1 ASY SUV AT 255/55R19 111W *Mercedes M, GLE, BMW X5, Land Rover Disco 3,4,5, Porsche Cayennen, VW Touareg, Jeep Grand Cherokee, Jaguar F-Pace, Volvo XC90 ofl.*	***26.990 kr.***
DUNLOP SP SPORT MAXX RT 275/40R19 101Y *BMW 5,7, X3,X4 Tesla Model S, Mercedes CL, S Ford Mustang ofl.*	***24.990 kr.***
CONTINENTAL CROSSCONTACT UHP 295/45R19 109Y *Mercedes M ofl.*	***28.990 kr.***
CONTINENTAL Pro Contact TX 225/45R18 91V *Audi A4, A5, VW Passat, Honda Accord, Mercedes A, B, C, E, CLA, CLC ofl.*	***27.990 kr.***
DUNLOP GRANDTREK AT 3 235/65R17 108H *Audi Q5, BMW X5, Hyundai SantaFe, Tucson, Mercedes GLC, M, GLE Porsche Cayenne, Volkswagen Touareg, Volvo XC60, XC90 ofl.*	***22.990 kr.***
LASSA Competus H/P 215/60R17 96V *BMW X1, Audi Q3, Dacia Duster, Nissan Quashqai, X-Trail, Mazda CX3, Honda CRV ofl.*	***16.990 kr.***
PIRELLI CINTURATO P7 CINT P7 205/55R16 91V *Toyota Corolla, Avensis, Auris VW Golf, Nissan Leaf, Hyundai i30 omfl.*	***14.490 kr.***
LAUFENN LK01 S FIT EQ 205/55R16 91H *Toyota Corolla, Avensis, Auris VW Golf, Nissan Leaf, Hyundai i30 omfl.*	***10.990 kr.***
NOKIAN I-LINE 205/55R16 91H *Toyota Corolla, Avensis, Auris VW Golf, Nissan Leaf, Hyundai i30 omfl.*	***11.990 kr.***
HANKOOK K115 VENTUS PRIME 2 205/55R16 91V *Toyota Corolla, Avensis, Auris VW Golf, Nissan Leaf, Hyundai i30 omfl.*	***10.990 kr.***
PIRELLI CINTURATO P1 195/65R15 91V *Toyota Corolla, Avensis, Auris VW Golf, Nissan Leaf, Hyundai i30 omfl.*	***12.990 kr.***
HANKOOK K425 KINERGY ECO 195/65R15 91H *Toyota Corolla, Avensis, Auris VW Golf, Nissan Leaf, Hyundai i30 omfl.*	***10.990 kr.***
GOODYEAR EFFICIENTGRIP PERFORMANCE 185/65R15 88H *Toyota Yaris, Hyundai i20, Renault Clio, VW Polo, KIA Rio, Nissan Note, Toyota Corolla ofl.*	***13.990 kr.***
PIRELLI CINTURATO P4 185/65R15 88T *Toyota Yaris, Hyundai i20, Renault Clio, VW Polo, KIA Rio, Nissan Note, Toyota Corolla ofl.*	***13.990 kr.***

AFHENT VIKUNA 19-23. APRÍL!

PANTANIR Í SÍMA 578 8210 EÐA SALA@TYRESDIRECT.IS

PIRELLI · DUNLOP TIRES · GOODYEAR · Continental · ROADSTONE · LASSA · nokian TYRES · KUMHO TIRES · Laufenn · HANKOOK



Elskuleg móðir okkar,

Þóra Eygló Þorleifsdóttir

hárgreiðslumeistari,

lést fimmtudaginn 20. maí á hjúkrunarheimilinu Ísafold, Garðabæ. Útför Þóru fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 3. júní kl. 15.

Jón Vilhelm Pálsson
Guðmundur Þorleifur Pálsson
Anna Sigríður Pálsdóttir
Matthildur Pálsdóttir
Salome Jakobsdóttir
Ásta Gísladóttir
Karl Tómasson
Birgir Ragnarsson
ömmu- og langömmubörn.



Elskuleg frænka okkar,

Hjálmfríður Hallgrímsdóttir
(Fríða)
Sóltúni 2,

lést föstudaginn 21. maí. Útförin fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi, miðvikudaginn 2. júní kl. 11. Streymt verður frá athöfninni á hlekknum https://youtu.be/GsPB2qgPlFk

Sigurður Geirsson
Árni Geirsson
Guðlaug Einarsdóttir
Halldóra Hreggviðsdóttir
Geir Óskar, Haukur Árni, Guðrún Hrönn, Fríða, Einar Óskar, Herborg, Hlynur og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hafdís Vignir

hárgreiðslumeistari,
Sléttuvegi 25,
Reykjavík,

andaðist á Hrafnistu Sléttuvegi, fimmtudaginn 27. maí sl. Útför hennar verður gerð frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 8. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Blindrafélagið njóta þess.

Reynir Vignir
Anna Ragnheiður Vignir
Hildur Elín Vignir
Sigurhans Vignir
Þóra Sjöfn Guðmundsdóttir
Pétur Stefánsson
Einar Rúnar Guðmundsson
Margrét Gunnlaugsdóttir
barnabörn og langömmubörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Þorleifsdóttir

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 1. júní kl. 13.00. Athöfninni verður streymt. Sjá www.mbl.is/andlát.

Gyða Gísladóttir
Þórir Gíslason
Sigríður Gísladóttir
Helgi Bragason
Bergþóra Jónsdóttir
Sigurður Sverrir Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Jóhann Pálsson

Stöðulsholti 24, Borgarnesi,

lést að Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Brákarhlíð, Borgarnesi, miðvikudaginn 19. maí. Útförin fer fram föstudaginn 4. júní kl. 14.00 í Borgarneskirkju. Athöfninni verður streymt á slóðinni https://youtu.be/QU3qlfZBEuU Hlekk má einnig nálgast á mbl.is/andlat. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Brákarhlíðar fyrir einstaka umönnun og hlýhug undanfarin 10 ár. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að hægt er að styrkja Hjúkrunarheimilið Brákarhlíð. Þökkum auðsýnda samúð.

Sigrún Einarsdóttir
Margrét Helga Jóhannsdóttir
Berglind Inga Jóhannsdóttir
Bergur Ingimar Jóhannsson
Gunnar Hallberg
Egill Örn Erlingsson
og barnabörn.

Sýnendur í Skálholti eru úr öllum áttum

Fimmtán íslenskir myndlistarmenn, lærðir og leikir, eiga verk á sýningunni Ó, blessuð vertu sumarsól, sem verður opnuð með viðhöfn í dag í Hótel Skálholti.

gun@frettabladid.is



Þátttakendur bæði í fyrra og núna og eiga pantað næst: Kristjana U. Valdimarsdóttir, Ósk Laufdal, Halldóra Sigurðardóttir og Hólmfríður D. Sigurðardóttir. MYND/AÐSEND

Aðalhvatamaður að sýningunni Ó, blessuð vertu sumarsól í Skálholti sem opnuð verður í dag er Ósk Laufdal. Þetta er í annað sinn sem hún hóar saman hópi fólks til að setja upp sumarsýningu á þessum sögufræga kirkjustað.

Í ár eru fimmtán Íslendingar að sýna og þeir koma alls staðar að af landinu, auk þess sem sumir búa erlendis, í Danmörku, Svíþjóð, Austurríki og Bandaríkjunum.

„Allir tengjast mér eða öðrum sýnendum á einhvern hátt," segir Ósk og nefnir dæmi. „Ása er búsett í Svíþjóð og við vorum með samsýningu 2019 í Gallerý Zebra í Södertälje, þar sem hún býr. Auk þess þekkjumst við frá fyrri tíð þegar við unnum í Landsbankanum 1980 og lærðum list á sama tíma. Sigga Dís var líka vinnufélagi minn í Landsbankanum og varð myndlistarkennari síðar. Svo hringdi ég í Finn, teiknikennarann minn í Eyjum 1971, vissi að hann væri að mála."

> Svo hringdi ég í Finn, teiknikennarann minn í Eyjum 1971, vissi að hann væri að mála.

Ósk segir sumarsýningu í Skálholti komna til að vera því 20 manns hafi þegar skráð sig til þátttöku árið 2022, þar á meðal teiknari frá Disney. En sýningin í ár stendur til 15. ágúst. Hún verður opnuð klukkan 15 í dag og við það tækifæri verða ljúfir tónar leiknir og sungnir. ■



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Dagmar Steinunn Arngrímsdóttir

Hafnarstræti 88, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 13. maí. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á Einihlíð fyrir einstaka umönnun og hlýju. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

Jón Sigurpáll Hansen
Erna Björk Friðriksdóttir
Bragi Sigmar Heiðberg
Ingibjörg Elín Árnadóttir
Hafdís Steina Árnadóttir
Árni Freyr Jónsson
Birgitta Svandís Reinaldsdóttir
Birgir Snævarr Ásþórsson
Einar Mikael Sölvason
Guðný Sara Birgisdóttir
og langömmubörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Bergsveinn Þórður Árnason

húsasmíðameistari,
Iðnbúð 4, Garðabæ,

sem lést þriðjudaginn 18. maí á Hrafnistu, Boðaþingi, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 2. júní kl. 13.00. Þeir sem vilja heiðra minningu Bergsveins eru velkomnir. Börnum hans þætti vænt um að fá símaskilaboð frá þeim sem sjá sér fært að vera viðstaddir athöfnina svo fjöldatakmarkanir verði virtar. Athöfninni verður streymt og hægt að nálgast slóðina á youtu.be/y8qJCVZYYVE

Auðbjörg Bergsveinsdóttir
Friðrik Már Bergsveinsson
Berglind Bergsveinsdóttir
Árni Örn Bergsveinsson
Jón Baldur Þorbjörnsson
Júliana Sóley Gunnarsdóttir
Guðjón Grétar Engilbertsson
Sólrún Axelsdóttir
afa- og langafabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Valgeir Backman

Hörðalandi 14,

lést í faðmi fjölskyldunnar 20. maí á Landspítalanum, Fossvogi. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju 2. júní klukkan 13.00. Streymt verður frá athöfninni á hlekknum www.facebook.com/groups/valgeirbackman

Helga Sigríður Ágústsdóttir
Hildur Salvör Backman
Valgeir Fridolf Backman
Helga Margrét Backman
Hjördís Hrönn Backman
Eiríkur Pétursson
Sigurborg Árný Ólafsdóttir
Ingvar Haraldur Ágústsson
börn og barnabörn.



Okkar ástkæra

Hólmfríður Ásgeirsdóttir

Halllandi 4,
Svalbarðsströnd,

lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar 23. maí. Útför hennar mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Gunnar B. Jóhannsson
Ásgeir Jón Guðmundsson
Guðrún Guðmundsdóttir
Helgi Guðmundsson
Heiðrún Guðmundsdóttir
Haraldur Guðmundsson
Ásrún Elín Guðmundsdóttir
Guðmundur Helgi Guðmundsson
Máni Guðmundsson
Hlynur Guðmundsson
Már Guðmundsson
Guðmundur Gunnarsson
Sigurbjörg Þorsteinsdóttir
Jón Rúnar Þorsteinsson
Lára Magnea Rogers
Hólmfríður Freysdóttir
Ester Jónsdóttir
Sigurbjörg Hlöðversdóttir
ömmu- og langömmubörn.



Ástkær eiginmaður og minn besti vinur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Finnur Ólafsson

rafvirkjameistari
Árbakka 8, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands föstudaginn 21. maí. Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 3. júní kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkað en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Árnessýslu, reikn. 325-26-430797, kt. 430797-2209. Athöfninni verður streymt á www.selfosskirkja.is

Þóranna Ingólfsdóttir
Arndís Hildur Jónsdóttir
Ingólfur Örn Jónsson
Ólafur Þór Jónsson
Anna Þóra Jónsdóttir
Davíð Örn Ingvason
Ása Valdís Árnadóttir
Bjarnfríður L. Guðsteinsdóttir
Aðalsteinn Tryggvason
afabörn og langafabarn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Hulda Jónsdóttir


lést á Landspítalanum Hringbraut 26.05.2021.

Kristjana Markúsdóttir
Ingibjörg E. Markúsdóttir
Elín Erna Markúsdóttir
Auður Ásdís Markúsdóttir
Stefán Markússon
Jón Albert Sighvatsson
Helgi Kristjánsson
Páll Gíslason
Viðar Einarsson
ömmu, langömmubörn og langalangömmubörn.

OLÍS-DEILDIN

ÚRSLITAKEPPNI KARLA







SPENNA Í SPILUNUM

Átta liða úrslit Olísdeildar karla eru að hefjast og spennan í hámarki. Mætum á völlinn og styðjum okkar lið!

Mán. 31. maí.	**18:00**	**Vestmannaeyjar**	**ÍBV - FH**
Mán. 31. maí.	**19:40**	**Varmá**	**Afturelding - Haukar**
Þri. 1. jún.	**18:00**	**KA-heimilið**	**KA - Valur**
Þri. 1. jún.	**20:00**	**TM Höllin**	**Stjarnan - Selfoss**






olís DEILDIN







#Olísdeildin



LAUSNARORÐ Vísbending f. lausnarorð: Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist menntavegur sem æ færri feta af einhverjum ástæðum (12) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 3. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „29. maí“.



Sudoku

	3	7	6		2		4	
6					5		2	
9	5			4	8			1
	2			6		1	9	
	4			5		2		8
3					7	5		
			1		4	7		
		9		8				
8	1							

					7			6
		5				4		9
	2							
				2		9	7	8
9	5				8			3
			7				5	
1	3	4			2			7
6	7	2		5	9	3		1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

SUMARBRIDGE Á AKUREYRI

Bridgefélag Akureyrar spilar Sumarbridge, eins og Bridgefélag Reykjavíkur. Sumarbridge hjá Akureyringum hófst 5. maí og spila oftast þar flest sterkustu pörin á Akureyri. Síðasta spilakvöld (25. maí) kom þetta mikla skiptingarspil fyrir. Spilin lágu mjög þægilega reyndar í norður-suður, fyrir austur-vestur. Heppnin fylgdi þeim djörfu. Í þessu spili þurftu þeir slemmuglöðu að hafa leguna með sér til að vinna sitt spil, því þrátt fyrir mikinn styrk var engin góð samlega til staðar. Suður var gjafari og enginn á hættu (spilamennska hefst klukkan 19.00 á Akureyri, eins og hjá Bridgefélagi Reykjavíkur). Það er eflaust mörgum léttir, í þessu faraldursástandi, að geta spilað „lifandi“ bridge í spilasölum.

Norður
♠ D85
♥ D1052
♦ G84
♣ 973

Vestur
♠ 7
♥ 4
♦ ÁD965
♣ ÁD8652

Austur
♠ ÁK1094
♥ ÁK973
♦ K2
♣ 10

Suður
♠ G632
♥ G86
♦ 1073
♣ KG4

Tvö pör enduðu í hálfslemmum í austur-vestur, sex gröndum og sex laufum, en þær slemmur byggja báðar á að laufkóngur liggi og laufið þrjú, þrjú. Merkilegt er að jafnvel má vinna sjö ef endað er í 5-2 samlegunni í tígli frekar en 6-1 samlegunni í laufi, en þá þarf einnig tígullinn að vera þrjú, þrjú. En allt gekk þetta upp! ■

Lausnarorð síðustu viku var
GLUGGAÞVOTTUR

K	R	I	N	G	L	U	K	A	S	T	■	D	■	L	■	E	■	O
A	■	N	■	A	■	■	■	L	■	Í	T	A	L	Í	U	F	A	R	A
S	Æ	N	G	U	R	K	O	N	U	M	■	G	■	K	■	N	■	Ð	■
T	■	S	■	T	■	R	■	Á	■	A	L	S	K	A	P	A	Ð	A	R
S	Æ	K	Á	L	F	A	R	N	I	R	■	B	■	M	■	F	■	V	■
P	■	O	■	A	■	P	■	D	■	Á	R	R	I	S	U	L	L	A	R
J	Ö	T	U	N	G	Í	M	A	■	S	■	Ú	■	Á	■	O	■	L	■
Ó	■	U	■	D	E	S	E	R	T	A	R	N	I	R	■	K	■	■	Ú
T	Á	M	E	I	Ð	S	L	■	Í	■	Ó	■	■	Á	T	K	Ö	S	T
■	R	■	Y	■	S	■	S	■	M	Á	L	R	Ó	S	A	■	S	■	B
Þ	E	R	R	I	L	A	P	P	A	■	F	■	L	■	K	Á	K	A	R
■	Y	■	N	■	E	■	Í	■	Á	S	Æ	L	A	S	T	■	U	■	U
I	N	N	A	N	G	A	R	Ð	S	■	R	■	T	■	E	R	B	Í	N
■	S	■	O	■	A	■	A	■	S	K	A	P	A	R	I	■	Í	■	N
H	L	E	R	A	N	A	■	B	■	E	■	■	S	A	N	D	L	Ó	A
■	U	■	M	■	■	K	■	O	F	N	P	O	T	T	A	R	■	B	■
F	L	Ó	A	B	Á	T	U	R	■	N	■	K	■	V	■	Ö	S	L	A
■	A	■	■	U	■	Y	■	G	A	D	D	A	V	Í	R	S	■	Í	■
S	U	N	D	F	U	G	L	A	■	U	■	Ð	■	S	■	L	Ú	Ð	A
■	S	■	■	F	■	I	■	R	A	M	B	A	Ð	I	■	A	■	A	■

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Bíll er hans vopn en brynklæði vörn (11)
11 Hinn öflugi hugur nýtir yfirburði sína (10)
12 Hitagjafi Jóns getur þurrkað hitaverjuna (11)
13 Færði mér geir Mars og hendi (10)
14 Takmarka mitt gróðabrall við seðla á móti seðlum (9)
15 Platar Sjóðrík til að laga brestinn (12)
16 Klukkan hvað sé ég gaflana sem næstir eru? (9)
17 Víst er gagn að þessu því skráning kúnna nýtist mér (12)
21 Þetta fólk er bæði ófriðlegra og refsiglaðara en ég (9)
26 Var ákafur í að hitta sælan sálufélaga en hitti þá á hann hugstola (11)
29 Snurða á þræði fangar þann gula (10)
30 Þau voru stór um sig og höfðu því fest sér mikið pláss (7)
31 Virki Arnar var mannlaust fyrir utan nokkra burgeisa (10)
32 Reyta arfa í kirnu og klefa (5)
33 Ráðast þá ruglaðir jarlar á fitlandi fólk (7)
34 Manngarminn vantar mannbroddinn (10)
37 Hvað er þú að krunka á Ragga? (5)
40 Skal keyrsla ætíð miða að því að forðast ákeyrslu (7)
44 Vítaverð greiðslutregða ötulla manna sem engu skila (11)
47 Hvort viltu hlið aðalsmanns eða borgarstjóra? (10)
48 Gróðursetur hnoðra þar sem hann grefur fjársjóð (9)
49 Dreifi glósum og myndum af stöðum sem skilja strauma lofts og lagar (12)

LÓÐRÉTT

1 Geri grín með hjálp teikninga (9)
2 Fyrirbæn dugar skammt ef Lagarfljótsormur bítur (7)
3 Hví er þessi herramaður að berja þessa peningamaskínu? (9)
4 Ferskur hugarfarskræklingur toppar vísbendingu sem ég var að enda við að semja (9)
5 Tek dömu sem æ sýnir djörfung fram yfir óframa frú (9)
6 Ferð með allt á vitlausan stað og snýrð svo öllu á haus! (10)
7 Ekki rasskinnar heldur kinnarass. Hér bjó Gunni H. (10)
8 Gruna krimma um að þjálfa fugla til að ferja dóp (8)
9 Greypi þá sem ég veg í stein (8)
10 Best að klára þessa síðustu slaufu (8)
18 Hrynhenda um lögun laukjurta (8)
19 Öfugsnúið heiti því brauðmetið er steikt og ósætt (8)
20 Er starfsemi innan múra þessa verksmiðjuklasa? (8)
22 Jónsmessa er jafnan augljós á norðurslóðum (9)
23 Gleðipinni getur verið banvænt vopn (9)
24 Fjölþætt sál með yfirbragð sjávar (7)
25 Verslun með vind gengur vonum framar (7)
26 Hún er fljót og forðar því að morðtólin drepi oss (8)
27 Ábyrgð erindis veltur á útkomu hættuspils (7)
28 Þegar um nætur nauð við átt/næturstað skalt finna (7)
35 Húsdýr með sýkingu í hársverði? (6)
36 Komast til byggða bleik sem lík eftir bit kuldabola (6)
38 Fyrir mistök fór þetta tré í næstu eldstó (6)
39 Með ljóta tönn í ljótri skeifu (6)
41 Getur svona borði ekki dugað sem höfuðfat? (5)
42 Hélt naumlega lífi í gegnum rótið (5)
43 Þessi elgur vill lög gegn óreglu (5)
44 Við sóum auðvitað peningum og heilsunni þegar við reykjum (4)
45 Brengla boð branda svo engin skilji nema við (4)
46 Þau hvíla meðal kola (4)

FORLAGIÐ



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Stol eftir Björn Halldórsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ástríður Þorsteinsdóttir, Reykjavík.**

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali



Hjólafesting
á bíl
frá 4.995



Viðgerðar-
kollur
7.495



Jeppatjakkur
2.25T 52cm
19.995
49.999
Vélagálgi 2T



Viðgerðarbretti
4.895



Hjólatjakkur
2T m/tösku
4.795



1.999
Álskóflur



9.985
Vélastandur 500kg



AirBrush
loftdæla
19.995



6T Búkkar
605mm Par
9.999



frá 1.495
Startkaplar



4.995
Hleðslutæki 12V 6A



39.995
Verkfæraskápur
á hjólum




99.999
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum



frá 795
Mikið úrval af
verkfæratöskum



Steðjar í
miklu úrvali



7.995
1/2 Toppasett



3.995
1/4 Toppasett



Vice Multi
angle
6.985



14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk



5.995
Verkfærasett
108 stk



4.995
Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla





15.995
Ranamyndavél

Mikið úrval af LED
kösturum og ljósum





Verðmæta-
skápar
frá 5.995



Sandkassa-
grafa
4.995



Lyklabox
í miklu
úrvali



4.995
Verkfæraset



1.995
Burstasett í borvél



Lím-
byssur
frá 995



Vasaljós og lugtir,
yfir 30 gerðir



13.995
Flísasög 80mm

Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995





9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm

Fjölsög
Höfftech
5.999





Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali



Útskurðarsett



24.995
Súluborvél 350W



19.995
Metabo
KS216 bútsög

Garðverkfæri í miklu úrvali

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

NÁÐU TIL
FJÖLDANS!

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.*
Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir.
Hafðu samband og við aðstoðum þitt fyrirtæki við að ná til fjöldans.

Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is

44%
18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*


49%
35-65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

68%
55-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*




*Samkvæmt prentmælingum Gallup


Veðurspá Laugardagur





Í dag verður víða strekkingur eða allhvöss suðlæg átt 8-15 m/s. Hvassara á hálendinu. Lítils háttar væta sunnan og vestan til af og til en yfirleitt bjartviðri fyrir norðan. Vaxandi úrkoma sunnan og vestanlands í kvöld. Víða rigning á morgun. Hiti 8-19 stig í dag, hlýjast norðaustanlands en heldur svalara á morgun. ■


Sunnudagur Mánudagur

Reykjavík


Ísafjörður


Akureyri


Egilsstaðir


Kirkjubæjarklaustur


Hæðin verst fimlega



Sigurður Þ. Ragnarsson
vedur
@frettabladid.is

Sú staða sem nú er uppi í veðurkerfunum við Ísland er ávísun á vindbelging.

Nokkuð austan við land er voldug 1030 hPa hæð og síðan vestan við landið eða suðvestur af því eru lægðakerfi kringum 990 hPa.

Þessar lægðir eru að koma að vestan, þ.e. frá Nýfundnalandi, og stefna allar að Íslandi. Hæðin mikla austur af landinu verst lægðunum fimlega sem aftur veldur því að loftþrýstingsmunur austan og vestan við landið er all nokkur sem aftur býr til leiðinda blástur sem við erum að upplifa þessa helgina.

Kosturinn við þessi átök er að saman dæla þessi veðrakerfi afar hlýju lofti til okkar, lofti sem vel getur náð 19-20 stigum á Norðausturlandi í dag. Hinn frægi þéttbýliskjarni, Húsavík og Ja ja ding dong, nýtur góðs af öllu saman.

Á morgun, sunnudag, gefur hæðin hins vegar eftir og þá er leiðin greið fyrir lægðirnar.

Pondus

Eftir Frode Øverli




Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



UEFA CHAMPIONS LEAGUE®



ÚRSLIT 2021

MAN. CITY - CHELSEA

Í KVÖLD 18:00

SPORT

EKKI MISSA AF BESTA SJÓNVARPI Í HEIMI!



Eina myndin sem birt hefur verið af hinum sjö sæta Ionic 7 sýnir útlínur framenda hans ásamt upplýsingum um hvenær bílarnir koma á markað.

Hyundai tilkynnir að Ionic 7 komi 2024

Hyundai hefur tilkynnt að von sé á sjö sæta rafbíl frá Ionic árið 2024 sem kallast mun einfaldlega Ionic 7. Hann verður eins og gefur að skilja stærri bíll en Ionic 5 og mun keppa við bíla eins og Tesla Model X.

njall@frettabladid.is

Eins og allir væntanlegir rafbílar Hyundai Group verður Ionic 7 byggður á skalanlegum E-GMP rafbílaundirvagninum. Það þýðir að hann notar sama vélbúnað og Ionic 5 sem getur haft mest tvo rafmótora sem samtals skila 301 hestafli með 605 Nm togi. Ionic 7 verður einnig með sama 800 volta rafkerfi og annaðhvort 58 eða 73 kWst rafhlöðum. Einn af helstu kostum þess er snögg hraðhleðsla en með 350 kW hraðhleðslustöð tekur aðeins 17 mínútur að ná 80 prósenta hleðslu.

Tengdur við venjulega 50 kW hraðhleðslu verður bíllinn fullhlaðinn á innan við klukkustund. Búast má við svipaðri innréttingu og mælaborði og í Ionic 5, með 12,3 tommu upplýsingaskjá. Á undan Ionic 7 munum við fyrst sjá Ionic 6 koma fram á sjónarsviðið. Hann verður byggður á Prophecy tilraunabílnum og er væntanlegur á næsta ári. Herma fregnir innanbúðarfólks hjá Hyundai að hann verði mjög líkur tilraunabílnum þegar hann kemur á markað. ■

Fyrstu njósnamyndir af 400Z-sportbílnum

njall@frettabladid.is



Sportbíllinn náðist á mynd í Bandaríkjunum þar sem hann verður í sölu.

Náðst hafa fyrstu njósnamyndir af hinum væntanlega Nissan 400Z-sportbíl við prófanir í Bandaríkjunum en hann verður kynntur seinna á árinu. Þó að bíllinn á myndinni sé í miklum felubúningi má þó sjá að bíllinn fylgir talsvert Z Proto tilraunabílnum í útliti. Hann sækir framendann til Nissan 240Z frá 1969 sem var vinsæll í Bandaríkjunum.

Afturljósin sækja líka í 240Z-bílinn, eru innrömmuð og ná alla breidd stuðarans. Margt í bílnum kemur líka frá 370 Z-bílnum, eins og hurðahandföng og afstaða gluggabita sem dæmi, en hann verður 120 mm lengri en áður. Lítið hefur verið gefið upp um hvað verði ofan í vélarsalnum annað en að um er að ræða endurhannaða útgáfu af V6-vélinni með tveimur forþjöppum. Búast má við afturdrifi með sex gíra beinskiptingu. Því miður lítur ekki út fyrir að bíllinn verði seldur í Evrópu því að mengunarreglur koma í veg fyrir sölu slíkra bíla. ■





Renault 4 var framleiddur í rúma þrjá áratugi í meira en átta milljónum eintaka.

Ætlar Renault að endurvekja Fjarkann?

Telja má góðar líkur á því að Renault muni endurvekja Renault 4 í formi rafbíls á næstu misserum. Stutt er síðan merkið tilkynnti um að von væri á Renault 5 sem rafbíl og framkvæmdastjóri Renault, Luca de Meo, hefur látið hafa það eftir sér að annað „númer“ úr fortíðinni verði endurvakið.

njall@frettabladid.is

Fram hefur komið að Fjarkinn og Fimman verði hluti sjö nýrra rafbíla sem koma frá merkinu fyrir 2025. Verða þeir byggðir á sama undirvagni sem er CMF-B sem einnig er notaður undir Renault Zoe. Fyrir fáeinum dögum birtust svo tölvugerðar einkaleyfismyndir sem sýna bíl sem byggir greinilega útlit sitt á gamla Renault 4 bílnum. Sá bíll átti sér langa sögu en hann kom fyrst á markað árið 1961 og var framleiddur í átta milljónum eintaka í 31 ár tiltölulega lítið breyttur. Myndirnar sýna kassalaga bíl með áherslum sem minna sterklega á gamla bílinn, eins og grill sem nær utan um aðalljósin og afturhallandi C-bita. Bíllinn er greinilega með jepplingslagi, eins og verklegum stuðurum og hlífum kringum hjólbogana ásamt hærri veghæð.



Nýlega komu fram þessar tölvugerðu einkaleyfismyndir á útliti nýs Renault sem svipar mjög til Fjarkans.

Um eiginlegan jeppling er þó ekki að ræða þar sem hann verður aðeins framhjóladrifinn. Margir aðrir framleiðendur hafa sótt í fræg eldri módel að undanförnu svo hægt er að tala um stefnu. Nægir að nefna til dæmis Honda og Opel í þeim efnum. ■

Rafdrifinn Lamborghini árið 2024

njall@frettabladid.is



Sian er fyrsti tvinnbíll merkisins en allir bílar þess verða tvinnbílar árið 2024.


Lamborghini hefur staðfest að von sé á fyrsta rafbíl merkisins árið 2024 um leið og merkið staðfesti að allir bílar þess yrðu að einhverju leyti rafdrifnir á sama tímapunkti. Stjórnarformaður Lamborghini, Stefan Winklemann, tilkynnti þessa nýju stefnu fyrirtækisins sem kallast „Direzione Cor Tauri“ og sagði hana nauðsynlega á tímum mikilla breytinga.

Skiptist þessi áætlun Lamborghini í þrjá hluta. Sú fyrsta felur í sér að kveðja brunahreyfilinn með því að frumsýna tvö módel með V12-vélum á þessu og næsta ári. Er litið á það sem virðingarvott við arfleifð merkisins og mjög líklegt er að um nýjan Aventador sé að ræða. Árið 2023 mun merkið færa sig yfir á tvinnútfærslur, en fyrsti tvinnbíllinn er þegar kominn í formi Sian-ofurbílsins. Búist er við að árið 2024 verði allir bílar merkisins komnir í tvinnútfærslum og því megum við búast við tvinnútgáfu Urus-sportjeppans líka.

Að lokum er von á fyrsta rafdrifna Lamborghini-bílnum 2024 og þótt hann hafi ekki fengið nafn enn þá er þó staðfest að um alveg nýjan bíl sé að ræða. Verður hann með koltrefjum í grind og yfirbyggingu til að vega upp á móti aukinni þyngd rafhlöðunnar, og mun hann keppa við bíla eins og NIO EP9 og Lotus Evija. ■

Rafvæddur Ford Bronco í deiglunni

njall@frettabladid.is



Myndin af Twitter-reikningi Levine sýnir útlínur rafvædds jeppa með varadekki svo líkast til er rafdrifinn Bronco í pípunum.

Að mati Ford-bílaframleiðandans þurfa 40 prósent af bílaframleiðslu þeirra í Bandaríkjunum að verða rafvædd fyrir árið 2030. Til þess að það markmið náist þurfa fleiri gerðir Ford-bifreiða að rafvæðast og samkvæmt Twitter-reikningi Mike Levine, sem er markaðsstjóri Ford í Bandaríkjunum, er von á ýmsu spennandi frá Ford. Meðal þess sem birtist á Twitter-reikningi hans var mynd af útlínum bíls sem líkist mjög Bronco sem að sögn Levine verður rafvæddur.

Meira að segja sést að bíllinn er með varadekki á afturhlera svo að tilvísunin gæti varla verið augljósari. Hins vegar staðfesti Levine að næsti Ford Explorer yrði rafbíll en Ford selur um 200.000 slíka árlega. Auk þess er Ford að þróa bæði nýjan pallbíl og sendibíl í rafútgáfum. ■

KRYDD


veitingahús

Restaurant & Bar

TAKE AWAY







Hafa samband
Sími: 558-2222
krydd@kryddveitingahus.is

Strandgata 34
220 Hafnafjörður
kryddveitingahus.is



Verk eftir Valgerði í Sal Íslenskrar grafíkur.

Síbreytileiki í Hafnarhúsinu

kolbrunb@frettabladid.is

Um síðustu helgi var sýning Valgerðar Hauksdóttur, Síbreytileiki, opnuð í Sal Íslenskrar grafíkur, Hafnarhúsi við Tryggvagötu. Sýningin stendur til 6. júní.

Valgerður sýnir grafíkverk frá síðustu tíu árum og fram á daginn í dag. Flest verkanna sem eru á sýningunni hafa ekki verið sýnd á Íslandi áður.

Viðfangsefni verka Valgerðar í gegnum árin eru sótt í ólík áhugasvið sem þó tengjast; náttúruvísindi, tónlist, tímann og tilveruna. ■



MINNINGAR SJÓÐUR JPJ

STYRKUR TIL TÓNLISTARNÁMS

Minningarsjóður um Jean-Pierre Jacquillat, fyrrum aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands, mun á þessu ári veita efnilegum tónlistarmanni styrk til framhaldsnáms erlendis á skólaárinu 2021-2022.

Veittur er einn styrkur að upphæð **1.500.000** kr.

Umsóknir, með upplýsingum um námsferil og framtíðaráform, sendist til formanns sjóðsins á netfangið: **jpj@i8.is** fyrir **20. júní** nk.

Umsóknum fylgi hljóðritanir, raddskrár frumsaminna verka eða önnur gögn sem sýna hæfni umsækjenda.

Tilkynnt verður samtímis um styrkhafa fyrir 2020 og 2021.

FYRRUM STYRKÞEGAR

2019 Geirþrúður A. Guðmundsdóttir- **selló**	2005 Ögmundur Þór Jóhannesson-**gítar**
2018 Hrafnhildur M. Guðmundsdóttir-**selló**	2004 Víkingur Heiðar Ólafsson-**píanó**
2017 Sölvi Kolbeinsson-**saxófón**	2003 Birna Helgadóttir-**píanó**
2016 Baldvin Oddsson-**trompet**	2002 Lára Bryndís Eggertsdóttir-**orgel**
2015 Rannveig Marta Sarc-**fiðla**	2001 Pálína Árnadóttir-**fiðla**
2014 Sólveig Thoroddsen-**harpa**	2000 Hrafnkell Orri Egilsson-**selló**
2013 Hulda Jónsdóttir-**fiðla**	1999 Una Sveinbjarnardóttir-**fiðla**
2012 Benedikt Kristjánsson-**söngur**	1998 Árni Heimir Ingólfsson-**píanó**
2011 Matthías I. Sigurðsson-**klarinett**	1997 Þórður Magnússon-**tónsmíðar**
2010 Gunnhildur Daðadóttir-**fiðla**	1996 Ingibjörg Guðjónsdóttir-**söngur**
2009 Helga Þóra Björgvinsdóttir-**fiðla**	1995 Sigurbjörn Bernharðsson-**fiðla**
2008 Jóhann Nardeau-**trompet**	1994 Guðni A. Emilsson-**hljómsveitarstjórn**
2007 Melkorka Ólafsdóttir-**flauta**	1993 Tómas Tómasson-**söngur**
2006 Elfa Rún Kristinsdóttir-**fiðla**	1992 Þóra Einarsdóttir-**söngur**

www.minningarsjodur-jpj.is

Ímyndunarafl / N.JPJ



Korda Samfónía sést hér á æfingu, en gagnrýnandi Fréttablaðsins hrósar sveitinni. MYND/AÐSEND

Upphaf fagurrar vináttu í Hörpu

TÓNLIST

Korda Samfónía

★★★★☆

Korda Samfónía flutti eigin tónlist undir stjórn Sigrúnar Sævarsdóttur-Griffiths. Eldborg í Hörpu
föstudaginn 21. maí

Jónas Sen

Hvernig nær maður sambandi við geimverur? Sennilega með tónlistarmiðlun. Best er að senda þeim lagalista og bjóða þeim í partí til Jarðarinnar. Þetta var a.m.k. gert árið 1977. Síðla sumars var tveimur ómönnuðum geimförum skotið á loft og hvort um sig innihélt gullplötu með lagalistum. Tónlistin var fjölbreytt, sekkjapípuleikur, panflautur, áströlsk frumbyggjatónlist, Bach, Mozart, Chuck Berry og margt fleira. Markmiðið var að fá geimverur, sem myndu rekast á förin, til að átta sig á menningarstigi mannkyns með því að heyra tónlist Jarðar. Það gæti orðið byrjunin á „fagurri vináttu“ eins og það er kallað í kvikmyndinni Casablanca.

Alls konar fólk spilaði og söng

Ég hugsa að skapandi tónlistarmiðlun, samstarf 35 einstaklinga sem tróðu upp í fyrsta skipti í Hörpu á föstudagskvöldið, hafi líka verið upphaf fagurrar vináttu. Þarna var býsna ólíkur hópur hljóðfæraleikara úr Sinfóníuhljómsveit Íslands, tónlistarnemendur, spilarar úr poppgeiranum, sem og skjólstæðingar Hugarafls og Starfsendurhæfingarstöðva Vesturlands, Hafnarfjarðar og Suðurnesja. Tilgangurinn var að virkja fólkið til að semja sína eigin tónlist saman, og frumflytja hana. Ekki skipti máli þótt einhverjir kynnu alls ekki á hljóðfæri, það var alltaf eitthvað hægt að finna til að gera; söngur, bakraddir, hristur, ásláttarhljóðfæri, og svo framvegis.

Hljómsveitin kallaði sig Korda Samfóníu og laut stjórn Sigrúnar Sævarsdóttur-Griffiths. Tónleikarnir voru um klukkustundar langir og voru skemmtilegir. Nokkur löng verk voru flutt sem voru margbrotin og miðluðu mismunandi tilfinningum. Þau höfðu öll verið samin af hópnum á aðeins tíu dögum. Óhjákvæmilega var áferðin dálítið hrá, söngurinn óheflaður, samhljómurinn grófur. En það var bara ekki málið. Virkni þeirra sem kljást við kulnun og ýmiss konar krísur vó þyngst hér, og útkoman var ótrúlega fögur.

Popp og framúrstefna

Fáein smáverk voru einnig á dagskránni, sem voru tilraunakennd og skörtuðu mörgum góðum hugmyndum. Tónleikarnir buðu því upp á bæði hefðbundna popptónlist sem byggðist mjög á endurtekningum, en líka skemmtilega framúrstefnu, og allt þar á milli. Best var leik- og sönggleðin sem var smitandi, og æ meira eftir því sem á leið.

> Virkni þeirra sem kljást við kulnun og ýmiss konar krísur vó þyngst hér, og útkoman var ótrúlega fögur.

Skapandi tónlistarmiðlun hefur verið hér við lýði um allnokkurt skeið. Það má rekja til námskeiðs sem Peter Renshaw og Paul Griffiths frá Guildhall listaháskólanum í London héldu á vegum Tónlistarskólans í Reykjavík. Á námskeiðunum fengu þeir nemendur til að semja nýja tónlist á staðnum og áheyrendur til að leika á einföld slagverkshljóðfæri eða syngja. Markmiðið var að losa um sköpunarmátt nemendanna, og að tengja saman huga og hönd. Námskeiðið heppnaðist svo vel að það varð að föstum lið og nánu samstarfi á milli skólanna. Vonandi mun Korda Samfónía líka lifa um ókomna tíð. ■

NIÐURSTAÐA: Óvanalegir tónleikar sem voru skemmtilegir.

Nýjar myndlistarsýningar á Akureyri

kolbrunb@frettabladid.is

Í Listasafninu á Akureyri opna í dag, laugardaginn 29. maí, tvær nýjar sýningar. Annars vegar sýning á verkum úr safneign Listasafnsins, Nýleg aðföng, og hins vegar samsýning norðlenskra myndlistarmanna, Takmarkanir. Sýningarstjóri beggja sýninga er Hlynur Hallsson.

Þetta er í fjórða sinn sem tvíæringur, sýning á verkum norðlenskra listamanna, er haldinn í Listasafninu á Akureyri. Að þessu sinni var unnið út frá þemanu takmarkanir. Sýningunni er ætlað að gefa innsýn í þá fjölbreyttu flóru myndlistar sem tengist Norðurlandi og vekja umræður um stöðu norðlenskra listamanna og myndlistar almennt.



Sumarnótt eftir Bergþór Morthens verður á sýningunni Takmarkanir.

Listamenn sem eiga verk á sýningunni Takmarkanir eru: Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Auður Lóa Guðnadóttir, Árni Jónsson, Bergþór Morthens, Brák Jónsdóttir, Egill Logi Jónasson, Guðmundur Ármann Sigurjónsson, Hekla Björt Helgadóttir, Hrefna Harðardóttir, Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, Jonna – Jónborg Sigurðardóttir, Joris Rademaker, Jón Laxdal Halldórsson, María Sigríður Jónsdóttir, Sigurður Mar Halldórsson, Stefán Boulter og Tanja Stefanovic.

Listamenn sem eiga verk á sýningunni Nýleg aðföng eru: Elín Pjet. Bjarnason, Friðgeir Helgason, Jessica Tawczynski, Louisa Matthíasdóttir, Magnús Helgason, Óli G. Jóhannsson og Tomas Colbengtson. ■

Bókabúð Máls og menningar iðar af lífi á ný



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Hin fornfræga bókabúð Máls og menningar á Laugavegi gengur nú í endurnýjun lífdaga. Garðar Kjartansson hefur tekið húsið á leigu til tíu ára og opnað þar bókabúð og tónleikastað í 700 fermetra rými.



Ari Gísli Bragason og Garðar Kjartansson kampakátir á opnunardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bækur frá Ara Gísla Bragasyni, sem rekur fornbókasöluna Bókina, fylla hillur á þremur hæðum. „Garðar hafði samband við mig og bað mig um að fylla húsið af bókum. Í kjallaranum eru gamlar bækur, nýlegar og nýjar. Í húsinu eru tugþúsundir bóka og stærsta ljóðasafn á landinu. Það er mjög gaman fyrir mig að geta gert tugþúsundir bóka sýnilegar," segir Ari Gísli. „Á annarri og þriðju hæð eru bækur úr dánarbúum og söfnum til skrauts og sýnis, hægt er að lesa þær á staðnum en þær eru líka til sölu."

Spurður hvort markaður sé fyrir gamlar bækur segir Ari Gísli: „Já, fólk, ekki síst konur, safnar bókum og unga fólkið kaupir bækur."

„Stærsta breytingin á húsnæðinu er að búið er að smíða tónleikapall og koma fyrir flygli," segir Garðar. „Tónleikar verða á kvöldin og selt verður inn á þá. Tónlistarmenn hafa sýnt þessu mikinn áhuga og fullbókað er í júní og ég held að einn dagur sé laus í júlí. Félagar í Sinfóníunni hafa stofnað Kammerklúbb Bókabúðar Máls og menningar og leika hér á laugardögum í júní og eitthvað í sumar. Síðan verða alls konar uppákomur, ljóðalestur, uppistand og fleira. Þegar er búið að panta tíu atburði í desember."



Tugþúsundir bóka fylla húsið og gæða það sjarma. Tónleikapallur og flygill eru á annarri hæðinni.

> Það virðist vera gríðarlegur áhugi og meðbyr og mikil stemning í kringum þessa opnun.

Kaffihús er vitanlega á staðnum og myndir á veggjum, þar á meðal eftir Tolla, eru til sölu.

Vikurnar áður en staðurinn var opnaður varð vart við mikla eftirvæntingu og forvitni vegfarenda á Laugaveginum. Fólk lá á gluggum og kíkti inn. „Ég hef tvisvar þurft að þvo gluggana út af kámi," segir Garðar. Einhverjir fengu að líta inn í eins konar foropnun, þar á meðal Anna Einarsdóttir, sem afgreiddi í Máli og menningu í hálfa öld. „Ég er búinn að lofa henni því að hér verði endurfundir starfsfólks Máls og menningar," segir Garðar.

„Það virðist vera gríðarlegur áhugi og meðbyr og mikil stemning í kringum þessa opnun," segir Ari Gísli. Opið er frá 11.00 til 23.00 alla daga og bókabúðin er opin frá 11.00 til 18.00. ■





Laugardagur

Hringbraut

19.00 Heima er bezt (e) Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
19.30 Á Meistaravöllum Gamlir og nýir KR-ingar láta gamminn geisa um félagið sitt.
20.00 Saga og samfélag (e) Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
20.30 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Rán - Rún
07.21 Poppý kisukló
07.32 Lundaklettur
07.39 Tölukubbar
07.44 Eðlukrúttin
07.55 Bubbi byggir
08.06 Millý spyr
08.13 Unnar og vinur
08.35 Stuðboltarnir
08.46 Hvolpasveitin
09.09 Grettir
09.21 Söguspilið
09.45 Húllumhæ
10.00 Ísland. bíóland - Íslenska kvikmyndasumarið Saga íslenskra kvikmynda
11.00 Kiljan
11.40 Landinn 11. apríl 2021
12.10 Moldvarpan
13.15 Auðhyggjan alltumlykjandi - Peningar
14.00 Einmana á miðjum aldri
14.30 Af fingrum fram Bragi Valdimar Skúlason
15.20 Njósnir, lygar og fjölskyldubönd
16.30 Venjulegt brjálæði - Með lífið að veði
17.10 Músíkmolar
17.20 99% norsk
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn Jamie
18.29 Herra Bean
18.40 Hjá dýralækninum
18.45 Landakort Nostalgíuferð á Land Rover
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Skólahreysti Bein útsending frá úrslitum í Skólahreysti. Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda. Umsjón: Helga Margrét Höskuldsdóttir og Gunnar Birgisson.
21.05 Miðnætursól Midnight Sun
22.35 Men in Black I Svartstakkar
00.10 Nærmyndir - Hönd Guðs Talking heads. The Hand of God
00.50 Mexíkó - Ísland Bein útsending frá landsleik í fótbolta karla.
02.55 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

08.25 LPGA Tour Útsending frá Bank Of Hope Match Play.
11.30 European Tour Bein útsending frá Made in Himmerland.
16.00 PGA Special. Bubba Watson and Friends Match
18.00 PGA Tour Bein útsending frá Charles Schwab Challenge.
23.05 Champions Tour Highlights

Sjónvarp Símans

06.00 Síminn + Spotify
11.15 The Block
12.20 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
13.20 Gudjohnsen
14.00 Líf kviknar
14.30 Trúnó Viðtalsþáttur þar sem rætt er við íslenska tónlistarmenn um lífið og listina.
15.00 Kokkaflakk
15.30 Meikar ekki sens
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Lifum lengur
18.05 Með Loga
19.05 The Block
20.10 The Sun Is Also a Star
21.50 The Zookeeper's Wife
23.55 Starsky and Hutch
01.30 Amundsen
03.30 The Walking Dead
04.15 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Vínill vikunnar
08.00 Morgunfréttir
08.05 Hótel Ísland
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Fólkið í garðinum
11.00 Fréttir
11.03 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Heimskviður
13.15 Gestaboð
14.05 Allir deyja (1 af 4)
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Ógn að ofan
17.00 Þar sem orðunum sleppir Klassíska tímabilið
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar Francesco Cafiso, Rene Thomas, Van Morrison & Georgie Fame and Friends
20.55 Úr gullkistunni Ljóðarabb um Jóhann Sigurjónsson
21.15 Bók vikunnar Meðgönguljóð
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Litla flugan Monica Zetterlund - seinni þáttur
23.00 Vikulokin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

10.35 End of Sentence
12.10 Second Act
13.50 Annie
15.45 End of Sentence
17.20 Second Act
19.00 Annie
21.00 Don't Let Go Hörkuspennandi ráðgáta frá 2019. Jack er mjög náinn bróðurdóttur sinni og þau heyrast reglulega í síma. Einn daginn fær hann hræðilegt símtal frá henni þar sem hún er stödd heima hjá sér en símtalið endar snögglega.
22.40 The Shawshank Redemption
01.00 What Lies Beneath Háspennumynd um fyrirmyndarhjónin Norman og Claire Spencer.

Stöð 2

08.00 Laugardagssögur
08.01 Sögur af svöngum björnum
08.05 Örstutt ævintýri
08.10 Ég er kynlegt kvikindi
08.13 Örstutt ævintýri
08.15 Greinda Brenda
08.19 Börn sem bjarga heiminum
08.20 Lærum og leikum með hljóðin
08.25 Vanda og geimveran
08.35 Monsurnar
08.45 Ella Bella Bingó
08.55 Víkingurinn Viggó
09.05 Blíða og Blær
09.25 Latibær
09.40 Dagur Diðrik
10.00 Leikfélag Esóps
10.10 Mia og ég
10.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.55 Angry Birds Stella
11.05 Angelo ræður
11.10 Denver síðasta risaeðlan
11.25 Hunter Street
11.45 Friends
12.15 Bold and the Beautiful
13.15 Bold and the Beautiful
13.40 Schitt's Creek
14.45 Schitt's Creek
15.10 The Great British Bake Off
16.05 GYM
16.35 Heimsókn
17.05 The Greatest Dancer
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.53 Lottó
18.55 Impractical Jokers
19.15 Swimming for Gold
20.50 The Big Lebowski
22.45 John Wick. Chapter 3 - Parabellum
00.50 Hurricane
02.35 Friends
03.05 Schitt's Creek
03.25 Schitt's Creek
03.50 Schitt's Creek
04.10 Schitt's Creek

Stöð 2 Sport

08.45 Seinni bylgjan - karla
10.10 Dominos Körfuboltakvöld
11.20 Valur - KR Útsending frá leik í Dominos deild karla.
13.00 FH - ÍBV Útsending frá leik í Olís deild karla.
14.30 Pepsi Max Upphitun fyrir leik dagsins í Pepsi Max deild karla.
14.50 Valur - Víkingur R. Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
17.00 Pepsi Max Stúkan
18.00 Valur - KR
19.40 Afturelding - Valur Útsending frá leik í Olís deild karla.
21.05 KA/Þór - ÍBV Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
22.30 Fram - Valur
23.55 Seinni bylgjan - karla

Stöð 2 Sport 2

08.15 Bologna - Juventus
10.00 Fótboltinn og kórónuveiran
10.55 AIK - Rosengård Bein útsending frá leik í sænsku úrvalsdeildinni.
13.00 Serie A Full Impact
13.45 Brentford - Swansea Bein útsending frá úrslitaleik í ensku 1. deildinni.
16.25 Villarreal - Manchester United
18.00 Meistaradeildin - upphitun
18.50 Manchester City - Chelsea Bein útsending frá úrslitaleik í Meistaradeild Evrópu.
21.00 Meistaradeildarmörkin
21.50 AIK - Rosengård
23.35 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar

Garndagar

27. maí - 7. júní



Sunnudagur

Hringbraut

18.30 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum
19.30 Leiðtoginn með Jóni G. Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi.
20.00 Sir Arnar Gauti (e) Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta.

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Refurinn Pablo
07.21 Hið mikla Bé
07.43 Poppý kisukló
07.54 Kúlugúbbarnir
08.17 Klingjur
08.28 Kátur
08.30 Hvolpasveitin
08.53 Hrúturinn Hreinn
09.00 Úmísúmí
09.23 Robbi og Skrímsli
09.44 Eldhugar
09.49 Sjóræningjarnir í næsta húsi
10.00 Dýrleg vinátta
11.00 Silfrið
12.15 Skólahreysti Úrslit
13.35 Popp- og rokksaga Íslands Upphófst ferlegur larmur
14.35 Af fingrum fram Hafdís Huld
15.20 Ljótu hálfvitarnir
16.00 Mega karlar syrgja hárið?
16.25 Tónaflóð um landið Norðurland
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Söguspilið
18.25 Menningin - samantekt
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Vigdís Finnbogadóttir Marinella Arnórsdóttir, rithöfundur og bókmenntafræðingur, og Halla Oddný Magnúsdóttir, viðburða- og skipulagsstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, ræða við Vigdísi um uppvaxtarár hennar og námsár í Frakklandi.
20.20 Við Us
21.25 Karlakórinn Hekla
23.00 Inn í algleymið Du forsvinder
00.50 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

08.25 LPGA Tour Útsending frá Bank Of Hope Match Play.
11.30 European Tour Bein útsending frá Made in Himmerland.
16.00 2021 PLAYERS Official Film
17.00 PGA Tour Bein útsending frá Charles Schwab Challenge.
22.30 LPGA Tour Bein útsending frá Bank Of Hope Match Play.

Sjónvarp Símans

06.00 Síminn + Spotify
11.15 The Block
12.20 Dr. Phil
13.05 Dr. Phil
13.50 Dr. Phil
14.35 Dr. Phil
15.20 Dr. Phil
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Ný sýn Ný íslensk þáttaröð þar sem Hugrún Halldórsdóttir hittir þjóðþekkta Íslendinga sem hafa staðið frammi fyrir kaflaskilum í lífi sínu.
18.05 Með Loga
19.05 The Block
20.10 Gudjohnsen
20.50 This Is Us
21.40 Black Monday
22.15 Gangs of London
23.15 Penny Dreadful. City of Angels
00.15 Love Island
01.10 Ray Donovan
02.00 Blue Bloods
02.45 Seal Team
03.30 Motherland. Fort Salem Þáttaröð sem á að gerast í framtíðinni.
04.15 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Hringsól Um Palestínu
08.00 Morgunfréttir
08.05 Á tónsviðinu
09.00 Fréttir
09.03 Svona er þetta
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.16 Bók vikunnar
11.00 Guðsþjónusta í Hafnarfjarðarkirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Sögur af landi
14.00 Víðsjá
15.00 Lestin
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Úr tónlistarlífinu. Tvær kúnstpásur
17.25 Orð af orði
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Fólkið í garðinum (2 af 6)
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óskastundin
19.40Hótel Ísland (2 af 2)
20.35 Gestaboð
21.30 Úr gullkistunni Kvöldstund heima hjá Agli
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Á reki með KK
23.10 Frjálsar hendur
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

11.10 Nancy Drew and the Hidden Staircase
12.40 Date Night
14.05 Bridget Jones's Baby
16.05 Nancy Drew and the Hidden Staircase
17.30 Date Night
19.00 Bridget Jones's Baby
21.00 Sorry to Bother You
22.45 Braven
00.20 Blindspotting
01.50 Sorry to Bother You

Stöð 2

08.00 Uppskriftir fyrir svanga birni
08.02 Laugardagsklúbburinn
08.05 Rita og krókódíll
08.10 Regnbogasögur
08.12 Ég er fiskur
08.14 Örstutt ævintýri
08.16 Ást er ást
08.19 Blíða og Blær
08.40 Monsurnar
08.50 Víkingurinn Viggó
09.00 Adda klóka
09.25 Mörgæsirnar
09.45 Lukku láki
10.10 Ævintýri Tinna
10.35 Mia og ég
10.55 It's Pony
11.25 Angry Birds Stella
12.15 Nágrannar
13.20 Nágrannar
13.45 Planet Child
14.35 Impractical Jokers
14.55 Dagbók Urriða
15.25 Stofuhiti
15.55 Flipping Exes
16.50 60 Minutes
17.35 Víglínan
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.50 Ísland í dag
19.00 GYM
19.30 Race Across the World
20.35 Mr. Mayor
21.00 We Are Who We Are
22.00 Brave New World
22.40 C.B. Strike. Lethal White
23.40 Queen Sugar
00.25 Wentworth
01.10 Wentworth
02.00 Empire
02.40 Empire
03.25 Top 20 Funniest
04.05 Impractical Jokers

Stöð 2 Sport

08.00 Pepsi Max Stúkan
08.55 Valur - Víkingur R. Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
10.35 KA/Þór - ÍBV Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
12.00 Valur - Haukar Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
13.40 Valur - KR Útsending frá leik í Dominos deild karla.
15.20 Fram - Valur Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
16.45 Valur - Víkingur R.
18.30 Pepsi Max Upphitun
19.05 FH - Keflavík Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
21.15 Pepsi Max Stúkan
22.30 KA/Þór - ÍBV
23.55 Topp 5

Stöð 2 Sport 2

08.05 Meistaradeildarmörkin
08.35 AIK - Rosengård
10.20 Brentford - Swansea
12.00 Manchester City - Chelsea
13.45 Blackpool - Lincoln City Bein útsending frá úrslitaleik í ensku C - deildinni.
15.50 Serie A End of Season Review
16.50 Portland Trailblazers - Denver Nuggets
19.30 LA Lakers - Phoenix Suns Bein útsending.
22.35 Blackpool - Lincoln City

Mánudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Atvinnulífið Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfsemi þeirra.
19.30 Heima er bezt Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
20.00 Lengjumörkin Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Atvinnulífið (e)
21.30 Heima er bezt (e)

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Gönguleiðir Hólar í Hjaltadal
11.30 Toppstöðin
12.20 Spaugstofan 2009-2010
12.45 Gettu betur - Stjörnustríð Embættismannaskólinn - Sunnudagaskólinn
14.00 Silfrið
15.05 Hvað hrjáir þig? Hva feiler det deg?
15.50 Holland - Frakkland Bein útsending frá leik í 8-liða úrslitum á EM U21 karla í fótbolta.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Poppý kisukló
18.12 Loðmundur
18.19 Skotti og Fló
18.26 Lestrarhvutti
18.33 Stuðboltarnir
18.44 Nellý og Nóra
18.45 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Hvað getum við gert? Hver ber ábyrgð?
20.10 Undur veraldar Earth's Natural Wonders II
21.10 Sáttasemjarinn Peacemaker
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Sagan í heimakvikmyndum 1968 mm
23.15 Afdrifarík kynni af R. Kelly Surviving R. Kelly Heimildarþáttaröð í sex hlutum um ofbeldi tónlistarmannsins R. Kelly gegn konum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
00.15 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

07.00 PGA Tour Útsending frá Charles Schwab Challenge.
10.00 PGA Tour Útsending frá Charles Schwab Challenge.
13.00 PGA Tour Útsending frá Charles Schwab Challenge.
18.00 PGA Highlights
18.55 PGA Tour Útsending frá Charles Schwab Challenge.

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Life Unexpected
15.50 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Lambið og miðin
20.40 Love Life
21.15 Blue Bloods
22.05 Seal Team
22.50 Motherland. Fort Salem
23.35 The Late Late Show
00.20 Love Island
01.15 Ray Donovan
02.05 Younger
02.30 FBI
03.15 Hightown
04.10 Pose

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur Lög úr SKT keppninni - fyrsti hluti
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Hringsól Um Palestínu
15.00 Fréttir
15.03 Orð um bækur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakiljan Fjallaverksmiðja Íslands
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Njáls saga (13 af 29)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

08.45 Spider-Man. Into the Spider Verse
10.35 Phantom of the Opera
12.55 My Cousin Vinny
14.50 Spider-Man. Into the Spider Verse
16.45 Phantom of the Opera
19.00 My Cousin Vinny
21.00 Captain Phillips
23.10 King of Thieves Glæpamynd af
00.55 Godzilla. King of the Monsters
03.00 Captain Phillips

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.20 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 One Born Every Minute
10.55 Brother vs. Brother
11.35 Golfarinn
12.05 Last Man Standing
12.35 Nágrannar
12.55 The Goldbergs
13.15 Óbyggðirnar kalla
13.40 Modern Family
14.20 Manifest
15.05 Last Man Standing
15.30 Beauty Laid Bare
16.15 First Dates
17.05 Fréttaþáttur EM
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Stofuhiti
19.40 Flipping Exes
20.20 All Rise
21.10 The Bold Type
22.00 Queen Sugar
22.45 60 Minutes
23.30 Citizen Rose
00.15 Magnum P.I.
01.00 The Red Line
01.40 A Black Lady Sketch Show
02.05 Grey's Anatomy
02.50 The O.C.
03.30 The Goldbergs
03.55 Grey's Anatomy
04.35 The O.C.

Stöð 2 Sport

09.00 Dominos Körfuboltakvöld kvenna
09.40 Pepsi Max Stúkan
10.10 Afturelding - Valur Olís deild karla.
11:40 Halldór Helgason
12:15 FH - ÍBV Olís deild karla.
13:40 Valur - Breiðablik Pepsi Max deild kvenna.
15:20 Heiðar Logi Elíasson
15:45 Manstu 2
16:20 KR - ÍA Pepsi Max deild karla.
18:00 Haukar - Valur Dominos deild kvenna.
19:45 Dominos Körfuboltakvöld - Upphitun
20:10 Leikur í 4-liða Dominos deild karla.
22:00 Dominos Körfuboltakvöld
23:15 ÍBV - FH Olís deild karla.

Stöð 2 Sport 2

07.30 Chelsea - Barcelona Meistaradeild Evrópu kvenna.
09.15 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar
10.20 Blackpool - Lincoln City
12.00 Villarreal - Manchester United
13.45 Morecambe - Newport Bein útsending frá úrslitaleik í ensku D - deildinni.
16.20 Portland Trailblazers - Denver Nuggets
19.05 Breiðablik - Tindastóll Bein útsending frá leik í Mjólkurbikar kvenna.
21.10 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
21.35 LA Lakers - Phoenix Suns
00.05 Blackpool - Lincoln City

Nýr Kia Sportage Black Edition.



Movement that inspires

Kia Sportage er nú fáanlegur í nýrri útgáfu, Black Edition. Í Black Edition færð þú svartan útlitspakka með 17" svörtum álfelgum, fjórhjóladrif, mikla dráttargetu og lyklalaust aðgengi og ræsingu.

Kia Sportage kemur að sjálfsögðu hlaðinn öryggis- og tæknibúnaði Kia sem gerir ferðalagið þægilegt og öruggt.

Komdu og reynsluaktu. Opið í dag frá kl. 12-16.
Við tökum vel á móti þér.

Kia Sportage Black Edition verð frá:

6.990.777 kr.

1.6 dísil MHEV, 4WD, 7 þrepa sjálfskipting, 136 hö, eyðsla frá 5.1 L/100 km

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánar á askja.is/hledslulausnir

7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

*Frá upphafi ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

Ófullkomleikinn er fallegur

Brynhildur og Friðrik, sem skipa hljómsveitina Kvikindi, tileinka lagið Okei og myndbandið við það minningu Elísabetar Segler Guðbjörnsdóttur, vinkonu Brynhildar, sem svipti sig lífi í kjölfar þess að nauðgunarkæra hennar var látin niður falla.

steingerdur@frettabladid.is



Brynhildur og Friðrik, sem stofnuðu Kvikindi 2019, fengu aðstoð vina sinna til að velja nafn á bandið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í síðustu viku kom út lagið Okei með hljómsveitinni Kvikindi og á fimmtudeginum var myndband við það frumsýnt í Bíó Paradís. Hljómsveitina skipa Brynhildur Karlsdóttir og Friðrik Margrétar-Guðmundsson. Brynhildur vakti fyrst athygli sem söngkona hljómsveitarinnar Hormóna, sem sigraði Músíktilraunir 2016.

„Svo er ég útskrifaður sviðshöfundur og hef mikið starfað innan leikhússins sem aðstoðarleikstjóri, leikstjóri, danshöfundur og fleira. Ég á djúpar rætur í leikhúsinu þar sem pabbi minn er leikari með meiru svo ég ólst mikið upp í leikhúsi, í stúdíóum og á leiksýningum sem ég tel hafa mótað mig mikið. Þessa dagana er ég mest að einbeita mér að Kvikindi, að semja, gefa út lög og stækka þann heim sem Kvikindi er," útskýrir Brynhildur.

„Ég útskrifaðist úr tónsmíðum frá LHÍ árið 2017 og hef síðan þá unnið sem tónskáld og útvarpsmaður á Rás 1. Ólíkt Brynhildi kem ég ekki úr listafjölskyldu og það þykir mörgum hin mesta furða að ég hafi valið mér þann starfsvettvang," segir Friðrik, sem hefur spilað á píanó frá unga aldri. Hann fór svo í tónsmíðar í LHÍ. „Þar fann ég mig mest í að semja tónlist fyrir leikhús og það er þannig sem ég og Brynhildur kynntumst. Eftir útskrift samdi ég nokkur verk fyrir kóra og hljóðfærahópa meðfram því að útsetja fyrir aðra."

Eru með skýr markmið

Brynhildur byrjaði einnig sem barn að læra á píanó.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tónlist og elska að kynnast nýrri tónlist og hlusta á mismunandi tónlist en áhuginn á því að semja og koma fram byrjaði þegar ég var um tvítugt. Þá stofnuðu ég og vinir mínir pönkhljómsveit og kepptum í Músíktilraunum. Eiginlega var þetta mönun á okkur sjálf að hætta að tala um hlutina og bara framkvæma. Ekkert okkar hafði mikla reynslu á það hljóðfæri sem við spiluðum á. Núna er öll mín athygli beind að Kvikindi. Mér finnst við Frikki vera með mjög skýr markmið og stefnu. Okkur langar að verða rík og fræg," segir hún og hlær.

> Textarnir eru skrifaðir út frá minni reynslu og kannski dálítið átakanlegir, allavega var oft erfitt að flytja þá.
>
> Brynhildur Karlsdóttir.

Engar reglur

Nú komið þið úr ólíkum tónlistarlegum bakgrunni, hvernig gengur að tvinna þetta saman hjá ykkur?

„Það gengur bara ágætlega, held ég. Við erum búin að semja fullt af lögum sem eru langt komin og hvert er öðru ólíkara. Stundum er best að reyna að skilja eftir væntingar um hvernig lög „eigi að verða" og leyfa sér bara að gera hvað sem er. Það eru engar reglur og okkur finnst það langskemmtilegast," svarar Friðrik.

Textar Hormóna vöktu athygli, þar sem Brynhildur var óhrædd við að syngja um átakanleg málefni.

„Í Hormónum skrifaði ég texta um afleiðingar kynferðisofbeldis, um ofbeldissamband og um að vera kynsvelt kona. Textarnir eru skrifaðir út frá minni reynslu og kannski dálítið átakanlegir, allavega var oft erfitt að flytja þá."

Þurfum öll stuðning

Brynhildur segir að lagið Okei fjalli um hennar eigin upplifun á því að leita sér hjálpar.

„Að finna fyrir pressu að vera ókei þegar ég er það ekki. Ég hef gengið í gegnum dimm tímabil í mínu lífi þar sem ég hefði þurft einhvern stuðning og utanumhald sem mér fannst ég ekki fá. En öllum fannst ég vera ókei, ég leit út fyrir að vera hress og það er erfitt að viðurkenna að einhver sem maður elskar sé á vondum stað, hvað þá að viðurkenna það fyrir sjálfum sér. Við erum öll ekki alveg ókei, ef ókei er viðmiðið að vera með allt á hreinu, og það er ekkert vandræðalegt eða eitthvað sem þarf að hvísla og ófullkomleiki er fallegur," útskýrir hún.

Friðrik segir þau hafa verið nokkuð blaut á bak við eyrun þegar kemur að kvikmyndagerð þegar þau hófu gerð myndbandsins.

„En sem betur fer vorum við með rosalega gott listrænt teymi, Þorra Líndal kvikmyndagerðarmann og Katrínu Guðbjartsdóttur, sem sá um búninga og förðun. Fjölnir Gíslason sá um leikstjórn. Við stöndum í þakkarskuld við þau öll, þau lögðu blóð, svita og tár í þetta myndband og það sést á útkomunni."

Erfiðast að missa Elísabetu

Brynhildur tileinkar lagið og myndbandið vinkonu sinni, Elísabetu Segler Guðbjörnsdóttur. Hún svipti sig lífi eftir að hafa ítrekað verið vísað frá geðdeild, í kjölfar þess að kæra hennar fyrir nauðgun var látin niður falla.

„Elísabet var fallegasta og einstakasta manneskja sem ég hef kynnst. Við kynntumst á fyrsta árinu okkar í MH og vorum óaðskiljanlegar eftir það. Við áttum stóran þátt í að móta hvor aðra. Það að missa hana er það allra erfiðasta sem ég hef gengið í gegnum. Við að missa hana missti ég líka stóran part af sjálfri mér, af minni sögu og það sem gerir mig að mér," segir Brynhildur.

Brynhildur segist hafa verið ótrúlega týnd eftir að hafa misst Elísabetu.

„Ég vissi ekkert hvert ég ætti að leita eða hvað ég ætti að gera við mig. Þegar maður elskar einhvern svona mikið held ég að maður ósjálfrátt líti fram hjá vanlíðan manneskjunnar, allavega finnst mér ég hafa gert það þegar ég lít til baka."

Henni finnst margir hafa brugðist Elísabetu.

„Það sem ég hugsa mest um er að hún kærði nauðgun og málið var fellt niður. Það var virkilega sársaukafullt og ég held að við höfum báðar misst trúna á kerfið og réttlætið eftir það. Mér finnst ég ekki geta tjáð mig of mikið um þá hjálp sem hún fékk eða ekki fékk, en mín upplifun er sú að enginn hafi raunverulega skilið hana og hennar vanda," útskýrir Brynhildur.

Hægt er að hlusta lagið Okei á Spotify. Myndbandið er komið á YouTube. ■

Nánar á frettabladid.is



Hey, Joe!



50% afsláttur til 8. júní í Hafnarfirði!

Við bjóðum vini okkar hjá Joe & The Juice velkomna á **Orkustöðina**, **Reykjavíkurvegi**.
Öll combo og allt kaffi á 50% afslætti til 8. júní. Við hlökkum til að sjá þig!

Lífið í vikunni 23.05.21 29.05.21



Laddi listmálari snýr aftur

Laddi var spenntur í vikunni þegar hann opnaði nýja málverkasýningu eftir tveggja ára hlé. Verkin, sem prýða veggina í Smiðjunni Galleríi við Ármúla 36, dundaði hann sér við á meðan hann beið eftir að heimsfaraldurinn gengi yfir.



Emmsjé Gauti í Eyjum

Aldamótatónleikarnir, skipaðir þeim Birgittu Haukdal, Hreimi Erni, Magna, Einari Ágústi og Gunnari Ólafssyni, munu skemmta á Þjóðhátíð. Emmsjé Gauti mætir einnig spenntur til leiks eftir að hafa þurft að sitja hjá í fyrra þegar faraldurinn gerði út af við hátíðina.



Fjögurra stjörnu álfur

Heimildarmyndin Hálfur álfur fær nú loksins að njóta sín í Bíó Paradís í friði fyrir Covid. Myndin hverfist um ömmu og afa leikstjórans, Trausta og Huldu, sem syngja og kveða lífinu einstakan óð. Óhætt er að mæla með myndinni sem Fréttablaðið gefur ★★★★★



Mario stekkur á striga

Myndlistarmaðurinn Juan lífgaði upp á Hofsvallagötuna með grindverki prýddu íslenskri staðfæringu á tölvuleiknum Super Mario Bros. Almenn ánægja með götulistaverkið er slík að hann býður það nú til sölu á striga og pappír.

DORMA
Láttu drauminn rætast



CANNES
hægindastóll
með skemli

Vandaður, glæsilegur og þægilegur hægindastóll með þykku leðri á slitflötum á sterkum snúningsfæti. Bakhæð: 73 cm. Sethæð: 47 cm. Stærð: 87x75 H: 104 cm.

Fullt verð: 159.900 kr.

Aðeins 135.992 kr.

ÞÚ FINNUR SUMARTILBOÐ DORMA OG NÝJAN BÆKLING Á DORMA.IS



Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



Félagarnir Jón Gunnar Geirdal og Karl Viggó Vigfússon hugsuðu innan svarta kassans þegar þeir smökkuðu sig áfram og þróuðu Djúsí sem þeir ætla að opna í húsnæði Blackbox í Borgartúni um miðjan næsta mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Djúsnum dælt í Borgartúni

Jón Gunnar Geirdal snýr aftur í djúsa- og samlokubransann með opnun veitingastaðarins Djúsí í Borgartúni þar sem hann rekur fyrir flatbökustaðinn Blackbox. Djúsinn mun einnig renna inn á stöðvar N1 enda má merkja aukinn áhuga olíufélaganna á slíkum vökva.

thorarinn@frettabladid.is

Þegar djúsar og samlokur eru annars vegar er ekki komið að tómum kofanum hjá Jóni Gunnari Geirdal sem ruddi slíkum veitingum braut á Íslandi þegar hann stofnaði Lemon fyrir átta árum.

Eftir að hann seldi hlut sinn í Lemon fyrir tveimur árum sneri hann sér að súrdeigspitsum undir merkjum Blackbox en snýr nú aftur á kunnuglegar slóðir með safa- og samlokustaðnum Djúsí sem verður opnaður við hlið Blackbox í Borgartúni um miðjan júní.

„Það er greinileg þörf fyrir djús og samlokur í Borgartúninu og við hjá Blackbox vildum svara því kalli með því að útvíkka þá heildarhugmynd enn frekar með þessari fersku og safaríku viðbót," segir Jón Gunnar og auðheyrt að hann stendur enn undir nafnbótinni frasakóngur Íslands. „Og nú er komið að því að flytja Blackbox erfðaefnið út í samlokur og djúsa með þessum nýja stað, Djúsí by Blackbox."

Sama erfðaefnið

Jón Gunnar segir Blackbox flatbökurnar hafa verið í stöðugri þróun með áherslu á bragðgott súrdeig. „Við höfum til dæmis stækkað vörulínu okkar í Krónunni jafnt og þétt en frá upphafi hefur okkur langað að fara lengra með vörumerkið og Djúsí er þannig hluti af stærra verkefni og kemur inn á þennan markað með háleit markmið um að gera sérlega ljúffengar samlokur og geggjaða djúsa."

> Við erum sannfærðir um að landinn muni fagna þessari viðbót í veitingaflóruna og getum ekki beðið eftir að leyfa öllum að smakka.
>
> Jón Gunnar.

Jón Gunnar bætir við að hann búi að yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu af djúsa- og samlokugeiranum eftir Lemon-árin. „Við þetta bætist svo botnlaus þekking sælkerans og félaga míns, Karls Viggós Vigfússonar, sem kom sterkur inn þegar við vorum að þróa Djúsí."

Máli sínu til stuðnings vindur Jón Gunnar sér síðan í upptalningu á fyrri afrekum Viggós, sem er jafnvígur á súkkulaði og ís. Annars vegar sem einn stofnenda Omnom og Skúbb hins vegar. „Síðan stofnaði hann Blackbox með mér og næst á sælkera-masterclass-dagskránni eru djúsar og samlokur.

Þetta verður öskrandi ferskur bastarður sprottinn upp úr nákvæmlega sömu hugmyndafræði og Blackbox en þótt DNA-ið sé það sama verður þarna skýr aðgreining og önnur einkenni sem fólk mun upplifa."

Djús og olía

Jón Gunnar ætlar ekki að binda Djúsí við Borgartúnið og fram undan er útrás víða um land í samstarfi við olíufélagið N1. „N1 ætlar að opna Djúsí um allt land á sínum helstu stöðvum," segir Jón Gunnar.

Jón Viðar Stefánsson, rekstrarstjóri þjónustustöðva N1, segir fyrirtækið stefna að því að opna Djúsí-staði víða um land á næstu misserum en fyrstu tveir muni opna á landsbyggðinni í sumar. Allt stefnir því í samkeppni olíufélaganna á djúsmarkaði þar sem hugmyndir eru uppi um að opna Lemon-staði á Olísstöðvum.

„Eftir að hafa tekið þátt í þessari þróun frá upphafi með reglulegu smakki erum við komin með frábæra vörulínu sem á það svo sannarlega skilið að fara víða," segir Jón Viðar og bætir við að samlokur og djúsar falli vel að þeirri stefnu fyrirtækisins að auka fjölbreytileika hollra og ferskra veitinga á stöðvum N1.

„Við erum sannfærðir um að landinn muni fagna þessari viðbót í veitingaflóruna og getum ekki beðið eftir að leyfa öllum að smakka," segir Jón Gunnar. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Sumarkort Bláa Lónsins

Hafðu það reglulega notalegt í allt sumar

Sumarkortið veitir einstaklingum og fjölskyldum aðgang að Bláa Lóninu í allt sumar.
Njóttu alls þess sem Bláa Lónið hefur uppá að bjóða.

Við hlökkum til að taka á móti þér!



Nánar á blaalonid.is

BYKO

GÁMASALA!

Þrjár RYOBI vörur á frábæru verði!

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda til 2. júní.

28%

1

Þú sparar:
20.000

Tilboðsverð

Bensínsláttuvél

Fjórgengis OHC vél með drifi og 1,6kW. Sláttubreidd 46cm. 7 þrepa hæðarstilling. 55l. safnpoki.

49.995

7133004344

Almennt verð: 69.995



2

18%

Tilboðsverð

Hekkklippur

18V, ONE+ 60cm hekkklippur með tvöföldu sagarblaði og kolalausum mótor. Klippurnar eru auðveldar í notkun og aðeins 2,5kg án rafhlöðu. Hlíf fylgir með en rafhlaða fylgir ekki.

34.995

7133004906

Almennt verð: 42.995

x0

Þú sparar:
8.000



3

28%

Þú sparar:
10.000

Tilboðsverð

Sláttuorf


Rafhlöðu sláttuorf með 25cm skurðarbreidd. Orfið notar 18v rafhlöður og passa allar rafhlöður úr ONE+ línunni frá RYOBI. Rafhlaða fylgir með (1x1,5ah).


24.995

7133005015

Almennt verð: 34.995

x1





Palmako

Martin garðhús

Einingagarðhús frá Palmako. Flatarmál: 8,4m² Utanmál 2,75x3,44m Hæð að þakbrún: 209cm Hæð að stafni: 267cm Innra rými: 21m3 Heildarþykkt eininga 88mm (70mm grind + 18mm klæðning)

479.995

0291850



Ný sending

schou

EST. 1963

Trampólín

með neti og fótum úr Ø38 mm galvaníseruðu stáli. Hámarksþyngd er 150kg. Hæð trampólínsins er 89cm. Gormarnir eru 140mm að lengd, 3.2mm þykkir og 23,5mm í þvermál.

49.995

88040024





Verslaðu á netinu á byko.is



KENT A century of cycling



26"

Fjallahjól

Takara Jiro 26" fjallahjól með "FatBike" dekkjum, diskabremsum að framan og að aftan og 7 gíra Shimano twist skiptingu.

Nýtt í BYKO

93.995

49620160

KENT A century of cycling



26"

Götuhjól

Crosstour 26" götuhjól með fram og afturbretti, dempara að framan, bögglabera og 21 gíra.

68.995

49620154



Barnahjól 12"

KENT A century of cycling

Barnahjól með hjálpardekkjum og fótbremsu. Til í 2 mismunandi litum með keðjuhlíf. Auðvelt er að taka hjálparadekkin af.

12"

21.995

49620143/059



Barnahjól 16"

KENT A century of cycling

Pro 16" reiðhjól fyrir börn, skærgult á lit. Hjólið hentar vel fyrir börn á aldrinum 4-6 ára. Hjálpardekk fylgja til að hjálpa börnum að læra að hjóla

16"

23.995

49620062A/63A



Nýtt í BYKO

BMX hjól 20"

KENT A century of cycling

Sterkbyggt 20" BMX úr álblöndu með fram og aftur fóthvílum. Caliper fram og aftur bremsur..

20"

34.995

49620145



Fjallahjól 24"

KENT A century of cycling

Northwood Z245. Hjólastellið er úr áli og því mjög létt. Demparar að framan og aftan, 21 gíra "Micro Swift Twist" skipting, stillanlegur hnakkur og fram og aftur handbremsur.

24"

34.995

49620156



Fjallahjól 24"

KENT A century of cycling

Shogun Rock Mountain. Sterkbyggt fjallahjól með 21 gíra skiptingu og dempara að framan og aftan.

24"

47.995

49620149



Fjallahjól 26"

KENT A century of cycling

Sterkbyggt barnahjól með 21 gíra skiptingu og dempara að framan og aftan.

26"

52.995

49620150-1



Á fimmtudögum er opið í timburverslun Breidd til 21:00

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Bakþankar



Margrétar Kristmannsdóttur

Mannorðið, krakkar!

Þessa dagana eru þúsundir ungmenna að útskrifast og hvítu kollarnir áberandi. Sjaldan hafa nýstúdentar verið frelsinu jafnfegnir og í ár því ekki einasta er góð menntun í höfn heldur sér líka fyrir endann á Covid. Lokaárinu, sem átti að einkennast af samveru, glaum og gleði með jafnöldrunum, var að mestu eytt heima – og ekki í langan tíma hefur ein kynslóð fengið ofskammt af samveru við foreldra sína eins og sú sem nú heldur út í lífið.

Þessi ungmenni eru heppin að búa á Íslandi – enda skorum við Íslendingar hátt eða jafnvel efst á flestum alþjóðlegum listum yfir lífsgæði. Og þegar áföll dynja yfir er maður aldrei jafn stoltur af því að tilheyra þessari þjóð en þegar allir leggjast á eitt. En þó að hér sé gott að búa skiljum við þessa kynslóð eftir með risavaxin vandamál sem mín kynslóð hefði átt að leysa eða leita lausna við.

Hér grasserar enn kynbundið ofbeldi – siðferði í íslensku viðskiptalífi er ábótavant – skattsvik eru talin þjóðaríþrótt – við búum við flöktandi örmynt – arðinum af auðlindum er hróplega misskipt – svo ekki sé minnst á umhverfismálin sem munu heltaka líf okkar næstu áratugi.

Sjaldan hefur öflugri kynslóð Íslendinga komið fram og þetta unga fólk mun leysa þau verkefni sem við klúðruðum. En þetta unga fólk þarf að vita að hvern einasta dag skrifa þau í lífsins bók og þegar upp er staðið er orðsporið það eina sem þau taka með sér í gröfina. Peningar geta keypt þægindi en þeir kaupa ekki hamingju. Það skiptir því öllu að vera almennileg manneskja sem horfir sátt í spegil í lok hvers dags. Því ónýtu mannorði geta jafnvel bestu PR-menn landsins ekki bjargað. ■

© Inter IKEA Systems B.V. 2021



TRENSUM spegill **695,-**



SAXBORGA krukkur og bakki **1.990,-/5 í setti**

Nýtt **1.390,-**

SIESJÖN handklæði B100×L150cm

TOFTAN ruslafata **1.990,-**



TOFTAN sápudæla **995,-**

Mín eigin heilsulind

Endurnýjaðu baðherbergið og hversdagsleikann um leið. Dekraðu við þig með notalegum handklæðum eða sloppi, fallegum textíl, hlýlegum skrautmunum og aukahlutum sem koma skipulagi á baðherbergið. Sæktu þér innblástur í baðherbergisbæklinginn okkar eða líttu við í nýja og endurbætta baðherbergisdeild, við tökum vel á móti þér!



BORSÅN baðvog **1.990,-**



Nýtt **SIESJÖN** handklæði B40×L70cm **295,-**



3.990,-

ROCKÅN baðsloppur

BOTAREN stöng fyrir sturtuhengi L70-120cm **695,-**



1.790,-

VATTENSJÖN sturtuhengi



GODMORGON kassi með hólfum **1.990,-**



TAVELÅN bakkar **1.250,-/2 í setti**



ÅBYÅN skrúbbhnoðrar **395,-/3 í pk.**



495,-/stk.

KORNAN handklæði B70×L140cm



TRÄTTEN hárhandklæði **695,-/2 í setti**

Skoðaðu nýja bæklinginn

Skannaðu

VEITINGASTAÐURINN

Á matseðli í maí

Kjúklingalæri með frönskum og hrásalati **995,-**



Fiskispjót með bakaðri sætri kartöflu, maísstöngli og hvítlaukssósu **995,-**



Verslun opin 11-20 – **IKEA.is** – Veitingasvið opið 10:30-20

IKEA